**BERGLIND HALLA ELFUDÓTTIR**

*Býr til skartgripi úr plexígleri*

• tíska

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**STRIGASKÓR**

*Flottir, sígildir, þægilegir og umhverfisvænir*

Sérblað um strigaskó

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. ágúst 2009 — 184. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**



**Sigursælir í boltanum**

Örvar úr múm og félagar úr KF Mjöðm gera það gott í utandeildinni í fótbolta.

FÓLK 42

**Löglegt graffítí**



Minna er um ólöglegt veggjakrot í Hafnarfirði eftir átaksverkefni sem bærinn hleypti af stokkunum.

TÍMAMÓT 20

**Í röngu liði?**

„Ríkisstjórnin hefur ekki hirt um að marka sér skýra stöðu við hlið fólksins í landinu gegn ábyrgðarmönnum hrunsins“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 16



**Afmælissigur Þróttar**

Þróttur fagnaði 60 ára afmæli með því að vinna lífsnauðsynlegan sigur á Fjölni í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

**VEÐRIÐ Í DAG**




**FLOTT FYRIR NORÐAN** Í dag verða víðast suðaustan 5-10 m/s. Rigning eða skúrir, einkum á suðurhluta landsins en yfirleitt bjart veður norðan og norðaustanlands. Hiti 12-20 stig, hlýjast nyrðra.

VEÐUR 4

# Tíu þúsund gætu flúið land

**Allt að tíu þúsund gætu flutt úr landi vegna efnahagsþrenginga að mati prófessors í félagsfræði. Blóðtaka en ekki reiðarslag. Fólksfækkun yfirleitt ávísun á samdrátt í landsframleiðslu segir prófessor í hagsögu.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Allt að tíu þúsund manns gætu flutt úr landi á næstu árum umfram þá sem flytjast til landsins vegna kreppunnar að mati Stefáns Ólafssonar, prófessors í félagsfræði við Háskóla Íslands. Þetta byggir hann á samanburði við fólksflutninga vegna efnahagsþrenginga á 10. áratugnum og spám um atvinnuleysi. Aukin skuldabyrði gæti orðið til þess að enn fleiri flyttu úr landi.

Stefán segir að þótt þetta væri vissulega blóðtaka fyrir íslenskt samfélag væri þetta ekki reiðarslag. „Íslenskt samfélag myndi vel þola að missa um þrjú prósent af fólksfjöldanum. Ætli það megi ekki miða sársaukamörkin við fimm prósent af íbúafjöldanum [um 16 þúsund manns], þá færum við að finna nokkuð fyrir fólksflutningunum.“

Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Icesave-skuldbindingarnar kemur fram að skuldabyrði landsmanna myndi þyngjast ef fólk flytti úr landi í stórum stíl. Trúlegt sé að margir Íslendingar flytji úr landi á næstu árum en erfitt sé að meta fjöldann fyrirfram.

Guðmundur Jónsson, prófessor í hagsögu, tekur undir viðvaranir Hagfræðistofnunar um fólksflótta og segir rétt að stjórnvöld hafi þær í huga. „Fólksflutningar þýða alla jafna að það dregur úr landsframleiðslu, það er yfirleitt beint samhengi þar á milli. Það gæti þó líka orðið framleiðsluaukning á hvern mann, til dæmis ef það fækkar í ofmönnuðum atvinnuvegum. Þess vegna er rétti samanburðurinn að líta á landsframleiðslu miðað við höfðatölu ef ætlunin er að kanna raunverulegar breytingar á lífskjörum.“

Guðmundur segir tvö tímabil á lýðveldistímanum hafa verið erfið á Íslandi vegna fólksflutninga. Sex til sjö þúsund manns hafi flutt úr landi 1968 til 1970 eftir að síldveiðar hrundu og á fimmta þúsund manns hafi flutt á samdráttartímabili á 10. áratugarins. Reynsla þessara ára sýni að þótt að efnahagsástand batni taki það tíma að draga úr atvinnuleysi og stemma stigu við fólksflutningum. Að þessu verði stjórnvöld að huga á næstu misserum.

- bs / sjá síðu 4




**LÉTTIR Á FÆTI** Þeir voru léttir á fæti, félagarnir Dagur Benedikt Reynisson og hundurinn hans Bjartur, þegar þeir skunduðu upp Barónsstíginn í gærdag. Í lok nítjándu aldar var blómlegt dýralíf við götuna því þar reisti baróninn á Hvítárvöllum stórt fjós. Í dag hýsir gamla fjósið verslunina 10/11. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Áætlun Seðlabankans:

## Tvö til þrjú ár í fullt haftaleysi

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar geta verið lausir við gjaldeyrishöft eftir tvö til þrjú ár, að mati Sveins Haralds Øygard seðlabankastjóra. Lausleg áætlun um afnám haftanna var kynnt í gær.

Engar tímasetningar er að finna í áætluninni, fyrir utan að stefnt er að því að fyrsti þáttur áætlunarinnar komi til framkvæmda nokkru fyrir 1. nóvember. Í honum felst að losað verður um höft á innstreymi fjármagns, sem þýðir að erlendar fjárfestingar verða aftur mögulegar.



SVEIN HARALD ØYGARD

Franek Rozwadowski, sendifulltrúi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sagði í samtali við Reuters-fréttastofuna fyrir fundinn í gær að endurreisn bankanna og stækkun gjaldeyrisvaraforðans stæði í vegi fyrir afnámi haftanna. Það er í samræmi við það sem fram kom á fundinum.

- sh / sjá síðu 6

Áfram er unnið að sem víðtækustum stuðningi við Icesave-frumvarpið:

# Enn rík óánægja með Icesave

**STJÓRNMÁL** Ekkert samkomulag er í höfn á meðal stjórnarflokkanna um afgreiðslu frumvarps um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninganna. Heimildir Fréttablaðsins herma að frétt Ríkisútvarpsins í gær um hið gagnstæða hafi farið illa í andstæðinga samningsins í röðum stjórnarliða.

Meirihluti fjárlaganefndar fundaði í gær með þeim sem gagnrýnastir hafa verið á frumvarpið.

Heimildir Fréttablaðsins herma að enn sé stefnt að því að ná samstöðu með stjórnarandstöðunni; raunar leggi hörðustu andstæðingar innan Vinstri grænna ríka áherslu á það. Heimildir innan Sjálfstæðisflokksins segja að mögulega gæti flokkurinn stutt frumvarpið, ef hann komi að því að semja fyrirvarana. Minni líkur eru á stuðningi hinna stjórnarandstöðuflokkanna.

Fjárlaganefnd hefur fundað alla vikuna og stefnt er að fundi í dag. Nefndin mun ekki afgreiða málið fyrr en í fyrsta lagi í næstu viku. Ljóst er að andstaðan við frumvarpið hefur ekki minnkað, þvert á móti. Það er því ólíklegt að það njóti þingmeirihluta nema þeir fyrirvarar sem settir verða við það verði mjög afgerandi.

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft að hefja þegar viðræður við Breta og Hollendinga vegna þeirrar óánægju sem er með samninginn á Alþingi. Um þá leið er þó engin sátt.

- kóp










## SPURNING DAGSINS



*Nanna, bjóðið þið nokkuð upp á séríslenskar lánveitingar?*

„Já, en bara Bretum og Hollendingum.“

Á Víkinni Safnakaffihúsi, sem nýlega opnaði á Sjóminjasafni Reykjavíkur, er lögð áhersla á að bjóða upp á íslenskar veitingar með kaffinu. Nanna Guðmundsdóttir, er starfsmaður Sjóminjasafnsins.

Fjórir ungir menn lausir úr einangrun en rannsókn heldur áfram:

# Fjársvikurum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Fjórum ungum mönnum sem setið hafa í gæsluvarðhaldi grunaðir um stórfelld fjársvik var sleppt úr haldi í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykja rannsóknarhagsmunir ekki krefjast þess lengur að þeir sitji inni. Rannsókn málsins stendur þó enn yfir.

Tveir mannanna voru handteknir fyrir rúmum tveimur vikum og hinir tveir um viku síðar við komuna frá Malaga á Spáni. Þeir hafa allir setið í einangrun frá handtökunni.

Mennirnir fjórir eru taldir hafa blekkt þrjár ríkisstofnanir – fyrirtækjaskrá, Sýslumanninn í Reykjavík og Íbúðalánasjóð – með því að skila inn fölsuðum gögnum til að taka yfir stjórn tveggja hlutafélaga. Þeir hafi síðan sölsað undir sig eignir félaganna og tekið lán hjá Íbúðalánasjóði til kaupa á eignum félaganna, sem síðan var stungið undan.



**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Svikin voru þess eðlis að mennirnir hefðu tæpast getað komist upp með þau. FRÉTTABLAÐIÐ / E. ÓL

Grunur leikur á að mennirnir hafi framkvæmt verkið fyrir hærra setta glæpamenn og hafi verið viðbúnir því að taka skellinn fyrir svikin, enda hafi þau verið þess eðlis að aðeins tímaspursmál hafi verið hvenær þeir næðust. Féð sem stungið var undan nam minnst fimmtíu milljónum og hefur ekki fundist. Talið er líklegt að það hafi runnið til skipulagðrar glæpastarfsemi Íslendinga. - sh

Umferðaróhöpp í Reykjavík:

# Tveir drengir urðu fyrir bíl

**LÖGREGLUFRÉTTIR Ekið var á tvo drengi í Reykjavík í gær. Í báðum tilfellum sluppu drengirnir með minni háttar meiðsl.**

**Ekið var á dreng á Baldursgötu í Reykjavík í hádeginu í gær. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni slapp drengurinn vel og þurfti ekki að leita aðstoðar á slysadeild.**

**Þá var ekið á lítinn dreng við Landakotskirkju rétt fyrir klukkan þrjú í gær. Mun hann hafa hlaupið milli kyrrstæðra bíla út á götu þar sem bíll ók á hann. Drengurinn var fluttur á slysadeild en meiðsl hans reyndust minni háttar.** - kg

Farþegar hjá Lufthansa:

# Fá bætur ef það rignir í fríinu

**ÞÝSKALAND** Farþegar sem ferðast með þýska flugfélaginu Lufthansa geta nú krafið félagið um bætur ef það rignir á þá í fríinu.

Lufthansa hefur heitið því að fyrir hvern dag sem rigning er meiri en fimm millimetrar geti farþegar fengið 20 evrur í bætur. Þetta er hægt að gera fyrir allt að tíu rigningardaga. Ein evra er um 180 íslenskar krónur svo bæturnar eru 3.600 krónur á dag.

Tilboð flugfélagsins gildir á 36 áfangastöðum þess. Í sumar ákváðu tvö frönsk flugfélög að bjóða upp á rigningarbætur. - þeb

Hefði ekki fengið gögnin:

# Skattstjóri skoðar lánabókina

**VIÐSKIPTI Ríkisskattstjóri telur ólíklegt að hann hefði eftir hefðbundnun leiðum fengið aðgang að þeim upplýsingum sem fram koma í lánabók Kaupþings sem lekið var á netið. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir ítarlega rannsókn standa yfir á um fjögur hundruð aflandsfélögum í eigu Íslendinga sem tengjast Lúxemborg. Lánayfirlitið sem lak á netið muni nýtast við þá rannsókn, en hægt hafi gengið til þessa að fá sambærileg gögn í hendurnar frá bönkunum eftir hefðbundnum leiðum.** - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Rákust á við framúrakstur

Þrír voru fluttir á slysadeild eftir að tveir bílar rákust saman í Öxnadal í gær. Jeppi með hjólhýsi í eftirdragi reyndi að fara fram úr bíl með kerru. Bílarnir rákust saman og annar þeirra fór út af veginum. Meiðsli fólksins voru minni en á horfðist en jeppinn og hjólhýsið eru gjörónýt.

# Skiptist ekki á orðum við samflokksmenn

**Þráinn Bertelsson efast um heilsu Borgarahreyfingarinnar. Segir þingmenn hreyfingarinnar líta á alla sem fáráðlinga nema sjálfa sig. Kosning þriggja þingmanna hreyfingarinnar gegn ESB-umsókn verður rædd á félagafundi í kvöld.**

**STJÓRNMÁL** „Á sunnudeginum eftir kosninguna héldum við fund þar sem ýmislegt kom fram. Þremenningarnir vöruðu meðal annars við því að Hollendingar hótuðu að standa í vegi fyrir aðildarumsókn ef ekki yrði skrifað undir Icesave, og þeim finnst tilgangurinn helga meðalið í kosningu sinni. Margir innan hreyfingarinnar eru ósammála þeim í því,“ segir Herbert Sveinbjörnsson, formaður Borgarahreyfingarinnar.

Þrír af fjórum þingmönnum Borgarahreyfingar, þau Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Þór Saari, greiddu atkvæði gegn aðildarumsókn að Evrópusambandinu á Alþingi hinn 16. júlí síðastliðinn. Í kjölfarið óskaði stjórn Borgarahreyfingarinnar eftir skýringum á því að þingmennirnir hefðu kosið gegn áður yfirlýstri stefnu hreyfingarinnar. Fram kom í máli stjórnarliða að skýring yrði gefin innan sjö daga. Að sögn Herberts verður málið tekið upp á félagafundi Borgarahreyfingar í kvöld.

Þráinn Bertelsson, sá eini af þingmönnum Borgarahreyfingar sem greiddi atkvæði með aðildarumsókn, segist ekki hafa kallað eftir skýringum á kosningu þremenninganna. „Ég hef ekki verið í neinum samskiptum við þetta ágæta fólk eftir þennan minnisverða dag, þegar þau tóku upp á því að ganga á bak orða sinna. Ég sé ekki ástæðu til að skiptast á orðum við fólk sem ekki er mark takandi á,“ segir Þráinn. Hann segist hafa haft ávinning af því að stjórnin byggist við skýringum á kosningunni. „En svo skildist mér á fréttum frá þeim þremenningum að það væri bara lygi, enda hafa þau þrjú yfirleitt þann háttinn á að líta á alla sem fáráðlinga, nema um þau sjálf sé að ræða,“ segir Þráinn. Hann segist efast um heilsu Borgarahreyfingarinnar en hefur ekki íhugað að hætta starfi í hreyfingunni.



**Í UPPHAFI KOSNINGARBARÁTTU** Þráinn Bertelsson var einn talsmanna Borgarahreyfingarinnar þegar hún kynnti framboð sitt í mars sl. Á myndinni má meðal annars sjá þingmennina Þór Saari lengst til vinstri og Birgittu Jónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Birgitta Jónsdóttir segir kosningu þremenninganna hafa skýrt sig sjálfa, eftir því sem tengingarnar milli Icesave, ESB og AGS urðu kristaltærar. „Ef þetta hefði ekki skýrt sig sjálft hefðum við komið fram með yfirlýsingu, en þess þurfti ekki,“ segir Birgitta Jónsdóttir.

kjartan@frettabladid.is



**Í SÁTT OG SAMLYNDI** Þau þáðu greiðslu fyrir blandað hjónaband. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjónabönd súnnía og sía:

# Minni andúð og fé í boði

**ÍRAK, AP** Hjónaböndum súnnía og sía hefur fjölgað töluvert í Írak á ný, en þeim hafði fækkað mjög meðan átökin milli þessara íslömsku trúflokka voru hvað hörðust fyrir nokkrum misserum.

Gagnkvæm andúð virðist minni en var, en að auki eiga peningagreiðslur sem bjóðast frá stjórnvöldum væntanlega sinn þátt í fjölgun þessara hjónabanda. Hjónin fá tvö þúsund Bandaríkjadali frá hinu opinbera ef þau eru hvort af sinni trúnni. Stjórnvöld hafa auk þess efnt fimmtán sinnum til fjöldabrúðkaupa milli fólks í ólíkum trúflokkum. - gb

Exista um lánabók Kaupþings:

# Segja lánin ekki vera óeðlileg

**VIÐSKIPTI** Exista hafnar því að lán Kaupþings til félagsins, sem birtast í lánabókinni á netinu, séu óeðlilegar. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Exista.

Segir í tilkynningunni að tugir banka hafi lánað Exista með sambærilegum skilmálum og Kaupþing og án veðtrygginga. Félagið hafi dregið úr lánum sínum hjá Kaupþingi árið 2008 og greitt niður alls 20 milljarða lán á síðasta ársfjórðungi fyrir hrunið. Í lok september í fyrra hafi lán frá Kaupþingi numið sextán prósentum heildarfjármögnunarinnar. - sh




LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Ánægja með störf lögreglu eykst lítillega samkvæmt nýlegri viðhorfskönnun:

# Flestir ánægðir með störf lögreglu

**KÖNNUN** Tæp 92 prósent landsmanna eru frekar eða mjög ánægð með störf lögreglunnar, samkvæmt viðhorfskönnun sem lögreglan lét gera í apríl síðastliðnum. Það er nokkru meira en í sambærilegri könnun fyrir árið 2007, þar sem 88 prósent sögðust ánægð. Suðurnesjamenn eru óánægðastir með lögregluna, en þar eru 85 prósent ánægð.

Um 40 prósent þátttakenda í könnuninni telja innbrot vera mesta vandamálið í sínu hverfi eða byggðarlagi, en umferðarlagabrot fylgja þar á eftir með 26 prósent.

Þessu var öfugt farið í síðustu könnun. Eftir sem áður er fíkniefnaneysla í þriðja sætinu, nú nefna hana fimmtán prósent þátttakenda.

Langflestir þátttakendur, eða um 92 prósent, sögðust telja sig frekar eða mjög öruggir að ganga einir í myrkri í sínu hverfi eða byggðarlagi. Hins vegar sögðust yfir 77 prósent mjög eða frekar óörugg þegar þau gengju ein í myrkri eða um nótt í miðbæ Reykjavíkur. Einungis sex prósent töldu sig mjög örugg í miðbænum í myrkri eða á nóttunni.

Könnunin var gerð í apríl og náði til tæplega 3.900 manns á aldrinum 18 til 76 ára um allt land. Þar af svöruðu um 63 prósent könnuninni. - sh



**STÓÐU Í STRÖNGU** Framganga lögreglu í búsáhaldabyltingunni virðist hafa aukið ánægju með hana frekar en hitt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ÚTSÖLU LOK

6.-9. ágúst

Allt að
90%
Afsláttur

## Götumarkaðsstemmning

Komdu og gerðu frábær kaup á allra síðustu dögum útsölunnar í Smáralind.
Útsölunni lýkur á sunnudaginn! Frábær tilboð og algjört verðhrun.

ENNEMM / SÍA / NM38750

OPIÐ Í DAG 11-19

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-19, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

## GENGIÐ 05.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,86 | 125,46 |
| Sterlingspund | 212,11 | 213,15 |
| Evra | 179,66 | 180,66 |
| Dönsk króna | 24,127 | 24,269 |
| Norsk króna | 20,707 | 20,829 |
| Sænsk króna | 17,471 | 17,573 |
| Japanskt jen | 1,3099 | 1,3175 |
| SDR | 195,76 | 196,92 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,4509

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lánayfirlit Kaupþings til rannsóknar hjá opinberri stofnun í Bretlandi:

# Leitar fleiri heimildarmanna

**BRETLAND** Bresk rannsóknarstofnun, sem tekur til meðferðar stór fjársvikamál, rannsakar nú lánayfirlit Kaupþings frá 25. september síðastliðnum, sem birt var á vefsíðunni Wikileaks.org nýverið.

Frá þessu er skýrt í breska dagblaðinu Telegraph í gær. Þar segir einnig að stofnunin, sem heitir Serious Fraud Office, hafi fengið upplýsingar um starfsemi Kaupþings í Bretlandi frá ónafngreindum heimildarmönnum, sem ýmist eru fyrrverandi starfsmenn Kaupþings, fjárfestar eða sparifjáreigendur. Sérstök nefnd hefur verið sett saman innan stofnunarinnar til þess að fara yfir þessi mál.



**KAUPÞING** Upplýsingar úr lánabók bankans gætu orðið vandræðalegar fyrir stærstu viðskiptavini Kaupþings í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Enn fremur hefur stofnunin hvatt fleiri, sem kunna að búa yfir upplýsingum um starfsemi Kaupþings, til þess að hafa samband. Undanfarna mánuði hefur stofnunin beint sjónum sínum að starfsemi íslensku bankanna þriggja, ekki aðeins Kaupþings heldur einnig Glitnis og Landsbankans.

Í frétt dagblaðsins Telegraph segir að upplýsingar úr lánayfirliti Kaupþings hljóti að verða vandræðalegar fyrir suma af stærstu viðskiptavinum bankans, þar á meðal bresku kaupsýslumennina Kevin Stanford og Robert Tchenguiz.

Stofnunin hefur þó ekki viljað fullyrða neitt um hugsanleg lögbrot í tengslum við rekstur Kaupþings í Bretlandi. - gb

Björgunarsveitir kallaðar út:

# Maður slasaðist á fæti í Esjunni

**SLYS Björgunarsveitir voru kallaðar á Esjuna um miðjan dag í gær vegna manns sem hafði að öllum líkindum fótbrotnað þar.**

**Klukkan 16.30 barst björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar tilkynning vegna mannsins, sem hafði hrasað og meitt sig á fæti. Talið var að hann væri fótbrotinn. Veður var gott og björgunarsveitinni gekk vel að ná í manninn. Honum hafði nýlega verið komið á slysadeild þegar Fréttablaðið fór í prentun.**

**Björgunarsveitir voru tvisvar sinnum kallaðar út í síðasta mánuði vegna fólks sem fótbrotnaði í Esjuhlíðum.** - þeb




**BEÐIÐ FRÉTTA** Líkamsræktarstöðin í Bridgeville. NORDICPHOTOS/AFP

Bandarískur byssumaður:

# Myrti konur í líkamsrækt

**BANDARÍKIN, AP** Þrjár konur létu lífið og fimm aðrar særðust alvarlega þegar tæplega fimmtugur maður gekk inn á líkamsræktarstöð í Bridgeville í Pennsylvaníu á þriðjudagskvöld og hóf skotárás. Að lokum beindi hann einni byssunni að sjálfum sér og lét þar lífið.

Morðinginn hét George Sodini, 48 ára maður sem nágrannar segja hafa verið andfélagslegan.

Sodini hélt úti vefsíðu þar sem hann undanfarna níu mánuði hafði lýst áformum sínum um að framkvæma þetta ódæðisverk. Þar kemur einnig fram að hann hafi áður verið að því kominn að láta til skarar skríða, en hætt við. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrettán óku undir áhrifum

Lögregla á Suðurnesjum tók þrettán ökumenn á Reykjanesbrautinni um helgina fyrir akstur undir áhrifum. Þar af voru níu undir áhrifum fíkniefna, en fjórir undir áhrifum áfengis. 48 voru teknir fyrir of hraðan akstur, sá hraðasti var á 150 kílómetra hraða.

# Blóðtaka en ekki reiðarslag

**Fólksflutningar eru alla jafna ávísun á samdrátt í landsframleiðslu, segir prófessor í hagsögu, en grisjun í ofmönnuðum atvinnugreinum gæti minnkað skaðann. Prófessor í félagsfræði telur íslenskt samfélag þola að missa þrjú til fjögur prósent úr landi á jafnmörgum árum en sársaukamörkin væru um fimm prósent.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta eru góðar ábendingar og stjórnvöld verða að hafa þær í huga," segir Guðmundur Jónsson, prófessor í hagsögu við Háskóla Íslands, um skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Icesave-skuldbindingarnar. Þar kemur fram að skuldabyrði landsmanna myndi þyngjast ef fólk flýr land í stórum stíl.

„Fólksfækkun þýðir alla jafna að það dregur úr landsframleiðslu. Það gæti þó líka orðið framleiðsluaukning á hvern mann, til dæmis ef það fækkar í ofmönnuðum atvinnuvegum. Þannig gæti grisjun í vissum atvinnugreinum orðið til þess að landsframleiðsla héldist óbreytt, eða drægist lítið saman, þrátt fyrir fólksfækkun."



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**



**STEFÁN ÓLAFSSON**

Guðmundur segir tvö tímabil í lýðveldissögunni hafa verið Íslendingum sérstaklega erfið vegna atvinnubrests, 1968 til 1970, þegar sex til sjö þúsund manns fluttu úr landi eftir hrun í síldveiðum og samdráttartímabilið 1989 til 1994, þegar á fimmta þúsund manns fluttu úr landi vegna atvinnuleysis.

Frá hagfræðilegu sjónarmiði sé verst að missa fólk á besta vinnualdri, 20 til 50 ára, og menntað fólk úr lykilgreinum, sem erfitt getur verið að fá aftur til landsins. „Efnahagslífið finnur beinlínis fyrir því þegar þetta fólk fer úr landi," segir Guðmundur.

> Efnahagslífið finnur beinlínis fyrir því þegar þetta fólk fer úr landi.
>
> **GUÐMUNDUR JÓNSSON**
> PRÓFESSOR Í HAGSÖGU

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, telur ekki óvarlegt að áætla að allt að tíu þúsund manns eigi eftir að flytja úr landi vegna efnahagskreppunnar. Á 10. áratugnum hafi atvinnuleysi mest verið rúm 5 prósent á ársgrundvelli, um helmingur þess sem spáð er að það eigi eftir að verða nú. Frá 1993 til 1998 hafi 4.600 flust úr landi umfram þá sem fluttust til landsins – um 1,5 prósent af íbúafjöldanum á þeim tíma.

„Miðað við atvinnuleysisspá má gera ráð fyrir að tvöfalt fleiri flytjist burt nú," segir Stefán, „það er á bilinu níu til tíu þúsund manns. Aukin skuldabyrði gæti jafnvel ýtt undir enn frekari brottflutninga ef allt fer á versta veg, en vegna þrenginga í nágrannalöndum okkar myndi ég ekki telja að við séum að horfast í augu við mikið meira en tvöfalt meiri fólksflutninga nú en þá."

Stefán segir þetta vissulega blóðtöku fyrir íslenskt samfélag en þó ekki reiðarslag. „Fjölskyldur myndu vitaskuld sjá á eftir ástvinum sínum en íslenskt samfélag myndi vel þola að missa um þrjú prósent af fólksfjöldanum. Ætli það megi ekki miða sársaukamörkin við um fimm prósent af íbúafjöldanum, þá færum við að finna nokkuð fyrir fólksflutningunum."

**bergsteinn@frettabladid.is**



**BÚSLÓÐIN UM BORÐ** Á 10. áratugnum fluttust 4.600 manns úr landi en atvinnuleysi mældist þá mest rúm fimm prósent á ársgrundvelli. Gert er ráð fyrir tvöfalt meira atvinnuleysi í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FJÓRIR ÓVISSUÞÆTTIR

Í skýrslu Hagfræðistofnunar eru nefndir fjórir fyrirvarar við samanburði á fólksflutningum vegna efnahagsþrenginga fyrr og nú:

- Samdráttur á landsframleiðslu er nú meiri en undanfarna hálfa öld og kaupmáttarrýrnun verður líklega einnig meiri.
- Það ríkir líka kreppa og stöðnun í nágrannalöndum. Fyrir vikið geti verið erfitt fyrir Íslendinga að fá vinnu þar og færri flytji því úr landi en ella myndu.
- Fjöldi útlendinga hefur komið hingað til lands á undanförnum árum, margir hverjir frá löndum þar sem lífskjör eru verri en hér. Óvíst er hversu margir úr þessum hópi myndu hverfa aftur til síns heima þótt verulega harðnaði á dalnum hér á landi.
- Aðild Íslands að EES hefur opnað Íslendingum leið að mun stærri vinnumarkaði en áður. Það þarf að taka með í reikninginn þegar staðan nú er borin saman við kreppur áður en Ísland gekk í EES.




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGIN**
Helgin einkennist af hægviðri og hlýindum en jafnframt nokkurri vætu. Á laugardag verður skúraveður syðra en nyrðra má búast við síðdegisskúrum og það nokkuð myndarlegum á köflum. Á sunnudag verða minni háttar skúrir á víð og dreif um landið. Erfitt að segja nákvæmlega fyrir um hvar skúrirnar lenda en oftar en ekki hanga þær í uppstreymi við fjöll.



**Á MORGUN**
3-8 m/s. Síðdegisskúrir norðanlands.

**Á FÖSTUDAG**
Hæg breytileg átt. Síðdegisskúrir nyrðra.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Amsterdam | 28° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 26° |
| Eindhoven | 28° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 28° |
| Gautaborg | 25° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 25° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Osló | 24° |
| París | 31° |
| Róm | 33° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# útsalan
## hefst í dag

ÚTSALA -30% ÚTSALA -50% ÚTSALA -70%



**25%** AFSLÁTTUR
**Sláttuvélar og sláttuorf**



**25%** AFSLÁTTUR
**Af öllum garðverkfærum**



**35-50%** AFSLÁTTUR
**Skjólgirðingar**
meðan birgðir endast



**15%** AFSLÁTTUR
**Weber grill**

**Mikið úrval af gegnheilum, frostþolnum flísum á frábæru verði.**



**10-70%** AFSLÁTTUR
**Allar flísar**



**15-50%** AFSLÁTTUR
**Af öllum Hreinlætistækjum**

## Aðeins brot af úrvalinu
**einnig ótrúlegt verð**
á rafmagnsverkfærum, handverkfærum, heimilistækjum, parketi, verkfæratöskum, áltröppum, stigum og margt fleira!



**Allt að 65%** AFSLÁTTUR
**Vinnufatnaður og útivistarfatnaður**



**15-70%** AFSLÁTTUR
**Af öllum búsáhöldum**

**Við berjum niður verðið!**

*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að taka þátt í hátíðarhöldum vegna Gay Pride?*

| | |
|---|---|
| Já | 18,3% |
| Nei | 81,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fylgjast með þátttöku íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta á Evrópumótinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Hluta- og skuldabréfaviðskipti í Kauphöllinni jukust í júlí frá því sem var í júní:

# Össur verðmætasta félagið í Kauphöllinni

**VIÐSKIPTI** Össur hf. er verðmætast þeirra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllinni. Markaðsvirði hlutabréfa Össurar nam rúmum 48 milljörðum króna um mánaðamótin. Næst í stærð er Marel en markaðsvirði þess nemur rúmum 31 milljarði króna. Markaðsvirði Færeyjabanka er rúmir 29 milljarðar.

Samanlagt markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöllinni var 192 milljarðar um mánaðamót.

Þessar upplýsingar koma fram í Mánaðaryfirliti Kauphallarinnar.

Hlutabréfaviðskipti í júlí námu tæpum 5.316 milljónum. Viðskiptin voru mun meiri í júlí en í júní á undan þegar veltan nam tæpum 1.600 milljónum. Munar þar mestu um yfirtökutilboð í Alfesca.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 0,25 prósent á milli mánaða og stendur nú í 746,2 stigum.

Kaupþing var með mesta hlutdeild á hlutabréfamarkaði; tæp 90 prósent. Stafar þetta háa hlutfall af umsjón bankans með yfirtökutilboði í Alfesca. Saga Capital og Landsbankinn komu þar á eftir.

Heildarviðskipti með skuldabréf námu tæpum 328 milljörðum í júlí og jukust nokkuð frá júní. Er júlí raunar veltuhæsti mánuður ársins á skuldabréfamarkaði. Viðskipti með ríkisbréf námu alls 198 milljörðum en viðskipti með íbúðarbréf námu 122 milljörðum.

MP banki hafði mesta hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði; eða samtals 33,7 prósent. Íslandsbanki og Landsbankinn komu þar á eftir. **- bþs**



**KAUPHÖLLIN** Viðskipti með skuldabréf upp á 328 milljarða voru gerð í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ný lausn í heimabanka Byrs

Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

**- það er fjárhagsleg heilsa!**

Fjárhagsleg heilsa



**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur á lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu
- Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur
- Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Á AÐ VERA LEIÐINLEGT** Eftir þá gagnrýni að ekkert nýtt hefði komið fram á blaðamannafundinum – hann væri í raun fundur um ekki neitt – sagði Svein Harald Øygard seðlabankastjóri að blaðamannafundir seðlabanka ættu með réttu að vera leiðinlegir og lausir við óvænt tíðindi. Með honum á myndinni eru Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

# Enginn tímarammi um afnám haftanna

**Seðlabankastjóri vonast til að búið verði að aflétta gjaldeyrishöftum að fullu eftir tvö til þrjú ár. Engar tímasetningar eru þó nefndar í áætlun þar um. Fyrst verður höftum aflétt af erlendum fjárfestingum, líklega fyrir 1. nóvember í ár.**

**EFNAHAGSMÁL** Svein Harald Øygard seðlabankastjóri segist vonast til þess að búið verði að aflétta gjaldeyrishöftum af landinu að fullu eftir tvö til þrjú ár. Hann segist sjálfur ætla að gera hvað hann getur til að aðstæður skapist til þess. Þetta kom fram á blaðamannafundi í Seðlabankanum í gær þar sem áætlun um afnám haftanna var kynnt.

Áætlunin er afar lausleg og hvergi eru nefndar neinar sérstakar tímasetningar, ef frá er talin dagsetningin 1. nóvember, en fyrirhugað er að fyrsta hluta áætlunarinnar verði hrundið í framkvæmd í síðasta lagi þá.

Fyrsti hlutinn kveður á um afnám hafta á innstreymi erlends fjármagns, það er erlendar fjárfestingar hérlendis. Þá munu fjárfestar jafnframt geta farið með hagnað sinn úr landi. Ýmsar forsendur þurfa þó að vera fyrir hendi þegar þar að kemur, til dæmis þarf að vera búið að endurreisa bankana, greiða úr Icesave-deilunni, safna nægum gjaldeyrisvaraforða og koma á gengisstöðugleika.

Að því loknu tekur annar áfangi áætlunarinnar við, en í honum felst að afnema útstreymi erlends gjaldeyris í skrefum, fyrst af langtímaskuldabréfum og síðar af miðlungs- og skammtímabréfum. Í síðarnefnda flokkinn falla fjáreignir sem taldar eru miklar líkur á að verði fluttar úr landi, en það gæti grafið undan skilvirkni kerfisins, að því er segir í samantekt Seðlabankans.

Þá verður notkun íslensku krónunnar í alþjóðaviðskiptum háð takmörkunum þar til afnám haftanna kemst á lokastig.

Øygard áréttaði að stíga þyrfti varlega til jarðar við afnám haftanna og að afar mikilvægt væri að gefa ekki of afdráttarlausar yfirlýsingar. Til þess væri óvissan of mikil auk þess sem varast þyrfti að stofna stöðugleika krónunnar í hættu.

Á meðan þetta ferli stendur yfir verður eftirlit með því að höftin séu virt aukið, og hefur Seðlabankinn þegar látið Gjaldeyriseftirlitinu í té aukinn mannafla til þess. Aðspurður vildi Øygard ekki segja til um hvað hið aukna eftirlit kæmi til með að kosta.

Þá mun sérstakt eftirlit verða haft með tilteknum geirum, og jafnvel tilteknum einstaklingum og fyrirtækjum, sem sérstök hætta þykir á að fari á svig við reglurnar. Øygard vildi aðspurður ekki nefna atvinnugreinar eða sérstök félög í þessu samhengi.

**stigur@frettabladid.is**

Rússneskir kafbátar sem sáust út af austurströnd Bandaríkjanna:

# Í eftirlitsferð við Bandaríkin

**RÚSSLAND, AP** Rússar hafa staðfest að tveir kafbátar, sem sáust út af austurströnd Bandaríkjanna, hafi verið rússneskir.

Anatolí Novogitsín, yfirmaður í rússneska hernum, segir kafbátana hafa verið í fullkomlega lögmætum erindagjörðum. Þeir hafi dögum saman verið á eftirlitsferð á alþjóðlegu hafsvæði, en ferðin sé farin í þjálfunarskyni.

Bandarísk stjórnvöld segjast ekkert hafa við ferðir kafbátanna að athuga, þótt þær minni óneitanlega á kalda stríðið. Ferðir þeirra hafi ekki vakið neinar áhyggjur. Svo lengi sem þeir séu á alþjóðlegu hafsvæði og hagi sér skynsamlega sé þeim velkomið að vera við strendur landsins. Bandaríkjamenn geri slíkt hið sama um allan heim.



**RÚSSNESKUR KAFBÁTUR** Kafbátarnir sem sáust við austurströnd Bandaríkjanna voru af svokallaðri Akula-tegund. Þeir eru um 110 metra langir. NORDICPHOTOS/AFP

Mörg ár eru frá því að Rússar komu síðast nálægt ströndum Bandaríkjanna með þessum hætti. **- gb/þeb**



Ekki missa af þessu !

# „Flottir dagar“

í ágúst



## Tilboð á stillanlegum rúmum í ágúst

Eitt mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum. 25% afsláttur í ágúst

Öllum stillanlegum rúmum fylgir 2 fyrir 1 tilboð á sængurverum !





### Senseo svefnsófi - 140 cm

Margir litir - vönduð dýna:

Fullt verð kr. ~~364.000,-~~

Nú kr. 273.000,-

Allir svefnsófar - 25% afsláttur í ágúst !

### Costa tungusófi með skemli

Fæst í hvítu eða svörtu, með hægri eða vinstri tungu:

Fullt verð kr. ~~479.900,-~~

Nú kr. 379.900,-

Stærð 300x200 cm.

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477

Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

## VEISTU SVARIÐ?



1 Fyrir hvaða sjónvarpsstöð störfuðu bandarísku blaðakonurnar sem voru í fangelsi í Norður-Kóreu?

2 Hvaða íslensku menningarminjar hafa komist á heimsminjaskrá UNESCO?

3 Hvaða ítalska knattspyrnumann keypti Liverpool í gær?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Vegagerðin mælir umferð og akstur á sextán stöðum um landið:

# Meiri bílaumferð í júlí en í fyrra

**UMFERÐ** Umferð var meiri í júlímánuði en í sama mánuði í fyrra, samkvæmt tölum frá Vegagerðinni. Heildaraukning í akstri milli ára er rúm sjö prósent. Vegagerðin mælir umferð á sextán stöðum víðs vegar um landið. Mælt er á þremur stöðum á Suðurlandi, Vesturlandi og Austurlandi, fimm stöðum á Norðurlandi og tveimur á höfuðborgarsvæðinu.

Hlutfallslega jókst aksturinn mest á Austurlandi eða um rúm ellefu prósent. Minnst var aukningin á höfuðborgarsvæðinu, tæp tvö prósent.

Þegar fyrstu sjö mánuðir ársins eru bornir saman við sömu mánuði á síðasta ári kemur í ljós að aukning í akstri er 2,7 prósent á landinu öllu. Mesta aukningin þar er einnig á Austurlandi. Aksturinn jókst í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hann minnkaði um 1,7 prósent. Að mestu leyti má rekja það til samdráttar á akstri um Geitháls, sem er einn mælistaðanna.

Akstur Íslendinga á árinu virðist ætla að fara fram úr akstri ársins 2007, sem var metár að sögn Friðleifs Inga Brynjarssonar, verkefnastjóra hjá Vegagerðinni. „Svo datt umferðin niður árið 2008. Þá var strax farið að bera á minnkun í mars eða apríl," segir Friðleifur Ingi. - þeb



**MÝVATN** Einn mælingarstaða Vegagerðarinnar er hringvegurinn á Mývatnsheiði. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

Gestastofa í Fljótsdal:

# Klædd lerki, kopar og torfi

**FRAMKVÆMDIR Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs við Skriðuklaustur í Fljótsdal verður klædd lerki, kopar og torfi.**

**Skrifað var undir verksamning Vatnajökulsþjóðgarðs ehf. og verktakafyrirtækisins VHE í gær.**

**Gestastofan auk útihúsa verður rúmlega 750 fermetrar að stærð. Verður hún allt í senn starfsstöð þjóðgarðsvarðar, móttöku- og fræðsluhúsnæði fyrir gesti og anddyri garðsins og kennileiti.**

**Nokkrar gestastofur munu rísa í Vatnajökulsþjóðgarði á næstu misserum.** - bþs

Embætti fiskistofustjóra laust:

# Þórður sinnir sérverkefnum

**STJÓRNSÝSLA** Embætti fiskistofustjóra hefur verið auglýst laust til umsóknar frá 1. september. Skipunartími er fimm ár.



**ÞÓRÐUR ÁSGEIRSSON**

Þórður Ásgeirsson hefur gegnt embættinu frá stofnun Fiskistofu árið 1992. Kvaðst hann í samtali við Fréttablaðið verða áfram í sérstökum verkefnum fyrir stofnunina í hálfu starfi. Krafist er háskólamenntunar umsækjenda og er æskilegt að þeir hafi staðgóða þekkingu á fiskveiðistjórnun og stjórnsýslureglum og hafi reynslu af stjórnsýslu. - bþs

Nýjar tölur frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni:

# Um 1.200 hafa látist úr svínaflensu

**BANDARÍKIN** Um 1.200 manns hafa látist eftir að hafa sýkst af svínaflensu (H1N1) samkvæmt nýjum tölum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni.

Svínaflensan hefur þegar greinst í 168 löndum og eru staðfest tilfelli alls um 163 þúsund. Þó telur stofnunin að fjöldi tilfella sé enn meiri þar sem ekki þarf lengur að staðfesta einstök tilfelli.

Gríðarleg eftirspurn er eftir bóluefni við svínaflensu. Bandarísk heilbrigðisyfirvöld segja að þar í landi þurfi um 160 milljónir manna að fá bóluefni.

Svínaflensa í mönnum var fyrst greind í Mexíkó í apríl á þessu ári. Samkvæmt Landlæknisembættinu svipar einkennunum til einkenna árstíðarbundinnar inflúensu. - th



**INDLAND** Heilbrigðisyfirvöld í Indlandi tilkynntu í gær um fyrsta dauðsfallið vegna svínaflensu. Fjórtán ára stúlka lést. NORDICPHOTOS/AFP



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Mikil ólga er enn í Íran vegna umdeildra kosningaúrslita. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hundruð mótmælenda við þinghúsið

**Mahmoud Ahmadinejad sór í gær embættiseið fyrir annað kjörtímabil sitt í forsetaembætti. Lögreglan í Teheran beitti bareflum og piparúða á mótmælendur sem höfðu safnast saman á götum borgarinnar.**

**ÍRAN, AP** Hundruð mótmælenda létu í sér heyra við þinghúsið í Teheran í gær þegar Mahmoud Ahmadinejad sór embættiseið fyrir annað kjörtímabil sitt sem forseti.

Þrír mótframbjóðendur hans í embætti, helstu leiðtogar stjórnarandstöðunnar á þingi og fjöldi þingmanna var fjarverandi.

Lögregla greip til barefla og piparúða til að dreifa mannfjöldanum, sem hafði safnast saman skammt frá þinghúsinu og hrópaði slagorð gegn Ahmadinejad. Margir sögðust óska honum dauða.

Sumir mótmælendur klæddust svörtum stuttermabolum, sem tákn sorgar, en aðrir klæddust grænum fötum, sem er litur stjórnarandstöðunnar.

Úrslit forsetakosninganna, sem haldnar voru 12. júní, hafa verið umdeild. Stjórnvöld hafa verið sökuð um að falsa niðurstöðurnar. Ahmadinejad sé því ekki réttkjörinn forseti.

Ólgan í landinu undanfarnar vikur hefur verið sú mesta síðan íslömsku klerkarnir gerðu byltingu gegn keisarastjórninni. Valdastéttin er klofin í afstöðu sinni til Ahmadinejads og meira að segja íhaldsmenn úr hópi stuðningsmanna hans sjálfs hafa gagnrýnt stjórnina harðlega fyrir þá grimmilegu meðferð sem sumir mótmælendur hafa mátt sæta.

Stjórnin hefur hins vegar sakað Bandaríkjamenn og Vesturlönd um að standa að baki mótmælunum og nýta sér þau í áróðursskyni á alþjóðavettvangi.

Sjálfur sagðist Ahmadinejad í ræðu sinni ekki ætla að þola nein afskipti að utan, en hét því jafnframt að láta áfram til sín taka á alþjóðavettvangi:

„Við verðum að gegna lykilhlutverki í stjórnun heimsins," sagði hann. „Við munum ekki þegja. Við munum ekki þola vanvirðingu, afskiptasemi og móðganir." - gb



AÐEINS
**4 DAGAR**
EFTIR

# ÚTSÖLU**LOK**

## GÖTU-
## MARKAÐUR

ÓTRÚLEGA LÁGT VERÐ
Á FLOTTRI VÖRU

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**MEÐ GRIND FYRIR HVOFTI** Þessi veiðihundur er þátttakandi í veiðihundakeppni sem haldin var í Bratislava í Slóvakíu. NORDICPHOTOS/AFP

Breytingar hafa orðið á samsetningu félagsmanna í VR samkvæmt nýrri könnun:

# Fækkar í röðum skrifstofufólks

**VINNUMARKAÐUR** Innan við fimm prósent félagsmanna í VR skilgreina sig sem skrifstofufólk samkvæmt nýrri launakönnun félagsins. Fyrir fimm árum töldust rúm tíu prósent félagsmanna til skrifstofufólks.

Á sama tíma hefur fjölgað í hópnum stjórnendur/sérfræðingar, úr rúmum 36 prósentum í tæp 42 prósent.

Í frétt frá VR segir að sérhæfing meðal félagsmanna hafi aukist mjög á undanförnum árum. Til marks um það eru ofangreindar breytingar og sú staðreynd að fyrir fimm árum kváðust nítján prósent félagsmanna starfa við sölu- og afgreiðslustörf en í dag er það hlutfall sextán prósent.

Samkvæmt frétt VR verða heildarniðurstöður launakönnunar VR kynntar um miðjan september. - bþs

**BREYTINGAR Í VR**

| Starfsstétt | ´09 / ´04 |
|---|---|
| Stjórn/sérfr. | 41,6% / 36,4% |
| Sérhæft/tæknar | 26,6% / 21,9% |
| Sölu- og afgr.fólk | 15,7% / 19% |
| Gæslu-, lager- og framleiðslust. | 7,1% / 7,8% |
| Skrifstofufólk | 4,5% / 10,2% |
| Skrifstofuf. v/afgreiðslu | 4,5 % / 4,7% |



**VIÐ SKRIFSTOFUSTÖRF** Fækkun hefur orðið á skrifstofufólki í VR.

Gistinóttum fækkaði milli ára:

# Fleiri útlendingar á hótelunum

**FERÐAÞJÓNUSTA Gistinóttum á hótelum í júní fækkaði um fimm prósent á milli ára. Voru þær 147.900 í júní í ár en 155.800 í sama mánuði í fyrra. Fækkun varð víðast hvar á landinu en fjölgun á Suðurlandi.**

**Gistinóttum fækkaði um tæp ellefu prósent meðal Íslendinga en fjölgaði meðal erlendra ríkisborgara um fjögur prósent.**

**Mesta hlutfallslega fækkunin varð á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða. Nemur hún sautján prósentum. Fjölgunin á Suðurlandi nam sjö prósentum.** - bþs

Hólahátíð um aðra helgi:

# Steingrímur J. flytur Hólaræðu

**FÓLK** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra flytur hátíðarræðu á Hólahátíð í ár. Hátíðin fer fram helgina 14.-16. ágúst.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Forystufólk úr stjórnmálum hefur löngum verið fengið til að flytja Hólaræðu og hafa þær oft vakið mikla athygli.

Meðal stjórnmálamanna sem flutt hafa hátíðarræðuna á undanförnum árum eru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Björn Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Halldór Blöndal og Davíð Oddsson. - bþs

Gestum Bláa lónsins fjölgar:

# Landsmenn sækja í Lónið

**FERÐAÞJÓNUSTA Þeim Íslendingum fjölgar sem sækja heim Bláa lónið.**

**Heimsóknum Íslendinga í Lónið fjölgaði um 26 prósent í júlí sé miðað við sama mánuði í fyrra. Alls fóru 73.800 manns í Bláa lónið í júlí. Að því er fram kemur í tilkynningu frá Bláa lóninu voru gestir þess fyrstu sjö mánuði ársins 251.878 manns.** - bþs

# Bandarískum blaðakonum fagnað við heimkomuna

**Euna Lee og Laura Ling komu til Bandaríkjanna í gær frá Norður-Kóreu. Bill Clinton fylgdi þeim heim eftir að hafa rætt við Kim Jong Il. Óvíst hvort heimsóknin bætir samskiptin við Norður-Kóreu.**

**BANDARÍKIN, AP** Bandarísku blaðakonurnar Euna Lee og Laura Ling fengu góðar móttökur þegar þær komu til Bandaríkjanna í gær og hittu fjölskyldur sínar eftir langan aðskilnað.

„Síðustu 140 dagar hafa verið þeir erfiðustu í lífi okkar,“ sagði Ling. Aðeins rúmum sólarhring áður höfðu þær óttast að verða fluttar í þrælkunarbúðir, en síðan voru þær fluttar á annan stað:

„Þegar við gengum í gegnum dyrnar sáum við Bill Clinton forseta standa fyrir framan okkur,“ sagði hún. „Okkur brá en þá vissum við strax að martröðinni væri lokið og nú erum við hingað komnar, heim til okkar og frjálsar.“

Konunum var haldið í einangrun og fengu lélegt fæði, að því er systir Ling segir: „Þeim var haldið aðskildum lengst af,“ sagði hún. „Við réttarhöldin gátu þær faðmast, en svo ekki söguna meir.“

Þær Lee og Ling starfa fyrir sjónvarpsstöð, sem er í eigu Als Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Þær voru handteknar í mars síðastliðnum við landamæri Kína og hlutu dóm fyrir að fara ólöglega yfir landamærin í fjandsamlegum tilgangi. Dómurinn hljóðaði upp á tólf ára þrælkunarvinnu.

Bandaríkjamenn fylgdust með heimkomu blaðakvennanna í beinni útsendingu, en ríkissjónvarpið í Norður-Kóreu sýndi ekki myndir af blaðakonunum heldur aðeins af Clinton þegar hann kvaddi og hélt um borð í flugvélina.

Óvíst er hvaða þýðingu heimsókn Clintons til Norður-Kóreu mun hafa fyrir samskipti ríkjanna.

Robert Gibbs, blaðafulltrúi Baracks Obama, fullyrti að Clinton hefði ekki haft nein skilaboð meðferðis frá Obama til Kims. Hann sagði það algerlega undir Norður-Kóreu komið hvort heimsóknin yrði til þess að viðræður um kjarnorkumál gætu hafist á ný.

Norður-Kóreustjórn hætti fyrr á árinu þátttöku í milliríkjaviðræðum, sem snerust um að Bandaríkin, Kína, Rússland, Japan og Suður-Kórea reyndu að fá Norður-Kóreu til þess að hætta við öll kjarnorkuáform gegn fjárhagsaðstoð og niðurfellingu refsiaðgerða.

Samskiptin við Norður-Kóreumenn versnuðu enn þegar þeir gerðu tilraunir með flugskeyti og hófu kjarnorkuvinnslu á ný.

gudsteinn@frettabladid.is




**TILFINNINGAÞRUNGIN STUND** Þær Euna Lee og Laura Ling hittu eiginmenn sína og Lee hitti einnig dóttur sína á Burbank-flugvelli í Kaliforníu í gær eftir langan aðskilnað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Ferðalagi rússneska forsætisráðherrans líkt við senu úr Brokeback Mountain:

# Pútín ber að ofan á hestbaki

**RÚSSLAND** Nýlegar myndir af Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, hafa vakið heimsathygli.

Pútín hefur undanfarið verið í fríi í Tuva-héraði í Síberíu, skammt frá landamærum Mongólíu, og hafa myndir frá ferðalaginu ratað í fjölmiðla. Ljósmyndarinn hefur lagt sig sérstaklega fram við að sýna líkamlegt atgervi forsætisráðherrans því að á mörgum myndanna er hann ber að ofan. Hinn 57 ára gamli Pútín virðist einkar vel á sig kominn, vafalaust betur en margir jafnaldrar hans í Rússlandi og þó víðar væri leitað.

Á myndunum má meðal annars sjá hann standa í herklæðnaði á klettasyllu við fremur vatnslitla á, sitja í makindum uppi í tré, taka flugsund í rússnesku vatni og síðast en ekki síst á hestbaki. Þótt hann ríði ekki berbakt þá er hann að sjálfsögðu ber að ofan.

Á vefsíðu Breska ríkisútvarpsins (BBC) er myndinni af Pútín berum að ofan á hestbaki líkt við senu úr frægri kvikmynd – Brokeback Mountain – sú kvikmynd fjallar um elskhugana Ennis Del Mar og Jack Twist.

Fjölmiðlafulltrúar rússneska forsætisráðherrans kæra sig kollótta um það þótt fjölmiðlar á Vesturlöndum setji myndir af Pútín í skoplegt samhengi. Þeir vilja að rússneska alþýðan sjái að Pútín er vel á sig kominn, ekki bara andlega heldur einnig líkamlega. - th



**STÆLTUR PÚTÍN** Það var greinilega hlýtt í veðri í Síberíu þegar rússneski forsætisráðherrann skellti sér á hestbak.


Brostu í svefni
IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð
Stillanleg rúm
Nýjar heilsudýnur
Heilsukoddar
Hlífðardýnur og lök
Sængurverasett
Teppasett
Höfuðgaflar
Náttborð
Svefnsófar
20-50% afsláttur af völdum vörum
S-CAPE
WALLHUGGER
Sá nýjasti og besti frá Leggett
PROFLEX
Mest selda stillanlega rúmið hjá Svefn & heilsu
Óseyri 2
AKUREYRI
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal
REYKJAVÍK
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12:00 - 18:00 – laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

## „ORÐRÉTT"

### Alltaf í kjarnanum

**„Það er mér mikið umhugsunarefni hvernig þeir sem láku skýrslunni komust yfir hana."**

SIGURÐUR EINARSSON, FYRRV. STJÓRNARFORM. KAUPÞINGS
**Fréttablaðið, 5. ágúst**

### Þær og þeir

**„En þarna eru rosalega flottar stelpur að sækja um hjá okkur, og þarna eru líka tveir eða þrír karlmenn."**

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTÝRA JAFNRÉTTISSTOFU
**DV, 5. ágúst**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DÓRÓTHEA JÓNSDÓTTIR HJÁ HANDVERKSHÁTÍÐ:

## *Handverk úr öllum áttum á Akureyri*



„Undirbúningur fyrir handverkshátíðina er í fullum gangi og á annað hundrað sýnendur streymir nú á svæðið til uppsetningar," segir Dóróthea Jónsdóttir. Hún stendur nú í ströngu við framkvæmd handverkshátíðar við Hrafnagilsskóla á Akureyri. Hátíðin hefst með setningu klukkan 11.30 á morgun. „Hún verður svo opnuð klukkan tólf og verður opin til mánudags. Við erum að prófa í fyrsta skipti að vera með opið á mánudegi. Við erum svo heimakær og vildum gefa Eyfirðingum tækifæri til að skoða hátíðina á mánudaginn. Heimamenn eru margir hverjir uppteknir yfir helgina, jafnvel í þjónustu við gestina."

Undirbúningurinn að hátíðinni í ár hófst í mars og hefur Dóróthea verið á kafi í undirbúningi. Að sögn hennar verður margt nýtt og skemmtilegt til sýnis á hátíðinni. „Til dæmis verða úrslit úr hönnunarsamkeppninni Frá fortíð til framtíðar, þar sem bestu gripir samkeppninnar verða til sýnis. Þá er áhugavert að sjá nýtingu á óvenjulegu hráefni, eins og til dæmis hænsnalappaskinni sem verið er að nota í skartgripi. Svo má nefna vélasýningu á forndráttarvélum, tískusýningar og vélrúning á kindum. Þetta er úr öllum áttum."

## FRÓÐLEIKUR
### INNFLYTJENDUR

■ Á Íslandi bjuggu í byrjun síðasta árs um það bil 25 þúsund innflytjendur, samkvæmt Hagstofu Íslands, og eru þeir um átta prósent íbúa.

Samkvæmt samantekt frá Sameinuðu þjóðunum eru innflytjendur alls á jörðinni nærri 200 milljónir. Þar af búa flestir í Bandaríkjunum, eða nærri 40 milljónir, í Rússlandi eru þeir 12 milljónir, í Þýskalandi 10 milljónir, Frakklandi 6 og Sádi-Arabíu sömuleiðis 6. Hlutfall innflytjenda af íbúum lands er hins vegar langhæst í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, en þar eru rúm 70 prósent íbúa aðflutt frá öðrum löndum. Næsthæst er þetta hlutfall í Kúveit, eða 62 prósent. Þá kemur Singapúr með 42 prósent, Ísrael með 39 prósent og Jórdanía sömuleiðis með 39 prósent.

## SJÓNARHÓLL
**LÖGBANN KAUPÞINGS Á FRÉTTIR RÚV**



**HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR**

### *Ekki í takt við nýja tíma*

„Það að hafa ekki allt uppi á borðinu finnst mér alltaf benda til þess að maður sé í mysunni, og að þjóðin megi ekki vita að verið sé að sýsla með háar upphæðir þykir mér afar vafasamt. Þetta er ekki í takt við nýja tíma í gagnsæi sem ættu að ríkja núna," segir Helga Þórey Jónsdóttir, húsmóðir og nemi, um lögbann Kaupþings á fréttir RÚV. „Þetta lögbann Kaupþings þjónaði í raun ekki öðrum tilgangi en þeim að vekja enn meiri athygli á viðskiptaháttum fyrirtækisins. Það var tímasóun, peningasóun og í raun hlægilegt, því þetta fréttist út um allt hvort eð er. Ég þakka bara guði fyrir netið, því ef við hefðum það ekki í kreppunni myndum við ekki vita neitt," segir Helga Þórey Jónsdóttir.

# Sveppatínsla er smitandi ástríða

**Það birti yfir sveppaunnendum nú þegar loksins fór að rigna. Þeir hafa fleiri tilefni til þess að kætast því á dögunum kom út bókin Matsveppir í náttúru Íslands, ný handbók fyrir þá sem ekki þekkja sveppi í sundur – en vilja gjarnan stinga þeim upp í sig. Ása Margrét Ásgrímsdóttir, höfundur bókarinnar, er mikill sveppaaðdáandi og mælir eindregið með því að fjölskyldur skelli sér saman í sveppamó.**

Það er skemmtilegt að fara í skógarferð á fögrum degi svona síðla sumars eða á haustin," segir Ása en kjörtími sveppa er einmitt upp úr miðjum júlí og fram að fyrstu næturfrostum á haustin. „Sveppir eru samt dularfull fyrirbæri – maður sér þá bara þegar þeim þóknast að bera aldin og það er misjafnt milli ára hvaða tegundir finnast á hverjum stað." Sveppi er helst að finna í skóglendi en sumir sveppir vaxa líka í graslendi, kjarri og lyngmóum. Sem dæmi um vinsæla sveppatínslustaði nefnir hún Hallormsstaðaskóg, Heiðmörk og Vaglaskóg. „Svæðunum er alltaf að fjölga, nú er orðið heilmikið um það að fólk geti tínt sveppi í sumarbústaðalöndum. Sumir geta einfaldlega stigið út af pallinum sínum og tínt í matinn." Útbreiðsla sveppa hérlendis eykst með hverju árinu – sem er sannkallað gleðiefni fyrir matgæðinga og aðra þá sem vilja nýta landsins gæði.

**Með fjölskylduna í sveppamó**

Sjálf fer Ása yfirleitt með fjölskyldunni í sveppamó. „Þau hafa komið með mér á hverju einasta ári, sérstaklega stelpurnar mínar, og nú hafa tengdasynirnir bæst við. Þeir komust á bragðið – finnst svo ægilega góður maturinn sem ég gef þeim," útskýrir Ása og kímir. Þetta er greinilega smitandi ástríða. Sveppatínslan er frábær afþreying fyrir fjölskylduna og Ása bendir á að börn hafi ákveðið forskot í því sporti. „Börn á öllum aldri verða spennt og viljug að skríða milli trjáa þar sem fullorðnir komast síður. Börn eru forvitin af náttúrunnar hendi, og glögg líka. Þau sjá oft sveppi sem fullorðnum yfirsést. Í sveppaferðum gefst fullorðnum kjörið tækifæri til þess að kenna börnum að umgangast náttúruna á réttan hátt og þekkja sveppina en vitanlega verður að passa óvita sem stinga öllu upp í sig."



**ÁSA MARGRÉT ÁSGRÍMSDÓTTIR**

**Best að vanda sig**

Ása tekur fram að sumir sveppir séu þó varasamir og því þurfi fólk að kynna sér þá vel áður en þeir rata í körfuna eða sósupottinn. Þar koma handbækur í góðar þarfir. „Hinir fullorðnu þurfa vitanlega að fylgjast vel með þeim yngstu og kenna þeim hvað má tína og hvað er best að láta vera." Flesta sveppi er betra að elda áður en þeir rata ofan í magann en örfáar tegundir má borða hráar. Upplýsingar um þá sveppi er meðal annars að finna í bók Ásu ásamt lýsingum á um þrjátíu mismunandi sveppum, bæði þeim sem ætlaðir eru til átu og þeim sem betra er að skilja eftir.



**FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN** Ása segir sveppatínslu kjörna afþreyingu fyrir alla fjölskylduna og bendir á að þar hafi börnin sérstakt forskot. LJÓSMYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

**Alþjóðlegt áhugamál**

Áhugi Ásu á sveppum er ekki nýtilkominn en sjálf segist hún ekki kunna neina eina skýringu á þessari ástríðu sinni. „Ég held að þetta sé helst angi af áhuga mínum á náttúrunni," útskýrir hún. Sjálf á hún fjölda sveppabóka frá öllum mögulegum löndum og nú síðsumars mun hún taka á móti hópi af sérlegu sveppaáhugafólki frá Svíþjóð sem kemur hingað gagngert til þess að kynnast íslenskum sveppum. „Það eru starfræktir sveppaklúbbar víða um heim. Þessi hópur verður víst einn dag í Reykjavík en fimm daga í sveppamó, ég vona að það verði búið að rigna aðeins meira áður en þau koma."

bergsteinn@frettabladid.is

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

**SFR félagar – Rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamning SFR við ríkið stendur yfir dagana 4. - 14. ágúst. Nánari upplýsingar á www.sfr.is**

**Kynningarfundir um efni samningsins verða sem hér segir:**

**Almennir kynningarfundir í Reykjavík:**
Fimmtudaginn 6. ágúst kl. 16:00, Grettisgötu 89, 1 hæð.
Þriðjudaginn 11. ágúst kl. 16:00, Grettisgötu 89, 1. hæð.

**Almennir kynningarfundir um landið:**
**Borgarnes:** Fimmtudaginn 6. ágúst, kl. 13:00 í húsnæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi, Borgarbraut 65.
**Ísafjörður:** Mánudaginn 10. ágúst, kl. 12:00, Hótel Ísafirði.
**Vestmannaeyjar:** Mánudaginn 10. ágúst, kl. 12:00 í Visku, Strandvegi 50.
**Reykjanesbær:** Mánudaginn 10. ágúst, kl. 16:30 í Duus húsi.
**Sauðárkrókur:** Þriðjudaginn 11. ágúst, kl. 12:00, Mælifelli.
**Selfoss:** Þriðjudaginn 11. ágúst, kl. 16:30, Hótel Selfoss.
**Akureyri:** Þriðjudaginn 11. ágúst, kl. 16:30, Hótel Kea.
**Blönduós:** Þriðjudaginn 11. ágúst, kl. 17:00, kaffihúsið Við Árbakkann, efri hæð.
**Egilsstaðir:** Miðvikudaginn 12. ágúst, kl.17:00, Hótel Hérað.

**Kynningarfundir fyrir einstakar stofnanir og fyrirtæki:**
**Landspítali Fossvogur:** Föstudaginn 7. ágúst kl. 15:00, Landspítalanum Fossvogi, Blásalir, 7. hæð.
**Lögregla höfuðborgarsvæðisins og Vegagerð Rvk:** Föstudaginn 7. ágúst kl. 8:30, Grettisgötu 89, 1. hæð.
**Toll- og Skattstjóri í Reykjavík:** Mánudaginn 10. ágúst kl. 9:00, Tryggvagötu 19.
**Landspítali Hringbraut:** Mánudaginn 10. ágúst, kl. 15:00, Landspítalanum Hringbraut, Hringsal, 1. hæð.
**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins:** Mánudaginn 10. ágúst kl. 15:00, Álfabakka 16.
**ÁTVR:** Þriðjudaginn 11. ágúst, kl. 9:00, Stuðlahálsi 2.
**Tryggingastofnun:** Þriðjudaginn 11. ágúst, kl. 8:30, Grettisgötu 89, 1. hæð.
**Háskóli Íslands:** Miðvikudaginn 12. ágúst, kl. 13:15, stofu 101, Háskólatorgi.

Dönsk lúðrasveit í heimsókn hjá félögum sínum í Mosfellsbæ:

# Spiluðu saman á Ingólfstorgi

**FÓLK** Dönsk skátalúðrasveit frá Lemvig á Jótlandi í Danmörku skemmti fólki í veðurblíðunni á Ingólfstorgi í hádeginu í gær. Lúðrasveitin er frá samtökunum Lemvig spejder KFUK OG KFUM.

„Þau eru hér í vikuheimsókn," segir Daði Þór Einarsson, stjórnandi skólahljómsveitar Mosfellsbæjar, en Danirnir eru í heimsókn hjá hljómsveitinni. „Við heimsóttum þau fyrir tveimur árum. Þau komu hingað aðfaranótt sunnudags og byrjuðu á því á sunnudaginn að ganga á Esjuna. Svo erum við búin að fara hring um Snæfellsnes og túr um Reykjavík, sem endaði með því að spila í Hellisheiðarvirkjun. Þar var spilað fyrir 90 ferðamenn af skemmtiferðaskipi." Næst á dagskránni er gullni hringurinn svokallaði. „Þau geta ekki beðið eftir að sjá Gullfoss og Geysi."

- þeb



**SPILAÐ Á INGÓLFSTORGI** Lúðrasveitin frá Lemvig spilaði á Ingólfstorgi í hádeginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# OUTLET CENTER

## FAXAFEN 8

## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Klappstóll
Góð gæði
1.999,-



Fægiskófla
og sópur
299,-



Þvottakarfa
úr plasti
999,-



Fallegir skrautpúðar
Eitt verð
499,-



Regnhlífar
nokkrir fallegir litir
499,-



Microfiber
rykklútar
10 í pakka
199,-

## ÖLL SOKKAPÖR
## 99 kr.
## ALLA HELGINA!!!




Kók í dós
frá Vífilfelli
0,33 ml.
12 dósir
749,-
ATH ca. 62 kr. dósin

Mikið af vörum fyrir skrifstofuna og SKÓLANN
ÖLL sumarvara á LÆKKUÐU verði
ÖLL golfvara á LÆKKUÐU verði



"Crayola"
Vaxlitir, trélitir
og tússpennar
Frá: 399,-
Til 799,-
Mögulega
langbesta verðið!!!



Plast
þvottaklemmur
24 stk.
199,-



Geðveikar
vatnsbyssur
LÆKKAÐ VERÐ
Áður: 1.999,-
Nú: 1.299,-



Buslulaug
Flott í garðinn
LÆKKAÐ VERÐ
Áður: 1.999,-
Nú: 999,-



Rykmoppa
199,-



Tannþráður
og tannstöngull
40 stk. 99,-



"EASY"
Mýkingarefni
Margar tegundir
2 lítrar
299,-

## KLINKIÐ
LÁGVÖRUMARKAÐUR
...ótrúleg verð



CLEAN
@FRESH
Uppþvottalögur
625 ml.
199,-

FAXAFEN 8
OUTLET CENTER

klinkid@klinkid.is
Sími: 5684892

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Ferskt nautakjöt



**1798**

NAUTAVEISLU NAUTAPIPARSTEIK
1798 kr./kg.




**898**

NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.




**1598**

KRYDDLEGNAR NAUTAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.




**298**

ASTONIS HREINSI OG VIÐHALDSVÖRUR
FYRIR BÍLA 298 kr.brúsinn




Aðeins 11 kr. kaffipúðinn !

**398**

RENE KAFFIPÚÐAR 36 stk. 398 kr.




**298**

GREAT TEXAS PIZZUR *360gr*
AÐEINS 298 kr.




**279**

MC SEASONALL
453gr 279 kr.

# Ferskt Ali grísakjöt




**498**

ALI FERSKT GRÍSAHAKK 498 kr./kg.




**898**

ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS 898 kr./kg.




**898**

ALI FERSKT GRÍSASNITSEL 898 kr./kg




**398**

COLGATE TANNKREM 2 stk. 75ml
þrjár teg 398 kr.




**298**

ASTONIS HREINSIVÖRUR
FYRIR ELDHÚSIÐ 298 kr.



**159**

EUROSHOPPER HANDSÁPUR
500ml 159 kr.




**129**

CLEAN & FRESH UPPÞVOTTALÖGUR
625ml 129 kr.

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ferskur kjúklingur
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
79
MURR KATTAMATUR 100gr
98 KR. BRÉFIÐ. 20% KYNNINGARAFSLÆTTI
79 kr. skamturinn
98
BRAZZI EPLA OG
APPELSÍNU 1 LTR. 98 kr.
259
EUROSHOPPER HAFRAMJÖL
1,5 kg poki 259 kr.
FRÁBÆRT VERÐ OG GÆÐI
49
EUROSHOPPER BASMATI
HRÍSGRJÓN 400gr 49 kr.
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
MERKT VERÐ 498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
398 kr./kg.
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
1679
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.
1498
BÓNUS FERSKT KJÚKLINGAFILLET
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
50% AFSLÁTTUR
HOLTA PARTÝVÆNGIR / ÞARF AÐEINS AÐ HITA
MERKT VERÐ 690 KR./KG. 50% AFSLÁTTUR 345 kr./kg.
398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr./kg.
179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
179 kr.
98
BÓNUS SÓLKJARNA OG
RÚGKJARNABRAUÐ
7 sneiðar í pakka: 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Flutningar af landi brott munu aukast.

## Ógnir og tækifæri

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Allar götur frá því að efnahagskerfið hrundi í haust hefur legið í loftinu að ein af afleiðingum hrunsins yrðu verulegir fólksflutningar úr landi, jafnvel að því marki að grípa ætti til hugtaksins fólksflótta. Reynslan sýnir enda að kreppa veldur fólksflutningum, hvar, hvenær og hvers vegna sem hún skellur á.

Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Icesave-skuldbindingarnar er á það bent að miklir fólksflutningar úr landi gætu þyngt skuldabyrði landsmanna. Á þessi varnaðarorð ber að hlusta en ljóst er að erfitt getur reynst að spá fyrir bæði um umfang fólksflutninga og afleiðingar á allan hátt.

Þegar síldarstofninn hrundi á árunum 1968 til 1970 fluttu á sjöunda þúsund manns af landi brott og í efnahagsþrengingunum um og upp úr 1990 fluttu milli fjögur og fimm þúsund manns af landi brott. Ekki virðist vera skýr mynd af því að hve miklu leyti þessir stóru hópar skiluðu sér aftur heim.

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði, metur það svo að allt að 10 þúsund manns munu hugsanlega flytjast af landi brott á næstu árum, umfram þá sem hingað flytjast. Þetta er nálægt þremur prósentum þjóðarinnar. Að mati Stefáns yrði sá fólksflutningur vissulega blóðtaka en fólksflutningar þyrftu að ná um fimm prósentum til þess að geta talist reiðarslag fyrir samfélagið.

Vissulega liggur beint við að álykta sem svo að skuldbindingar verði því þyngri sem þeir eru færri sem bera þær. Þarna verður þó að taka fleiri breytur með í reikninginn. Þótt líklegast sé að það dragi úr landsframleiðslu í nokkuð réttu hlutfalli við brottflutning fólks þá getur hitt einnig gerst að framleiðsluaukning verði á hvern mann við það að fækkar í atvinnuvegum sem kunna að vera ofmannaðir. Á þetta bendir Guðmundur Jónsson, prófessor í hagsögu.

Oft er sagt að heimurinn hafi minnkað síðustu áratugi vegna stóraukinna samskipta milli landa. Þessi þróun hefur leitt af sér flutninga milli landa. Meðal margs ungs fólks þykir það nánast jafnsjálfsagt og að afla sér grunnmenntunar að flytjast burt frá Íslandi til náms eða starfa um lengri eða skemmri tíma. Flest þetta fólk skilar sér aftur heim, reynslunni ríkari, og skilar þeirri reynslu með einhverjum hætti til samfélagsins.

Fólk hefur alla tíð flust milli landa og efnahagsástand er einn þeirra þátta sem veldur slíkum flutningum. Þetta reyndum við Íslendingar á eigin skinni á undangengnum árum þegar fjölmargir, hvaðanæva að úr heiminum, sóttu hingað til lands vegna þess að hér var næga atvinnu að fá. Nú snýst þetta við og Íslendingar halda út í heim í leit að atvinnu og betri lífskjörum.

Víst er að fólksflutningar frá Íslandi verður blóðtaka í samfélaginu á næstu árum. Þeir munu hafa áhrif á líf þeirra sem fara, fjölskyldna þeirra og á samfélagið allt. Víst er einnig að einhver hluti þeirra sem flyst af landi brott mun ekki skila sér aftur heim.

Þess verður þó að gæta að ala ekki á óþarfa ótta við fólksflótta og því síður á því að þeir sem flytjist af landi brott séu á einhvern hátt að hlaupast undan merkjum. Við búum hér í samfélagi þar sem hver og einn á talsvert val um það hvernig hann hagar lífi sínu og hvar hann býr. Í því felast fleiri tækifæri en ógnir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mótmæla rangfærslum

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, ritaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann kvaðst „finna sig knúinn“ til að bregðast við umræðum um lánabækur Kaupþings sem láku á Netið og „æsingakenndum viðbrögðum fjölmiðlamanna og stjórnmálamanna“. Að sögn Sigurðar hafa frásagnir fjölmiðla af lánabókunum verið stútfullar af rangfærslum. Í sama dúr var grein eftir Karl Wernersson, stjórnarformann Milestone og fyrrverandi stjórnarformann Sjóvár, í Morgunblaðinu á þriðjudag: Fréttaflutningur um málefni Milestone hafi að mörgu leyti verið rangur, blaðamenn leggi sig í líma við að snúa málum á haus enda sé stemning fyrir slíkum fréttaflutningi í samfélaginu.





### Forðast umræðu

Eitt gætu þeir Sigurður og Karl gert til að tryggja að þeirra sjónarmið heyrist í fréttum: Svarað símanum þegar fréttamenn hringja og komið hinu rétta á framfæri. Hversu mörgum fréttum af lánabókum Kaupþings hefur lokið á þeim orðum að Sigurður Einarsson hafi ekki áhuga á að tjá sig um málið? Karl Wernersson segir í grein sinni að það sé beinlínis stefna eigenda Milestone að taka lítið þátt í fjölmiðlaumfjöllun um félagið og hann hafi reynt að halda sig sem mest frá almennri umræðu.

### Holur hljómur

Er það álitin sérstök dyggð hjá kaupsýslumönnum að forðast að svara spurningum fjölmiðla? Sigurður og Karl eiga vitaskuld rétt á hlutlægum og sanngjörnum fréttaflutningi. Hluti af honum felst í að ræða við þá sem eiga hlut að máli. Það hefur eflaust undantekningarlítið verið gert í tilfellum Sigurðar og Karls. Svo lengi sem þeir neita ítrekað að ræða við fréttamenn um álitamál og vafaatriði sem snúa að viðskiptaháttum þeirra, eru kvartanir Sigurðar og Karls um að það halli á þeirra sjónarmið í fréttum ekki sannfærandi.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Í röngu liði?

Þetta var sumarið 1971. George Brown, fyrrum utanríkisráðherra Bretlands, var á Íslandi að halda fyrirlestur, sem væri varla í frásögur færandi nema fyrir það, að ég hitti hann heima hjá foreldrum mínum, var heima í leyfi, bjó í Manchester, þar sem Brown þekkti hverja þúfu líkt og í Liverpool, sem gefur mér tilefni til að gangast við villu í grein minni hér á þessum stað fyrir viku, þegar ég lýsti Brasilíu sem eina landi heimsins, þar sem alþjóðaflugvöllur heitir í höfuðið á tónskáldi, Tom Jobim. En þá gleymdi ég flugvellinum í Liverpool, sem hefur síðan 2002 heitið í höfuðið á John Lennon, og leiðréttist það hér með.



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Lýðræði, saga og traust

Brown var vörubílstjórasonur og verklýðsforingi og sat á þingi fyrir Verkamannaflokkinn 1945-70. Hvílíkur sjór af sögum. Hann sagði mikil brögð að kvennafari og fylliríi í brezka þinginu, en hann hefði sjálfur aldrei stundað fyrr nefnt, harðgiftur maðurinn, konan hans hét Soffía, þau giftust 1937. Hann reyndi ekki að leyna heitum tilfinningum, sem helguðust aðallega af umhyggju fyrir fátæku fólki. Hann lýsti fyrir okkur slítandi átakafundum í verklýðsfélögunum og flokknum, sem tóku svo á hann, að hann varð að fá sér sjúss og annan sjúss og einn sjúss enn og fara síðan heim og spila Chopin af nóttina til að komast aftur í jafnvægi, sem leiðir mig að annarri yfirsjón í greininni minni fyrir viku: flugvöllurinn í Varsjá heitir í höfuðið á Frédéric Chopin, það leiðréttist hér með; ég hef aldrei komið til Póllands. Ég gleymi ekki orðum, sem Brown lét falla í fyrirlestrinum: „There shall be no one to stop us from being stupid if stupid we want to be.“ Með öðrum orðum: Lýðræði er algilt og óvefengjanlegt líkt og önnur mannréttindi og leyfir engin frávik, engar undantekningar.

**Helmingaskipti vörðuðu veginn**

Fortakslaus lýðræðisboðskapur Browns á brýnt erindi við Íslendinga eins og sakir standa. Allir máttu vita, hvernig í pottinn var búið í bönkunum. Tveir stærstu stjórnmálaflokkarnir höfðu skipt atvinnulífinu á milli sín frá því fyrir stríð: þeir tóku umboðið fyrir Coca-Cola, framsókn tók einnig General Motors, og höfðu heiðarlegir menn utan flokkanna þó áður tryggt sér bæði þessi umboð, en þau voru höfð af þeim með svikabrögðum, sem nauðsyn ber til að fjalla um á prenti innan tíðar. Það kostaði ekki mikið að sætta hina flokkana við þetta fyrirkomulag; fulltrúar þeirra fengu að sitja til dæmis í bankaráðum. Bankastjórar lánuðu vinveittum fyrirtækjum og einstaklingum og hver öðrum við vildarkjörum, og um þetta var ekki skrifað nema helzt í Þjóðviljann. Lýsingarnar á ástandinu lifðu í munnmælum, sem Morgunblaðið og Tíminn kölluðu kommúnistaáróður og róg.

Þetta var arfleifð gömlu bankanna handa hinum nýju eigendum eftir einkavæðingu. Þess vegna var helmingaskiptaflokkunum svo mjög í mun að selja bankana í hendur manna í „talsambandi“ við flokkana eins og því var lýst úr návígi. Nú voru nýir tímar, ódýrt erlent lánsfé flæddi inn í landið, og eigendum og stjórnendum bankanna og vinum þeirra á vettvangi stjórnmálanna héldu engin bönd. Hverjir skyldu hafa tekið að sér að kveða niður ítrekuð varnaðarorð um glannalegar lántökur bankanna? Viðskiptaráð greiddi morð fjár fyrir tvær hvítþvottarskýrslur um bankana, og ráðherrar hjálpuðu til við þvottabrettin allar götur fram að hruni. Almenningur horfir agndofa á hneykslin hrannast upp, þar á meðal skýrar vísbendingar um refsiverða háttsemi og tilraunir til yfirhylmingar. Bankamennirnir syngja hver um annan með því að leka lánabókum bankanna og öðrum óþægilegum leyndarmálum í fjölmiðla. Ríkisstjórnin hefur ekki hirt um að marka sér skýra stöðu við hlið fólksins í landinu gegn ábyrgðarmönnum hrunsins. Hún heldur áfram að hegða sér að ýmsu leyti eins og máttvana handbendi þeirra, sem lögðu bankana og efnahagslífið í rúst. Þessu ástandi getur fólkið í landinu ekki unað nema skamma hríð.

**Leikreglur lýðræðisins**

Ríkisstjórnin virðist lömuð af ótta. Við hvað? Hún gerir sér til dæmis enn að góðu mannskapinn, sem Sjálfstæðisflokkurinn valdi til forustu fyrir lögreglunni og til rannsóknar bankahrunsins eins og til að tryggja, að sem minnst kæmi út úr henni. Ríkisstjórnin hreyfir hvorki legg né lið, þótt landið sé nánast löggæzlulaust og glæpagengi láti greipar sópa um heimili fólks. Ef stjórnin teflir frá sér trausti fólksins, sýnist fullreynt, að stjórnmálastéttin er ófær um að leiða Ísland út úr ógöngunum, sem hún ásamt öðrum leiddi landið í. Þá reynir á leikreglur lýðræðisins. Þær eru ófrávíkjanlegar.

# Kertafleyting við Tjörnina

**UMRÆÐAN**

Methúsalem Þórisson skrifar um baráttuna gegn kjarnavopnum



**METÚSALEM ÞÓRISSON**

Í áratugi hafa friðarsinnar á Íslandi komið saman við Tjörnina í Reykjavík og fleytt kertum til að minnast fólksins sem varð fyrir kjarnorkusprengjunum sem var varpað á japönsku borgirnar Hiroshima og Nagasaki. Í ár mun baráttufólk og friðarsinnar enn einu sinni hittast til að minnast atburðarins og setja fram kröfuna um framtíð án kjarnorkuógnar, í Reykjavík, á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Egilsstöðum og e.t.v. víðar hér á landi.

„Heimsganga í þágu friðar og tilveru án ofbeldis“ er alþjóðleg aðgerð stofnuð af Húmanistahreyfingunni til að vekja menn til vitundar um hversu nauðsynlegt það er að efla frið og skapa samfélög án ofbeldis. Heimsgangan áréttar kröfur sínar um allan heim 6. ágúst næstkomandi. Forsvarsmaður göngunnar, Rafael de la Rubia, mun þá flytja ávarp við hátíðlega athöfn í Hiroshima. Í ávarpinu mun hann meðal annars segja:

Tökum saman höndum til stuðnings heimsgöngunni í þágu friðar og tilveru án ofbeldis og gerum eftirfarandi kröfur til þeirra sem deila og drottna:

- Kjarnavopnum verði útrýmt um allan heim
- Innrásarherir hverfi umsvifalaust heim frá hernumdum svæðum
- Hefðbundnum vopnum verði fækkað
- Ríki heims geri gagnkvæma samninga um að ráðast ekki hver á önnur
- Ríkisstjórnir hafni því að beita stríði sem aðferð til að skera úr deilum

Heimsgangan í þágu friðar og tilveru án ofbeldis er ákall til samvisku hvers og eins okkar, hún er röddin sem við þurfum að brýna í sameiningu og siðferðislegt tilboð. Þetta er það sem við verðum að gera á þeim erfiðu tímum sem nú eru. Í dag minnumst við íbúa Hiroshima og Nagasaki, heiðrum minningu þeirra og eflum þá heimshreyfingu sem er bæði opin og margbreytt, hafnar ofbeldi af öllu tagi og lýsir því yfir að ekkert sé verðmætara en mannslíf.

Við hvetjum alla landsmenn til að taka undir kröfuna um að eyða kjarnavopnum, leitast við að skapa heim án ofbeldis og mæta í kertafleytinguna kl. 22.30 við Tjörnina í Reykjavík, í Lystigarðinum á Egilsstöðum og á Akureyri.

*Höfundur er fulltrúi Heimsgöngunnar í samstarfsnefnd friðarhópa.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# TÖLVULEIKJA MARKAÐUR

PC - PS2 - PS3 - XBOX - Wii



## Nýir leikir á frábæru verði!

Takmarkað magn – fyrstir koma fyrstir fá

**PC** - Sims 3 ............................**7.899**

**PS3** - X-Men Wolverine .........**9.499**

**PS3** - Fuel ..............................**9.499**

**PS3** - Guitar Hero Metallica ..**8.999**

**PS3** - Shellshock 2 .................**7.899**

**PS3** - Singstar Queen ............**5.299**

Fjöldi annarra titla í boði

**Einnig úrval eldri titla á lækkuðu verði***

**PS3** - Euro 2008 ........................... **799**

**PC** - X-Men 3 ............................... **799**

**PC** - Doom 3 ............................... **1.299**

*aðeins í Hagkaup Smáralind

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 13. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Fáanlegt í Hagkaup Smáralind og Hagkaup Skeifu
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Þursaflokkurinn

**UMRÆÐAN**
Vésteinn Ólason skrifar um Icesave-samninginn


VÉSTEINN ÓLASON

Svo er að heyra sem allmargir þingmenn og jafnvel ráðherrar séu á þeirri skoðun að það sé mikill heiður að fá að lána Íslendingum peninga. Einkum þó ef um hundruð milljarða er að ræða. Sem vonlegt er telur þessi flokkur að betra sé að vera án lána sem einhver skilyrði fylgja en þiggja þau. Raunar megi vænta þess að þeir sem ekki reiða fé af hendi umyrðalaust muni setja stórlega ofan í almenningsáliti heimsins.

Hneykslunin beinist einkum að Norðurlandaþjóðum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem hafa lofað að lána okkur háar fjárhæðir en ætlast til að við fylgjum trúverðugri stefnu til að rétta við efnahag okkar. Má geta nærri að bankamönnum víða um lönd, svo sem þeim er stjórna Deutsche Kommerzbank og fleiri lánardrottnum íslenskra banka, muni blöskra þessi hroki, svo að ekki sé sagt ofbeldi, sem Norðurlandaþjóðir og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sýna þjóðinni. Þegar maður les eða heyrir skörulegan málflutning þessa flokks undrast maður það eitt að íslensk stjórnvöld skuli nokkurn tíma hafi lotið svo lágt að leita aðstoðar hjá öðrum þjóðum.

Ástæða er til að gefa þessari stjórnmálahreyfingu nafn, og hefur mér dottið í hug að vel gæti farið á að nefna hana Þursaflokkinn. Vona ég að þeir ágætu og gamansömu tónlistarmenn sem notað hafa nafnið fyrirgefi hugmyndaleysið. En þegar ég heyri eða sé skoðanir þessa flokks hafa mér hvað eftir annað flogið í hug ljóðlínur Henriks Ibsen í Pétri Gaut, sem Einar Benediktsson snaraði svo listilega:

En meðal vor, þar sem myrkt er öll dægur, er máltækið: „Þursi, ver sjálfum þér – nægur.“

Að öllu gamni slepptu – því að hér er alvörumál á ferð – er eðlilegt að Alþingi vilji skoða Icesave-samninginn vel. Komi fram á honum „leyndir“ gallar er sjálfsagt að reyna allt sem hægt er til að komast að samkomulagi um að bæta úr þeim án þess að hleypa málinu í uppnám. Það þarf hins vegar ekki að lesa þúsundir blaðsíðna af greinargerðum til að skilja hvernig þessi mál líta út utan frá. Íslensk fyrirtæki sökktu landinu í skuldafen með óábyrgu framferði. Þau ollu stórtjóni og vöktu athygli á sér fyrir glæfralegt, jafnvel glæpsamlegt, framferði í þeim löndum sem við þurfum nú að semja við. Íslenskar eftirlitsstofnanir reyndust ófærar um að koma í veg fyrir hamfarirnar. Þeir sem bera ábyrgð á fjármálum annarra ríkja (skattpeningum almennings) eða alþjóðlegra sjóða geta ekki afhent okkur ófafé án þess að hafa einhverjar vísbendingar um að Íslendingar ætli að leysa sín mál sómasamlega og fylgja stefnu sem öðrum virðist trúverðug og geri okkur kleift að standa við skuldbindingar. Er það ofbeldi?

*Höfundur er prófessor.*




Taktu þátt í skemmtilegum leik með A4 og Bylgjunni dagana 4.-8. ágúst
BYLGJAN 989
FRISSI FRÍSKI
SAMBÍÓIN
A4 Skrifstofa og skóli
Smáratorgi + Glerárgötu 34 + sala@a4.is + www.a4.is + Sími: 515 5150


# Yfirfull fangelsi – hvað er til ráða?

**UMRÆÐAN**
Herdís Hjörleifsdóttir skrifar um fangelsi, vímuefnafíkn og endurhæfingu


HERDÍS HJÖRLEIFSDÓTTIR

Undanfarið hefur verið fjallað um þá staðreynd í fjölmiðlum að fangelsi landsins séu yfirfull. Það sé því ekki pláss til að taka við fleirum og á meðan lengist boðunarlistinn. Í Morgunblaðinu 27. júlí sl. var haft eftir Páli Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar, að stofnunin sæktist ekki eftir því að taka í notkun bráðabirgðahúsnæði vegna þess að sýnt hafi verið fram á að það sé dýrara að breyta húsi í fangelsi heldur en að byggja fangelsi. Ekki er tilefni þessa bréfs að hafa skoðanir á því hvort það sé rétt eða rangt heldur frekar að benda ráðamönnum á ódýrari lausn, hvernig megi fækka á boðunarlista Fangelsismálastofnunar og einstaklingum í fangelsi í framtíðinni. Um leið mætti spara verulega í fangelsiskerfinu.

EKRON býður í dag upp á vistunar- og endurhæfingarúrræði fyrir þá sem minna mega sín úti í samfélaginu og hentar því líka vel fyrir ákveðinn hóp fanga í afplánun, þ.e. þeirra sem geta nýtt sér aðstoð og búið við opið fangelsisúrræði. Eins og allir vita er ekki hægt að reka slíkt heimili, frekar en önnur heimili í landinu, án fjármagns en með tilkomu þess mætti hagræða með því að fækka dýrari úrræðum og taka upp ódýrari. Við slíkan rekstur þarf jafnframt að taka tillit til þess að hægt verði að halda úti vel skipulagðri og markvissri endurhæfingu enda margoft verið sýnt fram m.a. í rannsókn (2007) eftir Margréti Sæmundsdóttur hagfræðing að virk endurhæfing í opnu úrræði skili góðum árangri og leiði til mun lægri kostnaðar þegar til lengra tíma er litið.

Við hjá EKRON vitum að úrræðið skilar árangri. Forsvarsmenn EKRON hafa þegar bent Fangelsismálastofnun á þennan vistunar- og endurhæfingarmöguleika.

Nú eru liðin tíu ár síðan tekin voru upp fjölbreytt rekstrarform á fangelsum í Bretlandi og hafa CBI, bresku samtök atvinnulífsins gefið út skýrslu þar sem lagt er mat á árangurinn. Samkvæmt þeirri skýrslu hefur verið sýnt fram á ýmsa kosti einkarekinna fangelsa umfram þau ríkisreknu, sbr.:

- betri hönnun,
- meiri sveigjanleika starfsfólks,
- meiri ábyrgðartilfinningu stjórnenda,
- gegnsærri fjármálastjórnun,
- fylgst er með framförum og vel heppnaðar nýjungar teknar upp,
- heildstæðar endurhæfingaráætlanir fyrir fanga.

Yfirmaður fangelsismála í breska innanríkisráðuneytinu, Martin Narey, segir reynsluna af þátttöku einkaaðila í rekstri fangelsa vera mjög góða.

**Samfélagsmál – velferð okkar**

Í skýrslu sem undirrituð tók nýlega saman um stöðu þátttakenda í EKRON, kemur eftirfarandi fram:

46% þátttakenda hafa afplánað dóma og lögreglan hafði haft afskipti af 51% þátttakenda. Neysla hófst að meðaltali á aldrinum 12 til 14 ára. 77% þátttakenda höfðu orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi í æsku (kynferðis-, líkamlegu og alvarlegu andlegu ofbeldi. 47% þátttakenda hafa greinst með ADHD (ofvirkni með athyglisbrest) og 35% hafa greinst með lesblindu. Allt eru þetta þættir sem vinna þarf með í endurhæfingu þessara einstaklinga.

Í efnahagsþrengingum er alltaf hætta fyrir hendi, eins og reynslan sýndi sig í finnsku kreppunni á tíunda áratugnum, að félags- og heilbrigðisvandinn aukist í samfélaginu, - semsagt ávísun á aukin útgjöld fyrir skattgreiðendur í framtíðinni. Þetta er því samfélagsmál og snýst um velferð okkar allra.

Á síðastliðnum vetri skipaði félagsmálaráðherra stýrihóp um velferðarvakt. Í skýrslu vaktarinnar kemur m.a. fram að „…hvatt sé til þess að í þeim niðurskurði sem framundan er sé verkefnum forgangsraðað en ekki skorið af öllu velferðarkerfinu því þá er hætta á að þessi hópur en verr þegar þjóðfélagið réttir úr kútnum aftur“. Þetta er það sem blasir við okkur ef ekkert verður að gert. Mikilvægt er því að ráðamenn sýni í dag fyrirhyggju, nýti þau vistunar- og endurhæfingarúrræði og þá þekkingu sem starfsfólk hefur aflað sér til þess, á sem hagkvæmastan hátt til að stemma stigu við þeirri þróun sem á sér stað í þjóðfélaginu í dag. Þannig má ná fram hagræðingu og lægri kostnað í framtíðinni.

**EKRON**

Starfsemi EKRON er fyrir þá sem eru með skerta vinnuhæfni vegna vímuefnavanda. Mikið er lagt upp úr verklegri kennslu í EKRON og er markmiðið með verklegri kennslu að þátttakendur upplifi vinnu við skemmtileg verkefni þar sem þeir tengja saman huga og hönd og gleymi sér í skapandi starfi um stund og nái að búa til fullunna nytjahluti/ gripi sem lifa áfram með þeim eða öðrum sem minna á vel heppnaða vinnu og árangur. Einnig hefur verið komið á samstarfi við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Hægt er að nálgast skýrsluna og aðrar upplýsingar um starfsemi EKRON á heimasíðunni www.ekron.is.

*Höfundur er félagsráðgjafi.*

# Í nýju og skapandi samhengi

**UMRÆÐAN**
Friðrik Rafnsson skrifar um samskipti Íslands við önnur lönd


FRIÐRIK RAFNSSON

Eitt megineinkenna nútímans er að heimurinn hefur skroppið saman, ferðatími milli landa hefur styst, samgangur þjóða á milli stóraukist og heimurinn þar með orðið einsleitari en áður var. Með stórauknum ferðalögum, stúdentaskiptum og ýmsu erlendu samstarfi ungs fólks síðustu áratugi eru utanlandsferðir nú ekki þau stórtíðindi fyrir það eins og þær voru fyrir okkur á sínum tíma. Fjarlægðirnar verða þannig að þeim finnst ekkert tiltökumál að skreppa til Spánar, Frakklands eða Þýskalands. Evrópa var ævintýraheimur fyrir okkur sem erum komin á miðjan aldur, en í þeirra huga hefst ævintýraheimurinn í raun ekki fyrr en Evrópu sleppir: Afríka, Suður-Ameríka, Kína …

**Víðsýnt ungt fólk**

Með öðrum orðum, þá erum við í þeirri sérstöku stöðu núna að til sögunnar er að koma vel menntað heimsfólk, við erum loks að sjá hilla undir það að komast af heimóttarstiginu þegar gjörspilltir stjórnmálamenn og gráðugir fjárglæframenn setja hér allt á annan endann og stórskaða orðspor Íslendinga um allan hinn siðmenntaða heim. Ef við pössum okkur ekki vel á því að halda uppi öflugum og formlegum samskiptum við umheiminn nennir þetta unga fólk, okkar besta unga fólk, hreinlega ekki að hanga uppi á þessu guðsvolaða skeri og flytur út.

**Ímyndað ráðabrugg**

Hér fyrr á árum skiptust menn mjög í fylkingar miðað við afstöðu þeirra til samstarfs við frændþjóðirnar okkar á Norðurlöndunum. Þeir sem voru andsnúnir því samstarfi voru margir knúnir áfram af minnimáttarkennd í garð gömlu herraþjóðarinnar okkar, Dana, aðrir höfðu horn í síðu Svía fyrir að vera forríkir og merkilegir með sig, o.s.frv.

Ein skondnasta birtingarmynd þessarar andúðar í garð Norðurlandanna var sú lífseiga flökkusaga að einhver norræn mafía (eða í það minnsta elíta) stjórnaði öllu hér meira og minna úr reykfylltum bakherbergjum í Norræna húsinu. Þetta er auðvitað, eins og allir vita, fáránleg kenning og hefur aldrei átt sér neina stoð í raunveruleikanum. Starfsemin í Norræna húsinu hefur alla tíð gengið út á að efla og treysta vináttuböndin milli okkar og annarra Norðurlandaþjóða og það hefur sinnt því með miklum glæsibrag.

**Enginn er eyþjóð**

Svipuð umræða á sér stað núna um Evrópubandalagið. Þar halda ýmsir að embættismenn í Brussel hafi ekkert þarfara að iðja en að brugga launráð gegn litla Íslandi. Það er reginmisskilningur: Evrópubúum, þar á meðal embættismönnum í Brussel, er langflestum alveg sama um Ísland og Íslendinga, en mörgum þeirra finnst við að ýmsu leyti áhugaverð og dugleg smáþjóð sem eflaust væri ágætt að kynnast aðeins nánar og jafnvel vinna með.

Engin nútímaþjóð getur staðið ein, allra síst fámenn þjóð eins og við Íslendingar erum. Samstarf við aðrar þjóðir er okkur lífsnauðsyn, það hafa Íslendingar vitað og stundað frá upphafi byggðar hér. Samstarf við nágranna- og frændþjóðirnar á Norðurlöndunum hefur löngum verið eðlilegast og hentugast.

**Meðalvegurinn milli heimilisins og heimsins**

Meistari Milan Kundera fjallar í nýjasta ritgerðasafni sínu, „Kynnum“, um það samhengi sem þjóðir í leit að sjálfsmynd setja sjálfar sig í, hvernig þær leitast við að finna „meðalveginn milli heimilisins og heimsins“. Við eigum gríðarmikil samskipti við aðildarríki Evrópusambandsins á öllum sviðum og deilum með þeim sama gildismati í öllum grundvallaratriðum.

Getur ekki verið að Evrópusambandið fyrir okkur Íslendinga nú á 21. öldinni, sé það samhengi sem Norðurlöndin voru okkur á síðari hluta þeirrar 20? Evrópusambandið er nefnilega ekki heimsveldi, eins og sumir hér virðast halda, heldur bandalag sjálfstæðra og fullvalda þjóðríkja. Þess vegna var það alveg hárrétt ákvörðun hjá meirihluta Alþingis um daginn að senda inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu, senda síðan úrvals fagfólk til að semja fyrir okkar hönd og leggja þau samningsdrög loks í dóm þjóðarinnar.

*Höfundur er þýðandi.*



SPARI DAGAR
2·0·0·9
AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
15% afsláttur
AF AEG ÞVOTTATÆKJUM, KÆLISKÁPUM, OFNUM, HELLUBORÐUM, GUFU-GLEYPUM og RYKSUGUM
LAVAMAT 62840 / 64840
AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
AEG ÞVOTTAVÉL
Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma. Þvottahæfni: A · Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
· 1200 snúningar /mín.
LISTAVERÐ: 124.900,-
á Sparidögum:
99.900,-
· 1400 snúningar /mín.
LISTAVERÐ: 134.900,-
á Sparidögum:
109.900,-
TF1255E
TE3200
SÆNSKA PARIÐ
Elektro EH Helios
Elektro Helios þvottavél
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti.
Sænskt stjórnborð–íslenskar leiðbeiningar
Öll hugsanlega þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Elektro Helios þurrkari
6 kg · barkaþurrkari
Sænskt stjórnborð–íslenskar leiðbeiningar
Fjöldi kerfa · Tvö hitastig · Hljóðlátur
á Sparidögum:
151.900,-
=PARIÐ=
TF1255E
Elektro EH Helios
Elektro Helios þvottavél
1200 snúninga vél · Tekur 6 kg af þvotti.
Sænskt stjórnborð–íslenskar leiðbeiningar
Öll hugsanlega þvottakerfi · Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B · Orkuflokkur: A+
á Sparidögum:
89.900,-
Emile Henry
FRÁBÆR FRÖNSK LEIRVARA
20% AFSLÁTTUR
Tefal
POTTAR OG PÖNNUR
20% AFSLÁTTUR
OBH NORDICA
SMÁTÆKI
20% AFSLÁTTUR
ZWILLING
EÐALHNÍFAR Í ELDHÚSIÐ
20% AFSLÁTTUR
brabantia
HÖNNUN Á HEIMSMÆLIKVARÐA
20% AFSLÁTTUR
AEG
SMÁTÆKI
20% AFSLÁTTUR
Verbatim
Verbatim-47530
MAGNAÐUR MARGMIÐLUNARSPILARI
500 GB harður diskur fylgir
LISTAVERÐ: 34.900,-
á Sparidögum:
29.900,-
Verbatim
Verbatim-47512
Harður diskur
1 Terabit
- í húsi
LISTAVERÐ: 27.900,-
á Sparidögum:
22.900,-
Skullcandy
Heyrnartól
15% AFSLÁTTUR
Verbatim
Heyrnartól með hljóðnema
LISTAVERÐ: 2.390,-
á Sparidögum:
1.690,-
GEISLASPILARI · ÚTVARP · Ipod VAGGA
Spilar MP3, CD-R/RW
Magnari: 2 x 80W RMS
Innbyggð iPod vagga
AM/FM útvarp með RDS
og 40 stöðva minni
Vekjaraklukka
6 tónjafnarastillingar
og X-BASS kerfi
Einföld og þægileg fjarstýring
SHARP XLDK257NH
SHARP
SAMSTÆÐA
LISTAVERÐ: 64.900,-
á Sparidögum:
49.900,-
Pioneer
Bílhátalarar
15% AFSLÁTTUR
UNDURFÖGUR MYND
SHARP
32" LCD SJÓNVARP
LISTAVERÐ: 159.900,-
á Sparidögum:
139.900,-
SHARP - LC-32DH65
HDTV · 1920 x 1080 WXGA upplausn (16:9) · Skerpa: 2.000:1 (Dynamic) · Birta: 450 cd/m2
· Sjónsvið: 176°/176° · Svartími: 6 ms · DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari - C.I. Rauf - USB
· Inngangar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video
· Clear Flat hljóðkerfi - frábær og kraftmikill hljómur
Einstök hönnun - fallegar línur og stílhreinn píanósvartur rammi.
60,000 klst. ending á skjá - samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag.
VELDU VANDAÐ – ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF
ORMSSON
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
ORMSSON LÁGMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



*Elskuleg föður- og afasystir okkar,*

**Guðmunda H. Ólafsdóttir Whittaker**

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Ásbúðartröð 5, Hafnarfirði,

lést á hjúkrunardeild 3-B Hrafnistu í Hafnarfirði 2. ágúst. Útför hennar verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 18. ágúst kl. 13.00.

**Anna Björg Halldórsdóttir**
**Halla Sólveig Halldórsdóttir**
**Magnús Ólafur Halldórsson**
**Halldór Steinn Halldórsson**
**Karl Sigurjónsson**
**Freyja Sigurjónsdóttir**



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,*

**Ingibjörg Magnúsdóttir,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 25. júlí. Útförin verður gerð frá Bústaðakirkju föstudaginn 7. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Parkinsonsamtökin.

**Erling S. Tómasson**
**Lára Erlingsdóttir** — **Þorsteinn Á. Henrysson**
**Ólöf Erlingsdóttir** — **Þorsteinn Jóhannesson**
**Björn Erlingsson** — **Bergþóra Valsdóttir**
**Magnús Ingi Erlingsson**
**Már Erlingsson** — **Halla Gunnarsdóttir**
**Heiða Erlingsdóttir** — **Rúnar Sigtryggsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,*

**Friðrik Pétursson**

fv. kennari, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Fossvogi að morgni fimmtudagsins 30. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir**
**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir**



*Ástkæri bróðir okkar og systursonur,*

**Sigurjón Magnússon**

lést þann 24. júlí. Jarðarförin fór fram þann 30. júlí í kyrrþey.

**Birkir Rafael Mikaelsson**
**Brynjar Mikael Mikaelsson**
**María Gísladóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jónas Guðlaugsson**

fv. rafveitustjóri, frá Guðnastöðum Austur-Landeyjum, Reykjavíkurvegi 52 b, Hafnarfirði,

andaðist á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 30. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. ágúst kl. 13.00.

**Dóróthea Stefánsdóttir**
**Stefán Jónasson** — **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Guðlaugur Jónasson** — **Erla Bragadóttir**
**Guðmundur Jónasson** — **Ágústa Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**

**LUCILLE BALL (1911-1989) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Ég er ekki fyndin. Ég er fyrst og fremst hugrökk.“*

***Lucille Ball er ein vinsælasta gamanleikkona allra tíma en árið 1953 voru 68 prósent af sjónvarpstækjum Bandaríkjamanna stillt á þátt hennar, I Love Lucy.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 6. ÁGÚST 1937**

## *Fjögur félög sameinuðust í KRON*



Á þessum degi árið 1937 var KRON (Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis) stofnað. Þar með sameinuðust Pöntunarfélag verkamanna í Reykjavík, Kaupfélag Reykjavíkur, Pöntunarfélag verkamannafélagsins Hlífar í Hafnarfirði og Pöntunarfélag Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur í eitt félag. Verslunarhættir snarbreyttust með tilkomu kjörbúðanna í Evrópu og fyrsta búðin sem opnuð var í Evrópu og var höfð eftir hinni amerísku fyrirmynd þar sem fólk gat sjálft valið sér vörur úr hillum, sett í körfu, og greitt á leiðinni út, var opnuð í Stokkhólmi árið 1947.

Íslendingar höfðu þó reynt að vera á undan og hafði KRON opnað verslun á horni Vesturgötu og Garðastrætis í nóvember 1942 sem átti að vera samkvæmt þessari flottu bandarísku kjörbúðarfyrirmynd. Það gekk þó illa að fylgja forskriftinni þar sem vöruúrvalið var fábreytilegt á Íslandi og gat búðin ekki boðið upp á neitt umfram það sem fékkst í öðrum búðum. Fólki fannst líka óþægilegt að fara sjálft að hillunum enda vant því að láta afgreiðslufólkið rétta sér allar vörur. Búðinni var því breytt í venjulega matvöru- og kjötbúð árið 1945. Átta árum síðar tóku fullkomnar kjörbúðir til starfa. Fyrstu vörurnar sem viðskiptavinir gátu gengið sjálfir að voru í KRON á Skólavörðustíg.

**HAFNARFJARÐARBÆR:** OPNAR FYRSTA LÖGLEGA ÚTISVÆÐIÐ FYRIR GRAFFÍTÍ

# Minna um ólöglegt veggjakrot

Fyrir um ári hleypti Hafnarfjarðarbær óvenjulegum gjörningi af stokkunum þar sem bærinn fékk ungmenni í bænum sem áhuga höfðu á graffítí-listinni til að skreyta nokkur undirgöng í bænum. Þetta svokallaða Graffítíverkefni Hafnarfjarðarbæjar hefur undið upp á sig og í sumar fékk tæpur tugur hafnfirskra ungmenna það hlutverk að skreyta undirgöng bæjarins á launum auk þess að mála yfir ólöglegt krot annars staðar í bænum. Á morgun, föstudag, verður opnuð sýning við Lækjargötu 2 í Hafnarfirði sem þessi hópur stendur að og sýnir alls kyns tegundir af graffítílist. Daginn eftir að sýningunni lýkur, 15. ágúst, verður opnun á útisvæði þar sem graffítílistamenn geta stundað iðju sína, en Marta Dís Stefánsdóttir, verkefnisstjóri hópsins, telur að það svæði sé fyrsta „löglega“ útisvæðið á höfuðborgarsvæðinu fyrir veggjalistina.

„Svæðið sem opnað verður þann fimmtánda er gamall grunnur sem staðsettur er hjá Hrafnistu. Veggurinn verður tekinn í notkun klukkan þrjú um daginn en það er mikil stemning hjá þessum strákum og auðvitað draumur fyrir þá að geta unnið að því sem þeim finnst skemmtilegt á launum.“

Stelpurnar hafa ekki verið áberandi en Marta Dís segist vonast til að verkefnið haldi áfram næsta sumar og þá mæti fleiri stelpur til leiks.

Hafnarfjarðarbær hefur verið duglegur að vinna með ungmennum í bænum og þá ekki bara „fyrirmyndarkrökkunum“ og að sögn Mörtu Dísar hefur það skilað sér. „Þetta snýst auðvitað allt um málamiðlanir. Okkur langaði til að hreinsa bæinn og búa til samkennd og með því að gefa afmörkuð svæði til að spreyja á gera þeir annað fyrir okkur á móti en það hefur borið mun minna á ólöglegu graffítíi í bænum í sumar. Við höfum notið aðstoðar eldri stráka sem hafa verið að skapa graffítílistaverk og þeir hafa þjálfað þá yngri, flutt inn fyrir mig brúsa og verið mér til halds og trausts.“

Sýningin sem verður opnuð klukkan 17 á morgun verður opin alla daga frá 16 til 20 en listamennirnir setja sýninguna upp í sjálfboðavinnu þar sem launaðri vinnu þeirra hjá bænum er lokið og Marta Dís segir að mikill eldmóður sé í hópnum sem leggi nótt við dag. „Ég finn að við erum að fá sífellt jákvæðari og jákvæðari viðbrögð og mörgum sem voru á móti þessu fyrst hefur snúist hugur enda augljóst að þetta er að skila sér í hreinni bæ um leið og graffítílistin fær að njóta sín annars staðar. Við höfum passað að hafa alltaf nóg pláss fyrir graffítílistina og málum yfir gamalt til að nýtt komist fyrir.

**juliam@frettabladid.is**



**MARGIR HAFA SKIPT UM SKOÐUN** Marta Dís Stefánsdóttir, verkefnisstjóri Graffítíverkefnis Hafnarfjarðarbæjar, segir að bæjarbúar séu farnir að líta graffítílistina jákvæðari augum eftir að nokkur svæði voru gerð lögleg til skreytinga. MYND/ÚR EINKASAFNI



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðborgar Heru Guðjónsdóttur**

Hraunvangi 3, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við prestum Fríkirkjunnar Hafnarfirði og starfsfólki St. Jósefsspítala.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Helgi S. Guðmundsson**
**Elfar Helgason**
**Helga Helgadóttir**
**og fjölskyldur.**

**Guðrún Arnbjörg Pétursdóttir**
**Adda**

lést að heimili sínu Kumbaravogi, Stokkseyri, mánudaginn 3. ágúst. Jarðarför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnar Júlíusson**
**Luther Hróbjartsson**



*Ástkær sonur minn, faðir, stjúpfaðir og afi,*

**Hörður Barðdal**

Brúnastöðum 17, Reykjavík,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, að morgni þriðjudagsins 4. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Sesselja Guðnadóttir**
**Jóhanna I. Barðdal**
**Sesselja E. Barðdal**
**Bergþóra Fanney Barðdal**
**Þórður V. Oddsson**
**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Ólafur Júlíusson**

Hávegi 3, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð mánudaginn 3. ágúst.

**Sigrún Jónsdóttir**
**Júlíus Ólafsson** — **Lillian Óskarsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Sólveig Ólafsdóttir** — **Oddbjörn Friðvinsson**
**og barnabörn.**


4BLS BÆKLINGUR
ÁGÚST TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
FRÁBÆR ÁGÚSTTILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM SJÓÐHEITUM ÁGÚST TILBOÐUM
3LEYFI
MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR
2009 INTERNET SECURITY VÍRUSVÖRN
4.990
EINN PRENTARI Á MANN
iP3600 CANON LJÓSMYNDA PRENTARI
11.900
HVERGI BETRA VERÐ
19" GLÆSILEGUR ACER SKJÁR
22.900
GLÆSILEG VERSLUN
Í BORGARTÚNI 31
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL




# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTILBOÐ 1

- AMD Sempron 1200 örgjörvi 2.1GHz
- GIGABYTE 610SM móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- 256MB GeForce 6100 skjástýring
- 6xUSB2, 2xSATA2, VGA ofl. tengi
- Passar í flestar eldri tölvur

**19.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




# GIGABYTE

## UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon X2 DUAL CORE - 2.7GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD2100 skjást.
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 450W hljóðlátur turn

**59.900**

HVERGI BETRA VERÐ!




HDMI 1080i

NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA



HVERGI BETRA VERÐ

# GIGABYTE

## GIGABYTE X TÖLVUTILBOÐ 2

GIGABYTE X tölvan er einstaklega hljóðlát með nýja Athlon II X2 Dual Core örgjörvanum og glæsilegum 22" FULL HD 1080P skjá.

- Athlon II X2 Dual Core 240 2.8GHz - 45nm
- 2GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 512MB ATI HD4550 GDDR3 skjákort
- 22" LCD FULL HD 1920x1080 skjár
- Vandað lyklaborð og Laser mús
- Windows VISTA Home Premium

**149.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁN



LACIE

# 500GB

## LACIE FLAKKARI

- 500GB LaCie örsmár flakkari
- 33% meiri hraði með USB boost
- Glansandi hönnun frá Sam Hecht
- Örsmár í lófa og aðeins 195gr.
- Útdraganleg USB snúra
- Þarf ekki straumbreyti
- Öryggis og afritunar hugbúnaður

**24.900**

250GB AÐEINS KR. 16.900

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)



Canon

## MP540 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

**19.900**

FJÖLNOTAGRÆJA

HVERGI BETRA VERÐ



hp

## HP F2280 ALL IN ONE

Ótrúlegt verð á fjölnota græju frá HP sem bæði ljósritar, prentar og skannar

**9.990**

FJÖLNOTAGRÆJA



## USB SJÓNVARPSKORT

USB Digital HDTV sjónvarps-kort með loftneti og fjarstýringu fyrir media center

**9.990**

GIGABYTE U7200



## HD201 HEYRNARTÓL

Mögnuð leikjaheyrnartól frá hinum heimsþekkta framleiðanda Sennheiser, einstök hljómgæði og heyrnartólin eru létt og þægileg í notkun.

**3.990**

SENNHEISER HEYRNARTÓL



## i-TRIGUE 2.1 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**12.900**

CREATIVE® HLJÓÐKERFI

TÖL

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík




**NAOMI SIMS** lést laugardaginn 1. ágúst. Fyrirsætan svarta náði miklum vinsældum á sjöunda áratugnum og einnig skrifaði hún nokkrar bækur um heilsu, fegurð og listina að sitja fyrir.



FRÉTTABLAÐIÐ
**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447




NÝTT
Fáðu fæturna mjúka og fína á 2 vikum með Flextiol
Flexitol
Fæst í apótekum, fótaaðgerðastofum, snyrtistofum og öðrum verslunum.

NÝIR SKOKKAR



Stærðir 38-48
20% afsláttur fimmtudag til laugardags
FLASH
Laugaveg 54, sími: 552 5201

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



Berglind Halla er með hálsmen sem hún hannaði sjálf og kjól sem hún keypti á Íslandi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Sjaldan eins og Danirnir

**Berglind Halla Elfudóttir hannar skartgripi úr plexígleri en hyggst í framtíðinni prófa önnur efni. Hún hefur mikinn áhuga á tísku, réði fatavali sínu ung og klæðir sig nú eftir því hvernig henni líður.**

„Þetta er kjóll frá hönnuðinum Eley Kishimoto," segir Berglind Halla Elfudóttir, sem búsett er í Danmörku en sótti Ísland heim í sumar, um kjólinn sem hún klæðist og keypti hér á landi í sumar. „Það hentar mér alveg ótrúlega vel að versla á Íslandi því að gengið er svo hagstætt."

Berglind Halla segist sérstaklega hafa reynt að kaupa íslenska hönnun. „Mér finnst það mjög mikilvægt. Ég hef frekar verslað hjá íslenskum hönnuðum en föt sem ég get fengið hvar sem er," upplýsir Berglind Halla og bætir við að hún hafi mikinn áhuga á tísku.

Tískuáhugi Berglindar Höllu myndaðist þegar hún var ung. „Ég byrjaði snemma að hafa sterkar skoðanir á því hverju ég klæddist. Mamma gat ekki klætt mig í hvað sem er. Ef sokkarnir pössuðu ekki við peysuna fékk hún þvert nei. Þegar ég skoða myndir af mér ungri virðist klæðnaðurinn samt allur vera hálfkjánalegur."

Berglind segist taka eftir nokkrum mun á tísku í Danmörku og á Íslandi. „Danir eru þokkalega vel klæddir en íhaldssamir. Íslenskar stelpur þora miklu meira. Ég enda oft á því að vera svolítið út úr kú í Danmörku og ekki alltaf viðeigandi klædd því ég klæði mig eins og mér líður. Mér finnst skemmtilegra að fólk klæði sig eins og því líður og tjái sig þannig," útskýrir Berglind Halla og heldur áfram: „Mér tekst einhvern veginn aldrei að vera í gallabuxum og stuttermabol þegar allir hinir eru þannig en þá er ég kannski óvart í kjól."

Tískuáhugi Berglindar Höllu lýsir sér þó ekki einungis í sérstökum fatastíl heldur hannar hún einnig skartgripi. „Ég er búin að vera að búa til skartgripina í svolítinn tíma. Þetta byrjaði þannig að mig vantaði afmælisgjöf fyrir vinkonu mína og bjó þá til hálsmen handa henni. Ég fékk svo góð viðbrögð að það hefur undið upp á sig," upplýsir Berglind Halla sem hefur ekki setið auðum höndum á Íslandi og gerði nýlega samning við Nakta apann um að selja hönnun hennar. *martaf@frettabladid.is*

VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a
Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðuþurrkublöð, ljósaperur ofl.







Shell HELIX




Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is

# ;TÍSKA



**SOKKAR** virðast vera að stinga sér inn í tískuheiminn. Til dæmis hefur sala sokka á vef Sock Shop tífaldast og Tabio, sokkarisinn japanski, var að opna sína fyrstu búð í París. Stjörnur á borð við Chloë Sevigny og Lindsay Lohan hafa verið gripnar á sokkunum í sumar.


**Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar**



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir





**Útsalan er hafin**

**20 – 50%**
**afsláttur af völdum vörum**

**Sængurfatnaður frá 4.980 kr.**

*Íslensk hönnun á enn betra verði.*

Lín DESIGN

Lín Design • Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið
Sími 533 2220 • www.lindesign


## Andlitslyfting með vörum frá Chanel

VEL VALDAR SNYRTIVÖRUR GETA GERT KRAFTAVERK OG OFT ÞARF EKKI MARGAR TIL AÐ AUGLJÓS BREYTING TIL HINS BETRA VERÐI.

Chanel svíkur ekki sannar dömur og með meik, kinna-, og varalit við höndina er skotheld útkoma næsta vís.

Lift Lumiere-baugahyljarinn hylur vel og endurnærir þreytt og bólgin augu. Meikið virkar eins og andlitslyfting og þekur einstaklega vel. Það jafnar húðlitinn og hylur hrukkur. Kinnaliturinn er samsettur úr tveimur mislitum lita-pallettum og gefur náttúrulegan ljóma en Rouge Allure-varalitur með satín-áferð setur punktinn yfir i-ið. *- ve*



Chanel gefur húðinni ljóma.



Grísk áhrif fara varla á milli mála í Chanel-kjól Karls Lagerfeld.



Alexis Mabille færir gyðju-klæðnaðinn nær nútíma.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# *Undir áhrifum* GYÐJU

**Franskir tískuhönnuðir eru sannarlega undir áhrifum hinna fornu gyðja Grikkja í samkvæmistísku vetrarins. Á pöllunum komu fyrirsæturnar svífandi inn í efnisléttum og þokkafullum kvöldkjólum.**

Mikið ber á axlapúðum og hvössum hornum á drögtum og jökkum tískuhönnuða næsta vetur en einnig er að finna afar kvenlega kvöldkjóla sem gerir þær sem þeim klæðast að draumkenndum svífandi verum. Efnið liggur gjarnan í nokkrum missíðum lögum.

*juliam@frettabladid.is*



Kjóll Stephanes Rolland minnti á gрískan harmleik enda er hann menntaður búningahönnuður.



Dominique Sirop hannaði þennan snjóhvíta skósíða kjól.






# Strigaskór

Sérblað um strigaskó, fimmtudagur 6. ágúst 2009



**Nike Dunk High Premium**
Stærðir 36-49



**Nike Dunk High Premium**
Stærð 36-49
Litir: Mismunandi



**Nike Dunk High**
Stærð 36-49
Litir: mismunandi



**Womens Nike Air Troupe Mid**
Litir, hvítur (líka hægt að fá svartan)
Stærð: 35,5 – 48,5



**Womens Nike Air Troupe Mid**
Litir, hvítur (líka hægt að fá svartan)
Stærð: 35,5 – 48,5

NIKE SPORTSWEAR

KYNNING



Þessir streetdans-skór frá Nike eru væntanlegir í vetur að sögn Árna Inga Pjeturssonar, deildarstjóra hjá Icepharma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lífsstílsskór hjá þrjátíu og fimm ára og yngri

**Nýja sporttískulínan í Nike-skóm er meðal annars hönnuð undir áhrifum frá vinsælum skóm sem fyrir voru en nýrri tækni er beitt til að auka styrk og þægindi.**

„Nike Sportswear-línan í ár snýst um að taka gamla, flotta skó og endurframleiða þá. Líka að auka gæði vel þekktra skótegunda með bestu tækni sem til er," segir Árni Ingi Pjetursson, deildarstjóri hjá Icepharma, sem er umboðs- og söluaðili fyrir Nike á Íslandi. Hann nefnir Nike Dunk high-skó sem dæmi um sígilda hönnun, þeir líti vel út og séu líka þægilegir. „Nike Dunkskórnir voru fyrst framleiddir árið 1985 sem topp-körfuboltaskór og eru einna frægastur fyrir það að Michael Jordan spilaði í slíkum skóm áður en Nike ákvað að búa til sérstaka Air Jordan-skólínu," upplýsir hann.

Nike byrjaði að endurframleiða Nike Dunk high aftur í kringum 1998 og Árni Ingi segir sölutölur sýna að hann sé orðinn lífsstílsskór hjá 35 ára og yngri.

„Það selst örugglega margfalt meira af Dunk-skóm í dag en fyrir tuttugu árum, þrátt fyrir að fáir frægir körfuboltamenn í heiminum spili í þeim," segir hann og bendir á að eitt af því skemmtilega við Dunk-skóna sé að þeir séu í mörgum mismunandi litum og oft komi frægir listamenn að hönnun á grafíkinni á þeim.

Annar sportskór sem Nike býður upp á í sumar og haust er Nike Air Troupe Mid Women´s Dance Shoe. „Sá skór er sérhannaður fyrir stelpur/konur sem stunda hiphop eða street-dans en undir áhrifum frá Nike Dunk-skónum," upplýsir Árni Ingi „Hönnuðir Nike eyddu tveimur árum í að fylgjast með og rannsaka konurnar sem dansa hiphop-ið í New York, Los Angeles, París, Seoul og Tókýó. Dansararnir höfðu allir tekið Dunk-skóna fram yfir aðra og Nike fann út hvað mætti bæta í hönnun skónna til að styrkja þá og auka gæðin enn frekar. Nýi skórinn er mjög sveigjanlegur, léttur og opinn að aftan til að gera hreyfingarnar þægilegri og betri," lýsir hann. En er einhver sala í svona skóm hér á landi? „Já, því það er hægt að nota þá í hvað sem er. Þeir eru frábærir í hiphop- og pallatímana á líkamsræktarstöðvunum og margar ganga bara í þeim dags daglega því þeir eru svo flottir," segir Árni Ingi, sem segir ofangreinda skó lítið dæmi um hvað Nike hafi boðið upp á í sumar. „Nú hlakkar maður bara til haustsins og vetrarins," segir hann að lokum.



Körfaboltagoðið Michael Jordan spilaði ávallt í Nike-skóm. NORDICPHOTOS/AFP

# Uppáhaldspörin á netinu

Leitin að hinu fullkomna strigaskópari hefur verið auðvelduð til muna því að nýlega var opnuð vefsíðan www.FindYourSneakers.com. Á síðunni er að finna stærsta netgagnagrunn strigaskóa.

„Við erum mjög spennt að kynna heimasíðuna fyrir netmarkaðnum," sagði Sjoerd Copier, forstjóri fyrirtækisins sem heldur síðunni úti. „Neytendur geta nú orðið hluti af strigaskósamfélagi og auðveldlega leitað að uppáhaldsparinu sínu."



Leit að strigaskóm hefur verið auðveldað með tilkomu nýrrar vefsíðu.

Heimasíðan auðveldar áhugafólki um strigaskó að finna þá skó sem höfða til stíls og fjárhags viðkomandi. Á síðunni er auðvelt að fletta í gegnum hinn stóra 18.373 strigaskóa gagnagrunn. Þar er hægt að leita eftir verði, lit og tegundum strigaskóa.

Opnun síðunnar nú kemur á tímum þar sem svipaðar síður eru að verða sýnilegri í netheimum og almennt notaðar samkvæmt rannsóknum fyrirtækisins eMarketer á netnotkun. *- mmf*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurf@365.is s. 512 5439



**● NÁÐU VINSÆLDUM EFTIR FYRRA STRÍÐ** Vitaskuld þurfti fyrst að finna upp gúmmíið til að hægt væri að búa til strigaskó en það gerði sjálfur Charles Goodyear sem þróaði efnið um miðja 19. öld. Hvað skóna sjálfa varðar hafa menn ekki getað alveg slegið því föstu hvenær eða hvar fyrstu strigaskórnir voru framleiddir en sumir hafa nefnt 9. áratug 19. aldar og staðsetninguna Connecticut. Fullvíst er að snemma á 20. öldinni voru reiðhjólafyrirtæki sem framleiddu dekk í reiðhjól farin að framleiða strigaskó í einhverjum mæli. Skórnir náðu hins vegar fyrst almennum vinsældum eftir fyrri heimsstyrjöld þegar Bandaríkin hvöttu ungmenni landsins til íþróttaiðkunar og vildu þannig meðal annars ýta undir þjóðerniskennd þeirra. *-jma*

**KYNNING**



**Svartir Etnies-skór úr Smash sem eru á 11.990 krónur.**

**Svartir og silfraðir ASH-skór sem kosta 19.990 krónur og fást í GS skóm.**

**Hvítir herraskór frá Diesel á 18.990 krónur sem fást í Galleríi sautján.**

# Flottir við niðurmjóar gallabuxur og leggings

**Tískukeðjan NTC hefur unnið að því upp á síðkastið að bjóða upp á strigaskó á góðu verði. Svava Johansen segir að strigaskór séu í tísku fyrir fólk á öllum aldri.**



**Svava Johansen segir strigaskó höfða til allra aldurshópa í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Strigaskór eru almennt miklu meira í tísku heldur en oft áður," segir Svava Johansen, eigandi tískukeðjunnar NTC. „Tískan er svolítið rokkuð og höfðar til breiðs aldurs en þar af leiðandi eru strigaskórnir sterkir inni, bæði háir og lágir."

Svava segir að í dag höfði strigaskór til allra aldurshópa. „Stundum er tískan aldursskipt. Krakkar og unglingar hafa alltaf keypt sér strigaskó. Þegar fólk er orðið fullorðið breytist oft tískan en núna eru strigaskórnir inni fyrir allan aldur," útskýrir hún.

Innt eftir því með hvers konar klæðnaði strigaskór henti segir Svava að með niðurmjóum gallabuxum og leggings séu þeir góðir en ekki með útvíðum buxum. „Leggings eru rosalega heitar alls staðar. Síddin á þeim breytist á milli árstíða og ára. Núna er flott að hafa þær fyrir ofan ökkla jafnt sem rosalega síðar, krumpaðar niður, með strigaskóm. Við erum að selja allar gerðir af leggings við strigaskó."

Tískukeðjan NTC rekur átján verslanir sem að sögn Svövu eru ólíkar innbyrðis. Í þeim öllum eru hins vegar nú til sölu strigaskór sem hefur þó ekki verið raunin undanfarin ár. Í NTC má finna þekkt merki á borð við Converse, Kawasaki, Etnies, Vans, ASH, Diesel, DKNY og Girbaud.

„Það er svolítið gaman með Converse að þeir eru búnir að vera til í hundrað og eitt ár. Þeir voru fundnir upp árið 1908 af Converse sem stofnaði gúmmívinnslufyrirtæki," útskýrir Svava og heldur áfram: „Þessir skór eru sígildir. Við erum hrifin af þeim og mér finnst þeir flottir á litla krakka og eldra fólk."

Í Kúltúr og Evu eru merki á borð við DKNY og Girbaud. „Salan í strigaskóm hjá þeim hefur aukist mjög mikið. Í Evunni höfum við líka verið að selja Spring Court sem er dótturfyrirtæki Freelance. Þeir hafa verið vinsælir."

Svava segir að í NTC sé mikið framboð af nýjum og ódýrari skóm. „Við höfum lagt áherslu á að finna betra verð og það hefur gengið mjög vel. Við erum með mikið af góðu innkaupafólki og höfum dreift okkur í allar áttir og út í lönd til að leita að góðum hlutum á sem bestu verði."



## Bobbie Burns

Stærðir: 36-46
Litir: Blár, hvítur, svartur
Gallerí 17



Kawasaki

Stærðir: 32-41
Margir litir
Focus



## Paul Smith Musa

Stærðir: 40-46
Kultur menn



## Converse

Stærðir: 36-45
Margir litir
Deres, Gallerí 17



## etnies

Stærðir: 39-45
Margir litir
Smash



Vespa Sprint Veloce
Stærðir: 41-47



Vespa Sprint Veloce
Stærðir: 41-47



Vespa PK
Stærðir: 41-47



Superstar II
Stærðir: 41-47



Stan Smith 2
Stærðir: 41-47

adidas


KYNNING




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjustu karlmannsskórnir frá adidas eru framleiddir í samstarfi við ítalska vespuframleiðandann Vespa en nýjustu kvenskórnir ganga undir nafninu Sleek.

# Adidas endurspeglar jafnt hefðir og nýjungar

**Adidas-skór eru í stöðugri þróun þrátt fyrir að byggja á gamalli hefð.**

Adidas er gamalgróið íþróttamerki sem á rætur sínar að rekja til hins þýska Adi Dassler sem setti fyrstu íþróttaskó sína á markað árið 1928. Þeir fengu nafnið adidas árið 1948 og í ár fagnar framleiðandinn því að sextíu ár eru liðin frá því að rendurnar þrjár, sem einkenna vörur hans, komu fyrst fram á sjónarsviðið.

Adidas framleiðir bæði íþrótta- og tískufatnað en tískufatnaðurinn gengur undir nafninu adidas originals og honum tilheyrir fjöldinn allur af skóm. „Þessir skór eru eingöngu hugsaðir sem tísku- og götustrigaskór og byggja á gamalli hefð með nýju ívafi,“ segir Bjarki Magnúsarson sölumaður hjá adidas. „Nýjustu skórnir okkar eru unnir í samstarfi við ítalska vespuframleiðandann Vespa en auk þess höfum við verið í samstarfi við Porche um nokkurra ára skeið. Í báðum tilfellum endurspegla skórnir bæði adidas og viðkomandi framleiðendur.“



Fremri skórnir eru adidas vespa, þeir aftari sleek kvenmannsskór.

Á Vespuskónum er bæði adidas- og Vespumerkið en þeir bera með sér hönnunareinkenni Vespu-mótorhjóla og eiga að endurspegla þá menningu sem þeim fylgir. Porche-skórnir, sem bæði eru merktir adidas og Porche, hafa tæknilegt og fágað yfirbragð eins og bílar Porche-framleiðandans.

Nýjustu kvenskórnir ganga undir nafninu Sleek en þar er leitast við að gera klassíska adidas-skó kvenlegri. „Karlmannsskórnir eru oft fyrirferðamiklir en sumar konutýpurnar eru til að mynda með mjórri tá,“ segir Bjarki.

Í tilefni þess að sextíu ár eru liðin frá því að rendurnar komu fyrst fram hafa óbreyttar útgáfur frá liðnum áratugum verið settar á markað en verkefnið hefur fengið nafnið „sixty years of soles and stripes“.

# Mikilvægt að vanda valið

Þegar velja skal íþróttaskó er ýmislegt sem þarf að hafa í huga. Margrét Jónsdóttir fótaaðgerðafræðingur var beðin um nokkur heilræði í því sambandi. „Það fer eftir íþróttagrein hvaða skór henta best en um alla skó gildir sú regla að þeir eiga að passa á fæturna frá upphafi og það á ekki að bíða eftir að þeir aðlagist fótunum,“ byrjar hún. „Ef þeir eru of stórir rennur notandinn fram í þá en of litlir skór geta skilað mörðum nöglum og alls konar óþægindum.“

Hún segir sérstaklega þurfa að gæta þess að tárýmið sé nægilegt þannig að hvergi þrengi að. „Í sumum íþróttagreinum, svo sem fótbolta, er ekki hjá því komist að skórnir falli þétt að. Þá er ástæða til að nudda fætur vel eftir iðkun svo að þeir beri síður skaða af,“ segir hún og telur það reyndar góða reglu eftir alla íþróttaiðkun. „Venjulegir hlaupaskór eiga að hafa dempandi púða í hælum til að verjast höggi við álagið en það getur þrefaldast að þyngd þegar hlaupið er,“ tekur Margrét fram og segir efnið í skónum verða að anda til að ekki lokist raki í þeim. „Svo á ekki að nota íþróttaskó af öðrum því hver og einn lagar skóna eftir sínum fótum.“

*- gun*



Hlauparar í Reykjavíkurmaraþoninu hafa oft fengið styrkjandi fótameðferð hjá Margréti á Fótaaðgerðastofu Seltjarnarness áður en þeir stökkva af stað.

# Ráð gegn óþef í skóm

**Þegar táfýla verður að viðvarandi vandamáli er nauðsynlegt að ráðast gegn gerlunum sem framkalla hana.**

Vond lykt úr skóm getur verið hvimleið en til að uppræta hana er til sérstakur brúsaúði að sögn Jónínu Sigurbjörnsdóttur, skósmiðs í Skóvinnustofu Sigurbjörns á Háaleitisbraut 68. „Táfýla kemur af gerlum sem eru inni í skónum og sótthreinsandi úði til að drepa niður þessa gerla virkar mjög vel. En þeir sem eiga við viðvarandi táfýluvandamál að stríða verða að spreyja alla skóna sína, ekki bara eitthvert eitt par, heldur líka inniskóna, vaðstígvélin og spariskóna. Þá má heldur ekki gleyma sumarbústaðaskónum því að þetta er smitandi og viðkomandi ber gerlana með sér á milli,“ upplýsir hún og tekur fólki vara fyrir að fá lánaða illa lyktandi skó.

„Stundum getur táfýla verið tilfallandi og bara komið af raka, til dæmis í gönguskóm og íþróttaskóm,“ tekur Jónína þó fram. Hún segir innlegg oft fyrirfinnast í slíkum skóm sem nauðsynlegt sé að taka upp eftir hverja notkun því þar undir geti leynst raki. „Þannig er það með golfskóna mína, ég tek innleggin upp eftir hvert skipti sem ég nota þá,“ segir hún. Bendir líka á kúlur sem séu látnar liggja í skóm og íþróttatöskum til að uppræta óþef. En má ekki bara þvo íþróttaskó í þvottavél? „Við fáum að sjá vandamálin sem upp koma þegar skór hafa ekki þolað þvott í vél og við mælum aldrei með því,“ svarar Jónína. Hún tekur þó fram að stundum skili vélþvottur á skóm góðum árangri en hitt gerist líka að límingar losni og skórnir detti allt að því í frumeindir séu þeir þvegnir. *- gun*



**Jónína kveðst aldrei mæla með því að þvo skó í þvottavél enda fái hún að sjá vandamálin sem upp komi við slíkan þvott.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Ilmkúlur og brúsaúðar eru ágæt meðul við ólykt.**

# Hönnuðurinn Kanye West

Tónlistarmaðurinn Kanye West hefur getið sér gott orð sem lærlingur hjá fataframleiðandanum The Gap að undanförnu en þar hefur hann starfað frá því í júní og hannað klassísk bandarísk föt.

West er þó alls enginn nýgræðingur þegar kemur að hönnun en hann hefur áður hannað strigaskó fyrir tískuvöruframleiðandann Louis Vuitton.

Strigakórnir, sem eru ekki enn komnir í verslanir, eru þegar uppseldir en parið var selt á þúsund dollara sem gerir um 121 þúsund íslenskar krónur miðað við núverandi gengi. *-ve*





**Skórnir eru ekki á neinu kreppuverði og kosta litlar 121 þúsund krónur.**



**West er fleira til lista lagt en að rappa.** NORDICPHOTOS/GETTY

**● VERÐLAUN FYRIR SKÓ ÚR RUSLI** Samband iðnhönnuða í Ameríku veitti Nike nýlega gullverðlaun fyrir umhverfisvæna strigaskóinn Nike Trash Talk eða Ruslskóinn.

Strigaskórinn er eingöngu búinn til úr afgöngum af leðri sem saumaðir eru saman og festir við endurunninn gúmmísóla. Skórinn er þó hannaður þannig að hann nýtist körfuboltamönnum í NBA-deildinni í Ameríku sem notast einungis við hágæðavörur. Skórinn var settur á markað á síðasta ári og seldist fyrsta framleiðslan upp á aðeins nokkrum klukkustundum.

Nike hefur þó ekki alltaf endurunnið afganga við framleiðslu sína. Kasey Jarvis, hönnuður hjá Nike, fór að vinna ruslskó eftir að hafa séð úrganginn frá Nike-verksmiðju í Víetnam. Fyrir tíu árum hefði Nike getað búið til heilan strigaskó úr afgöngum hvers skós en síðan þá hefur úrgangur verksmiðjanna minnkað um helming og endurvinnur Nike nú tvo þriðju hluta afganganna.

„Mig langaði ekki einungis að finna leið til að minnka úrgang heldur einnig að nýta hann í eitthvað,“ sagði hönnuðurinn Jarvis. *- mmf*





**Skósíminn naut vinsælda um skeið.**

## Hringt í skóinn

Strigaskósímar urðu vinsælir á 10. áratugnum þegar tímaritið Sports Illustrated fór að kynna þá í auglýsingaherferð. Árið 1991 voru sendar út sjónvarpsauglýsingar þar sem nýjum áskrifendum var lofaður slíkur sími. Þrátt fyrir að þeir séu varla heimilisprýði eru þeir vinsælir meðal afmarkaðs hóps enda tákn um visst tímabil sögunnar. *- sg*



Top Ten Hi Sleek
Stærðir: 36-41



Top Ten Hi Sleek
Stærðir: 36-41



Honey Mid
Stærðir: 36-41



adiHoop Mid
Stærðir: 36-41



adiHoop Mid
Stærðir: 36-41
adidas



**Monaco**
Stelpu: stærðir 36 - 42



**Stadil High**
stráka/stelpu : stærðir 36 - 46



**Stadil High Canvas**
Stærðir 36 - 42



**Garda**
Strákastærðir: 40 - 46



**Stadil High "WaterResistant"**
Stærðir 36 - 42

hummel
Character since 1923


KYNNING



Ævar hefur starfað hjá hummel um árabil og segir metnað í hönnun og framleiðslu hafa skipað fyrirtækinu í fremstu röð fyrirtækja sem framleiða íþrótta- og tómstundafatnað. Fyrirtækið var stofnað í Þýskalandi árið 1923 en nú eru höfuðstöðvarnar í Danmörku og rúmlega fimmtíu verslanir í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vorið byrjar snemma

**Retro-skór, stílhreinir, skrautlegir og ilmandi skór eru meðal þess sem er í vorlínu hummel 2010. Hluti hennar verður á boðstólum í haust.**

„Við höfum ákveðið að færa fyrstu afgreiðslu á vorlínunni 2010 fram í nóvember 2009, þar sem bókanir í vorlínuna hafa farið fram úr okkar mestu væntingum," segir Ævar Sveinsson, umboðsmaður sportvöruframleiðandans hummel á Íslandi, við fyrstu viðbrögðum við nýjum götuskóm frá fyrirtækinu.

Með aukinni áherslu á strigaskó segir Ævar nýjan markað hafa bæst við hjá hummel, sem er danskt fyrirtæki. Frá því fyrirtækið var stofnað í Þýskalandi árið 1923 hefur það getið sér góðan orðstír fyrir framleiðslu á íþrótta- og tómstundafatnaði. „Fókusinn hefur ekki verið á skóna fyrr en nú, því það tekur hreinlega langan tíma að byggja þetta upp," útskýrir hann og bætir við að í nýju vorlínunni kenni ýmissa grasa. Þar á meðal eru retro-skór sem eigi rætur að rekja til 8. áratugarins og svo skór sem ilma.

„Já, botninn á þeim ilmar," segir hann og hlær. „Og ilmurinn helst í hendur við litinn á skónum. Þannig gefa gulir skór frá sér sítrónuilm, grænir lime-ilm, fjólubláir skór lykta eins og plómur og þar fram eftir götum. Þetta minnir svolítið á ilmspjöldin sem voru vinsæl í bílana í gamla daga," heldur hann áfram en bætir við að beðið verði með ilmskóna þar til í vor.

Að sögn Ævars eru ilmandi skór þó aðeins eitt dæmi um þá nýsköpun sem stöðugt á sér stað hjá hummel í þeim tilgangi að skapa fyrirtækinu sérstöðu á markaði. „Til að mynda erum við með æfingagalla úr leðri og svo „blaser-suit" úr bómull, þannig að það er endalaust verið að prófa eitthvað nýtt."



Götuskór frá hummel kosta frá 9.990 og upp í 17.990 krónur. Þessir eru á 9.990 krónur.



Ilmskórnir koma á markað næsta vor.

Þá segir Ævar forsvarsmenn hummel í Danmörku hafa fallist á að halda nánast sama verði á götuskónum og í fyrra. „Við tókum ákvörðun um að láta ekkert stöðva okkur á þessum tímum og náðum góðum samningum enda hefur fyrirtækið fulla trú á starfseminni hérlendis. Sú ákvörðun hefur heldur betur borgað sig þar sem við finnum fyrir mikilli aukningu og meðbyr frá markaði og söluaðilum," útskýrir hann en götuskórnir frá hummel kosta frá 9.990 til 17.990 krónur miðað við núverandi gengi.

# Söfnunarárátta á háu stigi

Hinn þrítugi David Ford frá Bretlandi á 207 pör af strigaskóm. Hann er með æði fyrir strigaskóm og ætlar að eignast tvö pör í viðbót á næstunni. „Þetta er skemmtilegur vani því að maður er að safna einhverju sem hægt er að njóta á sama tíma," sagði hann.

Ford á von á sínu fyrsta barni fljótlega og hefur nú þegar keypt 30 pör handa því í sama stíl og hann sjálfur á. Einnig hefur hann keypt um 30 pör handa konu sinni.

Ford áætlar að strigaskósafn sitt sé að minnsta kosti 20.000 dala virði sem samsvarar 2.508.800 íslenskum krónum á gengi gærdagsins. *- mmf*



Bretinn David Ford mun fljótlega eiga 209 pör af strigaskóm. NORDICPHOTOS/AFP





**● KROT SEM ÞURRKAST ÚT** Graff er þyrnir í augum margra, enda ekki til prýði þegar hús og strætóskýli eru krössuð. Graff getur hins vegar einnig verið magnað og sérstætt listform við réttar aðstæður. Þannig var það fengið að láni í nýrri bandarískri skólínu sem ber heitið Graffeeti. Á skónum eru fjöldi hvítra plastræmna sem má skrifa á. Hverjum skó fylgir áfastur penni en skriftina má síðan þurrka af. Graffeeti er hugarsmíð tveggja verkfræðinga, Kelye McKinney og Jims Mulligan, sem datt í hug að búa til skó sem hægt væri að nota líkt og skólatöflur. Sjá www.graffeeti.com.





**● FRÁBÆRIR FYRIR LÍNURNAR**

Reebok kynnti nú nýlega svokallaða EasyTone-skó sem eru hannaðir sérstaklega fyrir konur - og þá kannski sérstaklega konur sem hafa ekki tíma til að stunda leikfimi en þrá engu að síður stinnan sitjanda. Leyndarmálið á að vera sérstök hönnun skónna sem stuðla að því að sá sem þá notar þarf að hafa örlítið meira fyrir því að ganga á þeim í dagsdaglegum erindagjörðum og þjálfar sig því um leið, án þess að þurfa að keyra sérstaklega í ræktina eða fara út að hlaupa. Stjörnur eins og Mel B og Kim Kardashian hafa strax gripið gæsina og eru skórnir afar vinsælir en söluaðilar Reebok hér á landi segja þá væntanlega í búðir hér heima með haustinu. *-jma*

**KYNNING**



**Lágir og klassískir Supra Dixon sem kosta 15.990 krónur.**



**Hvítir og uppháir Supra Waders sem kosta 22.990 krónur.**

# Strigaskór fræga fólksins í Hollywood

**Justin Timberlake, JC, Will Smith og fleiri frægir einstaklingar klæðast skóm í merkinu Supra sem fæst í versluninni Noland í Kringlunni.**

„Við opnuðum Noland í maí í fyrra og seljum skó og fatnað, aðallega fyrir herra en þó eitthvað líka fyrir stelpur," segir Sigurður Árni Jósefsson, sem á verslunina Noland í Kringlunni ásamt félaga sínum, Kristjáni Þór Gústafssyni. Þeir hafa báðir starfað lengi í tískubransanum á Íslandi, unnu hjá sama fyrirtæki um tíma og ákváðu síðan að stofna sitt eigið. „Okkur langaði að gera sjálfir það sem við gerum best," segir Sigurður.

Í Noland er mikið úrval af strigaskóm frá merkjum á borð við Supra og Nike. „Supra er vinsælasta merkið í Hollywood," upplýsir Sigurður en skórnir eru eftirsóttir í Bandaríkjunum og Evrópu. „Þeir eru flottir og þægilegir," segir hann en margar gerðir af þeim fást í Noland. Þar má finna ýmsar gerðir af götuskóm auk skófatnaðar sem er vinsæll meðal brettafólks.




**Sigurður Árni Jósefsson með flotta uppháa strigaskó frá merkinu Supra sem fást í versluninni Noland í Kringlunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður segir skóna vinsæla hjá báðum kynjum, en flestir viðskiptavinanna eru í kringum tvítugt. „Við leggjum áherslu á að panta aðeins fá pör af hverri gerð enda ekkert skemmtilegt ef allir eru eins," segir hann. En er einhver ein gerðin vinsælli en önnur? „Uppháir skór eru vinsælir og kaupa flestir þá," segir hann og bætir við að tískan fari í bylgjum varðandi það hvort uppháir eða lágir skór seljist betur.

Þá segir hann stjörnur eins og Justin Timberlake og Will Smith klæðast skóm frá Supra og bætir við að það megi vera í þeim við jakkaföt sem og önnur föt. „Enda hægt að fá hálfgerða sparaskó og litríka götuskó í merkinu." Skórnir fást aðeins í Noland hérlendis og kosta frá 10.000 krónum en þeir sem vilja vera sér á báti geta fjárfest í skóm sem framleiddir eru í takmörkuðu upplagi.




**Supra Diablo**
Stærðir: 40-46
Litir: Blár glans, Svartur/gulur
noland



**Supra TK**
Stærðir: 36-44
Litir: Rauður, svartur
noland



**Supra Strapped**
Stærðir: 41-44
Litir: Kopar
noland



**SupraTUF Vaider**
Stærðir: 40-46
Litir: Hvítur
noland



**Supra Suprano high**
Stærðir: 36-46
Litir: Fjólublár glans, rauður
noland

SUPRA

KYNNING

# Draga úr fótakvillum

**Asics-skór hafa verið mjög vinsælir meðal hlaupara en auk þess að henta þeim sem hafa „venjulegt hlaupalag“ eru þeir fyrstu skórnir sem eru sérstaklega gerðir fyrir þá sem hafa skakkt niðurstig.**



Í Asics-skóm eru stórir gelpúðar undir hæl og tábergi. Rósa Ág. Morthens segir það mýkja öll högg þannig að hlaupurum líður mun betur í skrokknum daginn eftir en ella. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Rósa Ág. Morthens, sölumaður Asics-skónna, segir að afar mikilvægt sé að þeir sem ætli að fara að stunda hlaup eða reglulega hreyfingu, svo sem göngu, viti hvernig hlaupalag þeirra sé því þá sé auðveldara að finna út hvernig skó skal kaupa. „Það er gott að fara í göngugreiningu hjá fagaðilum til að fá úr því skorið hvort einhverjir fótakvillar eru að hrjá mann. Þegar maður hefur fengið þá vitneskju er einfaldur leikur að velja skó sem henta hverjum og einum. Einnig skiptir máli að velja rétta stærð og í því er þumalfingursreglan að fara með tærnar alveg fram í skóna og þá á maður að geta komið löngutöng á milli fótar og hæls.“ Rósa segir þetta sérstaklega mikilvægt því fóturinn þarf smá rými þar sem hann á það til að bólgna þegar fólk er búið að hlaupa eða ganga lengi.

„Dempun í skóm er líka mikilvæg og hún þarf að vera í hæl og frammi í tábergi. Skórinn þarf líka að vera stöðugur og halda utan um fótinn, enda eru þá meiri líkur á að fólk haldi áfram að hreyfa sig í staðinn fyrir að gefast upp strax af því að þetta er svo erfitt,“ segir Rósa en góðir dempunarskór draga úr höggum sem fara upp í hné og bak þannig að hlaupið verður auðveldara og hlaupurum líður mun betur daginn eftir hreyfinguna en ella.“

Asics er eitt af vinsælustu skómerkjunum í heiminum en skórnir hafa mikla sérstöðu að sögn Rósu þar sem þeir eru hannaðir með þann tilgang að leiðrétta fótlagið, þannig að einstaklingur með örlítið skakkt niðurstig getur fengið skó sem lagar það þannig að niðurstigið verði sem eðlilegast. „Þetta skiptir miklu máli þar sem smá skekkja í niðurstigi getur ýtt undir að fólk fái álagsmeiðsli,“ segir Rósa en læknasamtök í Ástralíu og Bandaríkjunum mæla með Asics-skóm þar sem þeir draga úr ýmsum fótakvillum.

Asics-skónum er skipt í fimm flokka, þar sem í hverjum flokki er að finna skó, sem henta við ákveðnar aðstæður eða ákveðið hlaupalag. Þessir flokkar eru innanfótarstyrktir skór, stöðugir skór, venjulegir skór, léttir æfingaskór og utanvegaskór.





Strigaskórnir sem Heart Start Shoes selur í Bandaríkjunum líta út fyrir að vera notaðir.

# Snjáðir skór vinsælir

Skóframleiðendur og -salar beita ýmsum aðferðum til að vekja athygli og skapa sér sérstöðu. Þannig hefur fyrirtæki eitt í Bandaríkjunum, Head Start Shoes, hafið innflutning og sölu á ítölskum strigaskóm sem líta út fyrir að vera notaðir.

Strigaskórnir hafa vakið eftirtekt og eru vinsælir en talsmenn Head Start Shoes hafa hins vegar ekki fengist til að láta heiti skóframleiðandans í té af ótta við að önnur fyrirtæki kynnu að róa á sömu mið.

Tískuspekúlantar þykjast þó vissir um að skórnir komi úr smiðju fyrirtækisins Golden Goose Deluxe Brand. Á vefsíðu síðarnefnda fyrirtækisins er að finna skófatnað, svo sem Francy og Star, sem þykir að minnsta kosti grunsamlega líkur þeim sem Head Start Shoes selur nú við góðar undirtektir.



Að sumra mati líkjast skórnir ískyggilega mikið þessum skóm úr smiðju fyrirtækisins Golden Goose deluxe Brand.

- rve

● **VEFVIÐSKIPTI GETA VERIÐ VARASÖM** Neytendastofu í Bretlandi berast nú sífellt fleiri kvartanir frá fólki sem segist hafa orðið fyrir sölusvikum á netinu.

Eru mýmörg dæmi um að fólki berist ekki vörur, allt frá sléttujárnum upp í hágæða strigaskó, sem það hefur pantað sér í gegnum netið.

Rannsókn neytendastofu hefur leitt í ljós að hluti vefverslana gefur annaðhvort vísvitandi upp rangar upplýsingar til dæmis um heimilisfang fyrir viðskiptavinum eða eru hreinlega ekki til.

Neytendastofa biður fólk því um að afla sér upplýsinga um fyrirtækin annars staðar frá, á netinu eða í fyrirtækjaskrá. - rve





## Blast 3

Topp handbolta skór sem er gríðalega stöðugur með dempun í hál og tábergi.



## Gel Cumulus

Einkar góður og mjúkur hlaupaskór, hentar vel þeim sem eru með veljulegt niðurstig eða einhvern úthalla.



## Kayano

Topp stöðuleika og dempunar skór með normal og innanfótar niðurstígi



## Trail Attack

Einstakur utanvega skór sem er mjög léttur og með góðri dempun og með vatnsfráhrindandi filmu.



## Nimbus

Topp dempunar skór með normal niðurstígi sem kemur í veg fyrir niðurstig út á jarkann

asics
sound mind, sound body



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

## Útsölur í kreppu

Óhætt er að segja að eftir að fjármála- og efnahagskreppan skall á heimsbyggðinni muni ekkert verða eins og áður. Þetta má sjálfsagt einnig yfirfæra á tískuheiminn sem að miklu leyti lifir á velgengni annarra. Nú er öldin önnur og öll hegðan viðskiptavina er að breytast. Þegar sumarútsölum er lokið bera kaupmenn saman bækur sínar og gera upp árstíðina sem nú er að ljúka. Niðurstaðan er langt frá því að vera björt þrátt fyrir óvenju mikinn afslátt að þessu sinni, upp í 90 prósent á útsölulokum í sumum verslunum og víða 50 prósent á fyrsta degi. Samkvæmt bráðabirgðatölum frá seljendum á fjöldaframleiddum fatnaði sem birtust í franska dagblaðinu Le Monde á dögunum er samdráttur um 5 prósent ef miðað er við sölutölur frá sumarútsölum 2008. Útsölurnar örva söluna og draga að viðskiptavini en kaupmenn ná rétt því marki að vinna vel meðan á þeim stendur en eru langt frá því að bjarga árstíðinni.

Annað sem er einkennandi að þessu sinni er að kaupmenn í París eru ánægðir eins þeir í Marseille en í dreifbýli og smærri borgum er ekki það sama uppi á teningnum. Kaupmenn hafa losað sig við lager sinn og um leið um fjármuni til að greiða fyrir nýjar vörur en álagningin hefur snarlækkað og afkoma verslana því versnað. Kaupmenn segja orðið erfitt að selja fatnað og fylgihluti á fullu verði því allt gangi út á tilboð og afslætti, ekki síst með nýjum einnar viku útsölum sem heimilt er að efna til tvisvar á ári fyrir utan hinar hefðbundnu. Hvers vegna þá að kaupa eitthvað á fullu verði? Stöðugar útsölur fella þannig verðgildi vörunnar og rugla viðskiptavinina sem þora ekki að kaupa það sem þeir vilja af ótta við að varan fari svo fljótlega á tilboð eða útsölu.

En það sem veldur þó mestum áhyggjum hjá kaupmönnum er að ekkert útlit er fyrir að betur muni ganga með haustinu þegar vetrarvörurnar eiga að seljast á fullu verði. Margir komast ekki í sumarfrí og þegar skólar byrja í september þarf að borga skatta og kaupa allt það sem til skólastarfsins þarf. Líklegt að sumir foreldrar muni láta sín eigin fatakaup bíða betri tíma.

Þrátt fyrir samdrátt víða er þó ekkert væl hjá sumum tískuhúsum eins og því ítalska Roberto Cavalli sem nú býður upp á sérsaumaða kvöldkjóla, líkt og um hátísku væri að ræða, í einni af Parísarverslunum sínum. Verðið er frá 30 þúsundum evra og, eins og vera ber, með útsaumi frá Lesage sem þykir mikið gæðamerki.

Svo er ekki víst að öllu sé lokið hjá Christian Lacroix en í vikulok kemur í ljós hver mun reyna að glæða líf í fyrirtækinu en fleiri en einn aðili sækist eftir því að taka yfir tískuhúsið.

*bergb75@free.fr*



Í síðkjól frá Lisa Ho og sundfötum frá tískumerkinu Jets.



Dress eftir Allannah Hill.

# Kerr stal senunni

**Miranda Kerr sannaði að hún er ofurfyrirsæta þegar hún vakti óskipta athygli áhorfenda á tískusýningu í Sidney nýlega.**

Ástralska fyrirsætan Miranda Kerr var stjarnan á David Jones-tískusýningunni í Sydney á dögunum. Á sýningunni sýndu ástralskir tískuhönnuðir fötin fyrir vorið og sumarið 2010.

Kerr er rísandi stjarna í tískuheiminum en hún hefur verið einn af englum Vicotia's Secret frá árinu 2007. Einna er hún þó þekktust fyrir að vera kærasta leikarans Orlandos Bloom.

ÚTSALA
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
40-70%
DIESEL - G-STAR - ENERGIE - GESTUZ - DR. DENIM - MATINIQUE - BILLI BI - MOSS - BRONX - o.fl.




gallerisautján gs skór FATÓ ÓDÝRARI MERKJAVARA gallerihúsið
Laugavegi 91 - www.ntc.is

ÚTSALA
nú er
50%
afsláttur af öllum útsöluvörum
DKNY
Gerard Darel
Kristiansen du Nord
Bruuns Bazaar
...og fleiri
erum einnig
að taka upp nýjar vörur
eva
Laugavegi 89 s. 512 1715

# 500GB

**HDMI EDITION 1080i**

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**

750GB AÐEINS KR. 34.900

Antec

# 300

**BLACK FINISH**

- Einn flottasti leikjaturninn í dag
- Mjög rúmgóður tekur stærstu kort
- Mjög þróaður kaplaskipuleggjari
- 3.stk 5.25" og 6.stk 3.5" hólf
- 140mm hljóðlát útsogsvifta í toppi
- 120mm hljóðlát útsogsvifta í baki

**12.900**

MAGNAÐUR LEIKJATURN

ALLT AÐ 50% LÆKKUN Á ÖLLUM CREATIVE VÖRUM

MEÐ 64MB X-RAM

CREATIVE

# X-FI FATALITY

**MAGNAÐ HLJÓÐKORT**

- Magnað hljóðkort í leiki og tónlist
- X-Fi CMSS tækni fyrir heyrnartól
- EAX ADVANCED HD leikja effectar
- 24 bita X-Fi Crystalizer hljómgæði
- Ótrúleg hljómgæði og möguleikar
- Low Latency í tónlistarvinnslu

**7.990**

HVERGI BETRA VERÐ!

LACIE

# 1TB

**LACIE FLAKKARI**

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**21.900**

5000GB AÐEINS KR. 16.900

100% PIXLAR

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám · fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek

16:9 FULL HD

BenQ

# 24"LCD

**BENQ FULL HD LCD SKJÁR**

Stórglæsilegur 24" LCD FULL HD skjár frá Benq með 1920X1080 upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt á ótrúlegu tilboðsverði.

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 skerpa og Senseye tækni
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**44.900**

MEÐ SENSEYE TÆKNI

Blu-ray Disc

# LITE-ON BLU-RAY SPILARI

Spilaðu Blu-Ray kvikmyndir í allt að 1080P háupplausnar gæðum í tölvunni

**14.900**

HVERGI BETRA VERÐ!

16:9 FULL HD

# 22"LCD

**BENQ SKJÁR**

- 22" FULL HD 1080p 16:9 skjár
- 40000:1 skerpa, Sensey tækni
- 5ms viðbragðstími Í leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- VGA D-SUB tengi og kapall
- Senseye tryggir myndgæðin

BenQ

**34.900**

FULL HD 1080P SKJÁR

16:9 CINEMA

# 24"LCD

**BENQ SKJÁR**

- 24" LCD 16:9 Cinema skjár
- 40000:1 skerpa, Sensey tækni
- 2ms viðbragðstími í leikina
- 1920x1080 Full HD upplausn
- VGA, DVI, HDMI HDCP tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

**59.900**

FULL HD 1080P SKJÁR

FÁANLEG SVÖRT, RAUÐ EÐA HVÍT

# M7700

**ÞRÁÐLAUS**

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

GIGABYTE FARTÖLVUMÚS

# M6800

**HÁGÆÐA MÚS**

- GIGABYTE M6800 hágæða mús
- Dual Lens Optical geislamús
- 1600dpi HD-optical tækni
- Tveggja þrepa dpi næmni
- Mjúkt og þægilegt gúmmí grip
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól

**3.990**

GIGABYTE HÁGÆÐA MÚS

VUTEK

• 563 6900 • www.tolvutek.is

4BLS BÆKLINGUR

SPILAR ALLAR HELSTU HD MYNDIRNAR
HD 1366X768
720P HD AFSPILUN



MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI
9 TÍMAR
RAFHLAÐA ENDIST Í 9 TÍMA

ASPIRE one

# ONE

751

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Nýjasta og flottasta fis-fartölvan í dag, aðeins 1.3kg og með alvöru HD 1366x768 upplausn í 11.6" LED LCD örþunnum skjá

- Intel Atom Z520 1.33Ghz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400RPM SATA harðdiskur
- 11.6" CineCrystal 1366x768 LED skjár
- 54Mbps þráðlaust net, netkort ofl.
- Glæný rafhlöðutækni allt að 9 tímar
- 0.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Microsoft Works ritvinnsla ofl.
- Windows XP Home SP3

**84.900**

AÐEINS 1.3KG OG ÖRÞUNN

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
Þá lækkum við okkar verð á staðnum



TOSHIBA

# L300

EZ1521

- Intel Core 2 Duo T4200 2.0GHz
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**99.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN



HVERGI BETRA VERÐ

# 5516

- AMD Athlon TF-20 1.6GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" CineCrystal 16:9 skjár
- 512MB ATI Radeon X1200 skjást.
- Kortalesari og aðeins 2.7KG
- Windows VISTA Home Basic

**79.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN



LED 16:9 SKJÁR

acer

# 5536

5883

## ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Nýjasta kynslóð fartölva frá Acer með alla nýjustu tæknina og LED 15,6" Cinema skjá fyrir hærri upplausn og betri mynd

- AMD Dual Core X2 QL64 2.1GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,6" HD CineCrystal 16:9 LED skjár
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 512MB ATI HD3200 skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

# LANDSINS MESTA ÚRVAL AF FARTÖLVUM



Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

VERÐ FRÁ 59.900 LANDSINS MESTA ÚRVAL

acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



OPNUNARHÁTÍÐ
GRIFFILL OPNAR NÝJA VERSLUN AÐ LAUGAVEGI 12B
spurðu bara á griffill.is
20% AFSLÁTTUR
OG AUÐVITAÐ Í GRIFFLI SKEIFUNNI 11 LÍKA
AF ÖLLUM TÖSKUM OG PENNAVESKJUM
SKÓLATÖSKUR 1.495 STK
SKÓLATASKA 3.890
PUMA TÖSKUR 4.795 STK
VERÐ FRÁ 99 PENNAVESKI
ÓDÝRT Í SKÓLANN
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
TILBOÐIN GILDA 6. 7. OG 8. ÁGÚST EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



NOKKUR ORÐ
Víðir Smári Petersen

# LungA og stáltrommuhljómsveit

Sem stendur er ég í Skotlandi, nánar tiltekið á alþjóðlegri listahátíð ungs fólks í Aberdeen (LungA) og skemmti mér konunglega. Tilgangur ferðarinnar er skipulagning ferðar íslensks hóps á hátíðina á næsta ári. Fjölbreytileikinn er sannarlega fyrir hendi. Frá því að ég kom hingað á sunnudag hef ég meðal annars séð stomphóp frá Búrúndí og 30 manna stáltrommuhljómsveit frá Kanada sem spilaði meðal annars Africa með Toto og Beat It með Michael Jackson.

Þetta er í fyrsta sinn sem ég kem til Skotlands og ég verð að viðurkenna að Skotarnir hafa komið mér á óvart. Fyrsta reynslan mín var þó ekki góð því strax í flugvélinni, frá London til Aberdeen, sá ég nánast fúlskeggjaða skoska konu í töluverðri yfirvigt og sá ég því fram á að skoska þjóðin væri upp til hópa sveittir, drykkfelldir drumbakastarar.

Skotland er hins vegar töluvert öðruvísi en England. Engin rauð múrsteinahús í röðum og fólkið hér er töluvert myndarlegra. Það mætti í raun segja að Skotarnir séu líkir Íslendingum, bæði í fasi og útliti. Húmorinn þeirra er svipað kaldhæðinn og sá íslenski, sem gæti haft eitthvað að gera með veðrið, þar sem svipað skítaveður er í Skotlandi og heima á veturna. Munurinn á Íslendingum og Skotum er þó sá að Skotarnir eru kurteisari og almennilegri, þó ekki yfirborðssmeðjulegir eins og Englendingarnir. Svo eru þeir líka frábærir bílstjórar, þótt þeir keyri á öfugum vegarhelmingi!



## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

# MERKJA OUTLET

# KORPUTORGI

| Dömufatnaður | Herrafatnaður |
| Íþróttafatnaður | Barnafatnaður |
| Sundfatnaður | Skór | Töskur |

## 30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM!*

## SUNNUDAGURINN 9. ÁGÚST ER SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR!*

| | |
|---|---|
| Dömubolir | 695 |
| Dömubuxur | 995 |
| Dömutöskur | 995 |
| Dömuskór, með hæl | 1.295 |
| Dömublússur | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible], 3 pör í pk. | 895 |
| Hummel stuttermabolir | 3.995 |
| Hummel [illegible] | [illegible] |
| Hummel [illegible] | [illegible] |
| Hummel íþ[illegible] | [illegible] |
| Barnabolir | 495 |
| Barnanáttföt | [illegible] |
| Barnaskór | [illegible] |
| Barnabuxur | [illegible] |

| | |
|---|---|
| Bikinítoppar og buxur | 595 |
| Arena sundskýlur, stráka | 2.495 |
| Arena sundbolir | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| Tamaris dömuskór | [illegible] |
| Sandala[illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible], blair og bleikir | 2.495 |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | 2.495 |
| Æfingabuxur, stelpu | 2.995 |

| | |
|---|---|
| Gallabuxur, [illegible]arla | [illegible] |
| Didriksons [illegible] | [illegible] |
| [illegible] | |
| [illegible] unglinga | 4.995 |
| [illegible] (21-35) | 995 |
| [illegible]vél (29-42) | 1.495 |
| [illegible] barnastígvél | 1.895 |
| Gúmmístígvél, svört (35-40) | 3.995 |
| Íþróttaskór, karla og kvenna | 5.495 |

Reebok · Viking · Frøken Pil · Tamaris · ICHI · hummel · Rugby Jeans Co. · arena · true · Didriksons 1913

## Þúsund fermetrar af vönduðum vörum!

## Stærsta Outlet landsins!

**Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400**

* Afslátturinn gildir af verðum MerkjaOutlet. Gildir ekki um málverk, hlaupahjól, tölvuleiki og DVD-diska.

> JÍHA!

Jennifer Aniston hefur tekið að sér hlutverk sem ein af söngkonunum í Goree's Girls, mynd um kvenna-kántríbandið sem stofnað var í fangelsi á fimmta áratugnum. Er kominn tími til að fara að leita sér að kúrekastígvélum?



# bíó

bio@frettabladid.is

# Rauðhetta og Gott hár

Grínistinn Chris Rock hefur nú gert heimildarmynd um hár. Myndin heitir Good Hair eða Gott hár og er hugmyndin sprottin upp úr samtali Chris við dóttur sína þar sem hún spurði pabba sinn af hverju hún væri ekki með flott hár.



Iðnaðurinn í kringum hár svartra í Bandaríkjunum veltir mörgum milljörðum dala á ári hverju og segir myndin frá erfiðleikum svartra kvenna við að slétta lokkana. Í myndinni glittir svo í Ice-T, Salt'n'Pepa og Al Sharpton.

Myndin verður sýnd í Bandaríkjunum í október en hún fékk sérstök verðlaun á síðustu Sundance-hátíð.

Rock er ekki sá eini sem prófar sig áfram sem framleiðandi. Nýjustu fregnir herma að Leonardo DiCaprio ætli sér að framleiða nýja mynd um Rauðhettu. Myndin á að vera í allt að gotneskum stíl og hefur DiCaprio, sem mun ekki leika í myndinni, fengið David Leslie Johnson til að skrifa handritið, en handrit hans að myndinni Orphan kom skemmtilega á óvart. Má því búast við mun svakalegri sögu af Rauðhettu og er alls óvíst hvort endirinn verði jafngóður og í barnasögunni. **- kbs**

# Áróður Roths

**Nú styttist í Quentin Tarantino-myndina Inglourious Basterds og hefur stuttmynd innan myndarinnar í leikstjórn Elis Roth verið sett á netið.**

**Myndin er áróðursmynd og heitir Nation's Pride. Hún fjallar um uppskáldaðan Daniel Bruhl, helstu stríðshetju Þýskalands. Segir seiðandi kynnirinn í byrjun myndarinnar: Frá ráðherra Þriðja ríkisins, doktor Joseph Goebbels ..., með hefðbundinni Hollywood-bassarödd.**

**Kynningarefni Inglourious Basterds hefur fengið misjafnar móttökur en þykir mynd Roths styðja blóðugt grínið en þess má geta að hann leikur einnig í myndinni.**

**Inglourious Basterds verður frumsýnd í lok ágúst. - kbs**



**LÍFIÐ EFTIR DAUÐANN** Að vera dauður er ekki einfalt fyrir hina fjórtán ára Susie í Svo fögrum beinum.

# Fögur bein heilla

Í gær fór stikla úr myndinni Svo fögur bein (The Lovely Bones), af heimasíðu Apple, eins og eldur í sinu um netheiminn. Myndarinnar, sem gerð er eftir metsölubók með sama titil, er beðið með nokkurri eftirvæntingu. Peter Jackson sér um leikstjórn og aðlögun handrits.

Sagan segir frá ungri stúlku, Susie Salmon, sem er myrt. Hún vakir yfir fjölskyldu sinni sem reynir að púsla saman brotunum í hrottafenginni morðgátu hennar á meðan hún reynir að njóta lífsins eftir dauðann. En jafnvel því lífi er ógnað af þeim atburðum sem bundu enda á hitt. Jackson segir myndir af stórbrotnum heimi Susie eftir dauðann innblásnar af þáttunum The Partridge Family. Áætluð útgáfa er í desember.

Svo fögur bein er aðeins ein af mörgum kvikmyndum sem Jackson vinnur að um þessar mundir. Hann framleiðir mynd um Tinna sem Steven Spielberg leikstýrir, Leyndardómur einhyrnings, en Peter sagði nýlega frá því að seinni Tinna-myndin færi í framleiðslu 2010 og annaðhvort yrðu Sjö kraftmiklar kristalskúlur eða Fangarnir í Sólhofinu fyrir valinu. Þá framleiðir hann aðra mynd sem er vinsæl á netinu þessa dagana, District 9. Loks er beðið fregna af Temeraire, mynd um Napóleonstríðin, með drekum, sem hann er orðaður við og að sjálfsögðu Hobbitanum. **- kbs**




# Depp og Mann í fantaformi

**Spennumyndin Public Enemies með Johnny Depp í aðalhlutverki er komin í bíó. Leikstjórinn Michael Mann setur ákveðinn gæðastimpil á myndina enda margreyndur úr bransanum.**

Public Enemies gerist á kreppuárunum í Bandaríkjunum og segir frá bankaræningjanum John Dillinger (Johnny Depp) sem var þekktur fyrir gríðarlegan sjarma og fyrir að sleppa ósjaldan úr klóm lögreglunnar eftir vel heppnuð rán. Bandaríska alríkislögreglan, FBI, reynir hvað hún getur til að hafa hendur í hári hans og fer þar fremstur í flokki hinn metnaðarfulli Melvin Purvis (Christian Bale).

Leikstjórinn Michael Mann fæddist í Chicago árið 1943. Faðir hans var úkraínskur innflytjandi en móðir hans bandarísk og störfuðu þau sem kaupmenn. Á háskólaárum sínum ákvað Mann hvað hann vildi verða eftir að hann sá mynd Stanley Kubrick, Dr. Strangelove. Heillaðist hann af því hvernig hægt var að nota kvikmyndamiðilinn til að koma persónulegri skoðun sinni á framfæri fyrir milljónir áhorfenda á sama tíma.

Mann vakti fyrst athygli sem framleiðandi lögguþáttanna Miami Vice sem nutu gríðarlegra vinsælda á níunda áratugnum. Hann leikstýrði einnig nokkrum myndum, þar á meðal Manhunter, fyrirrennara Silence of the Lambs. Eftir að Miami Vice-þættirnir luku göngu sinni 1990 sneri Mann sér í auknum mæli að hvíta tjaldinu. The Last of The Mohicans með Daniel Day-Lewis í aðalhlutverki kom út 1992 við góðar undirtektir og þremur árum síðar leiddu kempurnar Robert De Niro og Al Pacino saman hesta sína í bankaránstryllinum Heat. The Insider með Russell Crowe og Al Pacino í aðalhlutverki var næst á dagskrá og fékk hún fjórar tilnefningar til Óskarsverðlauna. Næstu myndir Manns; Ali, Collateral og Miami Vice fengu einnig fínar viðtökur.

Michael Mann heldur gríðarvel á spöðunum Public Enemies og sannar að hann hefur engu gleymt þegar kemur að því að blanda saman spennu og góðri persónusköpun með Depp fremstan í flokki. Kvikmyndatakan hefur einnig yfir sér raunsæisblæ, sem svipar á köflum til æsilegustu atriðanna í hinni eftirminnilegu Heat.



**JOHN DILLINGER** Johnny Depp í hlutverki Johns Dillinger í spennumyndinni Public Enemies. NORDICPHOTOS/GETTY

## Helstu myndir Mann



**Public Enemies** 2009
**Miami Vice** 2006
**Collateral** 2004
**Ali** 2001
**The Insider** 1999
**Heat** 1995
**The Last of the Mohicans** 1992
**Manhunter** 1986

# Frá rót illskunnar til naggrísa

Það kennir ýmissa grasa hvað varðar nýjar kvikmyndir í bíóhúsum þessa vikuna, allt frá hryllingi til sérsveitar naggrísa.

Nýjasta mynd Michaels Haneke, Funny Games U.S. hefur vakið talsverða athygli. Myndin þykir mjög hrottafengin, en hún segir frá tveimur ungum piltum sem ákveða að heimsækja fjölskylduna í næsta sumarbústað og leika sér að því að pynta þau og kvelja. Hafa báðir þeirra sem leika piltana fengið verðskuldaða athygli fyrir frammistöðu sína. Parið leika Naomi Watts og Tim Roth. IMDB: 6,3 af 10. Rotten Tomatoes: 51 prósent, fersk.

Í spennumyndinni Crossing Over fléttast saman nokkrar sögur um innflytjendur sem reyna að komast inn í Bandaríkin. Í aðalhlutverkum eru Harrison Ford, Ray Liotta, Ashley Judd og Jim Sturgess. IMDB: 6,9 af 10. Rotten Tomatoes: 16 prósent, rotin.

Public Enemies fjallar um einn snjallasta bankaræningja sögunnar, John Dillinger, leikinn af Johnny Depp. Dillinger og gengi hans urðu hálfgerðar hetjur, slingir þjófar sem gerðu almenningi ekki mein. Alríkislögreglunni er gengið þyrnir í augum og upphefst klassískur leikur löggu og bófa. IMDB: 7,5 af 10. Rotten Tomatoes: 67 prósent, fersk.



**FLAGÐ UNDIR FÖGRU SKINNI** Brady Corbett er kannski sætur en þeim mun sjúkari í Funny Games U.S.

G-Force fjallar um sérsveit nagdýra sem fær það verkefni að stöðva yfirráðaþyrstan milljarðamæring. Eftir að ríkisstjórnin hættir við starfsemi sveitarinnar vandast málin, en við erum ekki að tala um neina venjulega naggrísi og G-sveitin deyr ekki ráðalaus. IMDB: 4,2 af 10. Rotten Tomatoes: 26 prósent, rotin. **- kbs**

Landsins stærsta

# Skósprengja

SKECHERS LLOYD RbK ara
ecco PETER KAISER adidas PUMA

Lágmark 50% afsláttur

mán - fös: 11 - 18
lau: 11 - 16
sun: 12 - 16

## Skósprengjan í fullum gangi

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

# Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

## > BARN Á LEIÐINNI

Penelope Cruz á von á fyrsta barni sínu með unnustanum, leikaranum Javier Bardem. „Penelope er komin fjóra mánuði á leið. Allt gengur vel og hún á eftir að verða frábær móðir,“ sagði heimildarmaður nákominn parinu. Cruz og Bardem hafa margoft leikið saman, síðast í Woody Allen-myndinni Vicky Christina Barcelona en fyrir leik sinn í henni fékk Cruz Óskarsverðlaun.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Meistarar kenna Íslendingum

Uppselt er á airbrush-námskeið Poulsen sem hefst í dag í Borgarholtsskóla. Fremstu airbrush-meistarar heims, þeir Craig Fraser og Steve VanDemon, kenna á námskeiðinu. „Þeir félagar hafa báðir komið fram á Discovery Channel þar sem fjallað er um sérsmíðuð mótorhjól og breytta bíla. Ekki er hægt að fletta airbrush-tímariti án þess að taka eftir þeim félögum,“ segir Eiríkur S. Sigurðsson í tilkynningu. Þeir verða með svokallaða „demo“ kynningu þar sem þeir sýna listir sínar á snjóbretti.



**SNILLINGUR AÐ STÖRFUM** Craig Fraser er fremstur í flokki í airbrush-listinni.

Meðal þátttakenda á námskeiðinu er Friðjón Veigar Gunnarsson, sem Fréttablaðið talaði við fyrir skömmu. „Það er frábært hvernig hann hefur róast yfir airbrush,“ segir Jóhannes Bachman hjá Poulsen, en Friðjón fann airbrush í Steininum.

Námskeiðið hentar öllum sem hafa áhuga, hvort sem það er til að mála á fólk, gítara, bíla eða gítarneglur, sem skýrir líklegast aðsóknina. Námskeiðið tekur fjóra daga og kostar sjötíu þúsund krónur með öllum efniskostnaði.

# Sátt við að vera ein

**Leikkonan Jennifer Aniston sagði í nýlegu viðtali að henni þætti ekki erfitt að vera ein. „Ef ég er táknmynd piparjúnkunnar þá verður bara að hafa það. Fólk telur mig vera einmana stúlku sem reynir eftir bestu getu að koma lífi sínu í rétt horf eftir skilnað. Ég get gert grín að sjálfri mér og haldið því til streitu jafn lengi og allur heimurinn vill halda því til streitu,“ sagði leikkonan, sem hefur átt nokkur mislukkuð sambönd eftir að hjónaband hennar og leikarans Brads Pitt endaði með skilnaði fyrir nokkrum árum.**

# Selja hönnun á hagstæðu verði

Sérstakur hönnunarmarkaður verður haldinn í dag í Nýlenduverslun Hemma og Valda, en þar munu íslenskir hönnuðir selja vörur sínar á hagstæðu verði. Meðal þeirra hönnuða sem þar munu selja vörur sínar eru fatahönnuðurinn Bryndís Sveinbjörnsdóttir, sem hannar flíkur undir nafninu Garmur og eyrnalokka búna til úr segulbandi og fallegum antík glertölum og fatahönnuðurinn Guðbjörg Jakobsdóttir sem vinnur fylgihluti úr silki og leðri, Þórey Björk Halldórsdóttir sem hannar kraga, klúta og aðra fylgihluti auk annarra hönnuða.

„Við verðum fimm saman með markaðinn sem verður á efri hæð Nýlenduverslunar Hemma og Valda á Laugavegi. Okkur langaði bara að sýna okkur og sjá aðra og vera svolítið aktívar,“ segir Bryndís Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður.

Markaðurinn hefst klukkan 14.00 og stendur til klukkan 22.00. **- sm**



**GARMUR** Bryndís Sveinbjörnsdóttir er einn þeirra hönnuða sem munu selja vörur sínar á sérstökum hönnunarmarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Mótið er fyrir félagsmenn VM og má hver félagsmaður bjóða með sér einum gesti. Mótsgjald er 5000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Matur innifalinn í þátttökugjaldinu.

Umsjónarmenn mótsins eru:
Guðmundur Helgi Þórarinsson,
Ragnar Halldórsson og Steingrímur Haraldsson.

Nánari upplýsingar um skráningu og fleira á heimasíðu VM www.vm.is

Félag vélstjóra og málmtæknimanna

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ www.vm.is


# Safnar fyrir gleðigöngu

**Tónlistarmaðurinn Seth Sharp heldur tónleika og uppboð í kvöld til að kosta þátttöku sína í Gleðigöngunni næstu helgi, en þar mun hann syngja ásamt plötusnúð og dönsurum.**

„Ég fékk hugmyndina frá uppboði sem ég fór á í sænskri kirkju í New York,“ segir tónlistarmaðurinn Seth Sharp sem heldur tónleika og uppboð á Hemma og Valda í kvöld. Uppboðið er fjáröflun fyrir þátttöku hans í Gay Pride-göngunni næstu helgi þar sem hann mun syngja ásamt DJ Karel og dönsurum.

„Í fyrra gátum við kostað þátttöku okkar í gleðigöngunni með styrkjum, en það var fyrsta skiptið okkar í göngunni og trukkurinn sem við vorum á var ekki beint sá fallegasti á götum borgarinnar. Núna langar okkur að skreyta meira og hafa betra hljóðkerfi, svo peningurinn úr uppboðinu mun nýtast vel,“ segir Seth.

„Við erum komin með mjög flottar gjafir fyrir uppboðið, svo sem kvöldverði á Santa Maria, Ítalíu, Café Oliver, Á næstu grösum og Hressó og ekki heilan lítra, heldur heilan metra af bjór frá English Pub. Einnig verður hægt að bjóða í teiknitíma hjá Karel, söngtíma hjá mér, kennslu í hvernig á að flétta hár hjá vini mínum frá Kenía og prjónatíma hjá Eddu vinkonu minni sem er æðisleg prjónakona,“ úrskýrir Seth brosandi og vonast til að sjá sem flesta á Hemma og Valda í kvöld milli 20 og 23.

**almafrettabladid.is**



**HELDUR UPPBOÐ** Seth Sharp heldur uppboð á Hemma og Valda í kvöld, en uppboðið er fjáröflun fyrir þátttöku hans í gleðigöngunni næstu helgi. Dj Karel verður honum til halds og trausts. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Jón og Kata skilja í beinni útsendingu

Fjölmiðlar vestra hafa mikið verið að velta sér upp úr sambandsslitum Gosselin-hjónanna, en þau voru með sinn eigin raunveruleikaþátt á sjónvarpstöðinni TLC í Bandaríkjunum. Þátturinn, Jon And Kate Plus 8, fjallaði um hjónin og börnin þeirra átta, en þau eiga eina tvíbura og sexbura. Sjónvarpsáhorfendur gátu svo fylgst með hvernig hjónabandið molnaði smátt og smátt og endaði að lokum með skilnaði.

Síðan þá hefur Jon verið á útopnu, hann festi kaup á stúdíóíbúð í New York og hóf samband við tvítuga háskólamær, Haley Glassman, en Jon var góður vinur foreldra hennar. Slúðurpressan komst fljótlega að því að Glassman væri ekki barnanna best og birti meðal annars myndir af henni þar sem hún lá áfengisdauð í blómapotti. Nokkrum vikum síðar sást til Jon og ungrar blaðakonu þar sem þau létu vel hvort að öðru á veitingastað. Jon og blaðakonan höfðu kynnst í gegnum sameiginlegan vin, nefnilega Michael Lohan, föður leikkonunnar Lindsay Lohan. Á meðan Jon skemmti sér með nýju vinkonunni á heimili Michaels Lohan, lifði Glassman enn í þeirri trú að hún og Jon væru par. Í nýlegu blaðaviðtali sagðist Jon vera laus og liðugur og að stúlkurnar tvær væru aðeins góðar vinkonur.

Á meðan Jon leikur lausum hala á fyrrum eiginkona hans, Kate, að hafa tekið upp samband við giftan lífvörð sinn.



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Hjónin voru gift í tæp tíu ár og eiga saman átta börn. NORDICPHOTOS/

# Komin með nýjan mann

**Síðan glamúrfyrirsætan Katie Price skildi við eiginmann sinn, söngvarann Peter Andre, í vor hefur hún verið orðuð við margan karlmanninn. Fyrirsætan viðurkenndi þó í viðtali að tímaritið OK! að hún væri komin með nýjan kærasta, bardagaíþróttamanninn Alex Reid. „Fólk heldur að ég sé að gamna mér með öllum þeim karlmönnum sem ég sést á tali við þessa dagana. En ég get staðfest það núna að ég er að hitta Alex Reid og engan annan þessa stundina. Ég var ekki með honum á meðan ég var enn gift Peter, ég þekkti hann ekki þá. Meira segi ég ekki að svo stöddu.“**



**FLJÓT AÐ JAFNA SIG** Katie Price var ekki lengi að jafna sig eftir skilnaðinn við Peter Andre.


ÚTSALA
enn meiri lækkun !
50% afsláttur
af öllum vörum
Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934
Herraverzlun, Laugavegi 7
Kvenverzlun, Laugavegi 86-94
www.andersenlauth.com
50%

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 - 10.10 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR LÚX | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3 D | L |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.30 - 5.45 | L |
| ICEAGE 3 ENSKT TAL - ÍSL. TEXTI | kl. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| FUNNY GAMES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 7.30 - 9 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| THE HURT LOCKER | kl. 8 - 10.15 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| CROSSING OVER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5.30 - 8.30 | 16 |
| THE HURT LOCKER | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 16 |
| ICE AGE 3 ENSKT TAL M/ÍSL. TEXTA | kl. 5.50 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 10.10 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 4, 7 og 10-P | 16 |
| FIGHTING | kl. 8 og 10.10 | 14 |
| HARRY POTTER | kl. 4 | 10 |
| MY SISTER'S KEEPER | kl. 8 og 10.10 | 12 |
| ÍSÖLD 3 - Íslenskt tal | kl. 4 og 6 | L |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 5 - 8 - 10:50 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 2 - 8 - 10:50 | VIP |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl.1:20 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 - 11 | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 1:20 - 2 - 5 - 8 - 10:10 | 10 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | VIP |
| BRUNO | kl. 8 | 14 |
| THE HANGOVER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 2 - 5 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| G-FORCE - 3D M/ ísl. Tali | kl. 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| G-FORCE - 3D M/ Ensk. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 1:30D - 3:40D - 8D - 10:20D | L |
| HARRY POTTER 6 | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| BRUNO | kl. 11 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| G-FORCE - 3D m/ísl.tal | kl. 6 | L |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| HARRY POTTER 6 | kl. 5 | 7 |
| THE PROPOSAL | kl. 8 - 10 | L |




# September er mánuður listanna

Bókmenntahátíð, Reykjavík Dance Festival og leiklistarhátíðin Lókal eru allar á tímabilinu 3.-12. september.

Lókal ríður á vaðið 3. september. Á hátíðinni verða Ég og vinir mínir með Húmanimal, Áhugaleikhús atvinnumanna með þríleikinn Ódauðleg verk, Þú ert hér, sem sýnt var í Borgarleikhúsinu síðasta leikár verður tekið upp að nýju sem og Dauðasyndirnar, Utan gátta úr Þjóðleikhúsinu og frá New Play Theater í Dublin kemur svo Fishamble-verkið Forgotten. Einnig er vakin athygli á útskriftarverkefnum nema Fræða og framkvæmdar.

Reykjavík Dance Festival verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu frá 4.-6. september. Þar verða frumsýnd verk eftir Hreyfiþróunarsamsteypuna, Darí Darí Dance Company, Gunnlaug Egilsson, Margréti Bjarnadóttur og Sögu Sigurðardóttur, Samsuðuna, Steinunni Ketilsdóttur, Tinnu Grétarsdóttur og Vaðal. Athygli vekur að grímuverðlaunahafarnir Saga og Margrét semja nýtt verk fyrir hátíðina sem nefnist Pretty Bassic, en Húmanimal er eins og fyrr segir sýnt á sama tíma.

Bókmenntahátíð, 7.-12. september, er að vanda pökkuð af innlendum og erlendum höfundum. Meðal erlendu höfundanna í ár er hinn íransk-hollenski Kader Abdolah en bók hans Hús moskunnar kom nýverið út í þýðingu Jónu Dóru Óskarsdóttur. Höfundar koma frá Kenýa, Færeyjum, Bandaríkjunum, Noregi, Puerto Rico, Danmörku, Litháen, Alsír, Dóminíkanska lýðveldinu og Þýskalandi. Sérstök áhersla er lögð á ljóðlist í ár og kemur af því tilefni hópur frá hinum virtu kanadísku Griffin-ljóðaverðlaunum. Það er því ljóst að listunnendur finna eitthvað við sitt hæfi í september, en Alþjóðleg kvikmyndahátíð byrjar svo hinn 17. - kbs



**ANNASAMT HAUST** Húmanimal er sýnt á Lókal, en danshöfundar þess verks semja fyrir Reykjavík Dance Festival.

# Rafrænt og stafrænt

Þær tvær plötur sem hér eru til umfjöllunar eiga það sameiginlegt að koma eingöngu út á stafrænu formi, en þannig útgáfa er alltaf að aukast, ekki síst í raftónlistarheiminum. Tonik gefur sína plötu út sjálfur. Hana má nálgast á slóðinni tonik.bandcamp.com, en bandaríska útgáfan En:peg gefur út plötu Ruxpin (enpeg.com).

Ruxpin er listamannsnafn Jónasar Þórs Guðmundssonar. Hann er búinn að vera að gefa út tónlist í tíu ár og var lengst af á mála hjá þýsku útgáfunni Elektrolux. Where Do We Float From Here er hans sjötta plata í fullri lengd, en sú fyrsta, Radio, kom út á vegum Thule árið 1999.

Ruxpin er fyrir löngu búinn að finna sína fjöl í raftónlistarheiminum, en hljómurinn og hljóðheimurinn hjá honum eru alltaf að þróast. Á nýju plötunni eru sextán lög og fjölbreytnin töluverð. Hann notar meðal annars raddbrot og umhverfishljóð sem skapa skemmtilega stemningu. Tónlistin hljómar fersk og nútímaleg, en er með mjög sterkar rætur í raftónlist tíunda áratugarins. Enn ein gæðaplatan frá Ruxpin.

Tonik er aukasjálf Antons Kaldals Ágústssonar. Hann hefur verið að búa til raftónlist í nokkur ár og á að baki að minnsta kosti fjórar mislangar plötur sem hann hefur gefið út sjálfur, meðal annars ... and the beat goes on, sem kom út árið 2005. Tonik til aðstoðar á Form Follows eru nokkrir hljóðfæraleikarar sem spila á bassa og selló. Hljóðheimur Toniks er ekki jafn fágaður og hjá Ruxpin, en þessi frekar hrái hljómur sem einkennir tónlistina hans hefur sinn sjarma. Aukahljóðfærin koma vel út, sérstaklega bassinn. Lögin eru misbitastæð, persónulega er ég hrifnastur af Monospace og Radio Edit. Á heildina litið er Form Follows athyglisverð plata frá vaxandi tónlistarmanni. Trausti Júlíusson



**TÓNLIST**

**Where Do We Float From Here**

Ruxpin

★★★★

Enn ein gæðaplatan frá Ruxpin.




**TÓNLIST**

**Form Follows**

Tonik

★★★

Athyglisverð plata frá vaxandi tónlistarmanni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 6. ágúst 2009**

### → Tónleikar

**12.15** **Steingrímur Þórhallsson** organisti og **Pamela De Sensi** flautuleikari flytja tónlist eftir Bach á tónleikum í Dómkirkjunni við Austurvöll.

**20.00** Íslenski flautukórinn, sem samanstendur af 16 flautuleikurum, flytur m.a. ný íslensk tónverk á tónleikum í **Skálholtskirkju**.

**20.00** **Í Salnum við Hamraborg** í Kópavogi, stendur yfir Tónlistarhátíð unga fólksins. Í kvöld mun ungt tónlistarfólk flytja kammermúsík eftir Mendelssohn.



**21.00** Breakbeat.is klúbbakvöld verður haldið á Jacobsen bar við Austurstræti 9. Fram koma **Kalli, Ewok** og **Jonah K.** Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitirnar Skelkur í bringu og Bárujárn spila á tóleikum á **Grand Rokk** við Smiðjustíg. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Killer Queen verða með tónleika í **Víkurröst á Dalvík**.

**22.00** Hljómsveitin Buff heldur órafmagnaða tónleika á **Café Rosenberg** við Klapparstíg.

### → Kertafleytingar

**22.30** Íslenskar friðarhreyfingar standa að kertafleytingu á Reykjavíkurtjörn, á Minjasafnstjörn á Akureyri og á Lómatjörn á Egilsstöðum. Athöfnin er í minningu fórnarlamba kjarnorkuárásanna á japönsku borgirnar Hirosima og Nagasaki. Nánari upplýsingar www.fridur.is.

### → Leikrit

**18.00** Leikhópurinn Lotta sýnir **„Rauðhettu"**, nýtt íslenskt leikrit með söngvum. Í dag fer sýningin fram á **Rútstúni í Kópavogi** (sunnan megin við Sundlaug Kópavogs).

### → Opnanir

**20.00** Verk af Kvikmynda- og vídeóhátíðinni 700IS Hreindýraland verða sýnd í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu, 6.-9. ágúst. Sýningin verður opnuð í kvöld. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is. Opið alla daga kl. 10-17, fimmtudag til kl. 22.

### → Kvöldganga

**20.00** **Dagný Guðmundsdóttir** safnvörður leiðir kvöldgöngu í Hólavallagarðinn með viðkomu í Víkurgarði. Lagt verður af stað úr Grófinni (milli Tryggvagötu 15 og 17). Allir velkomnir.

### → Sýningar



**Kolbeinn Hugi Höskuldsson** hefur opnað sýninguna „Object d'Art" í **Kling & Bang galleri** við Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl. 14-18. Enginn aðgangseyrir.

Sýningin **Safn(arar) í Hafnarborg** við Strandgötu í Hafnarfirði, hefur verið framlengd til 16. ágúst. Íslensk verk frá upphafi 20. aldar til samtímans eftir rúmlega 40 listamenn. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17, fimmtudag til kl. 21.

**Pétur Pétursson** sýnir akrílmálverk hjá World Class í Laugum við Sundlaugaveg (á svölunum á milli æfingaherbergjanna). Opið mán.-fös. kl. 6-23.30, lau. kl. 8-22, og sun kl. 8-20.

**Testosterone,** grasrótarsýningu 5 listamanna frá **Fljótdalshéraði** í Sláturhúsinu á Egilsstöðum, lýkur á laugardaginn.

# Paula Abdul hætt í Idol

**Paula Abdul er hætt sem dómari í raunveruleikaþættinum American Idol eftir átta ára starf. „Með sorg í hjarta hef ég ákveðið að snúa ekki aftur," sagði Abdul á Twitter-síðu sinni. Miklar vangaveltur höfðu verið uppi um framtíð Abdul í þættinum. Viðræður um nýjan samning höfðu átt sér stað en þær báru engan árangur. Þegar hefur verið samið við hina þrjá dómarana, þau Köru DioGuardi, Simon Cowell og Randy Jackson, auk þess sem kynnirinn Ryan Seacrest samdi til þriggja ára í síðasta mánuði.**



**BLESS** Abdul hefur yfirgefið American Idol eftir átta ára starf.


FYRIR ALLA SEM HAFA VERIÐ ...ERU ...VILJA VERA ...EÐA NEITA AÐ VERA Í SAMBANDI
JÓHANNES HAUKUR ER
HELLISBÚINN
EFTIR ROB BECKER
VINSÆLASTI EINLEIKUR ALLRA TÍMA!
FRUMSÝNDUR 3. SEPTEMBER Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10.00
LEIKSTJÓRI: RÚNAR FREYR GÍSLASON
AÐALHLUTVERK: JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON ÞÝÐING: SIGURJÓN KJARTANSSON
WWW.HELLISBUINN.IS
Miðasala á midi.is og í síma 540 9800
Vertu í sambandi vid Hellisbúann á FACEBOOK
THEATER MOGUL
bravó!

## > Lið 14. umferðar hjá Fréttablaðinu

Eftirfarandi leikmenn eru í liði umferðarinnar hjá Fréttablaðinu fyrir 14. umferð Pepsi-deildar karla. Markvörður: Fjalar Þorgeirsson (Fylki). Varnarmenn: Andrés Már Jóhannesson (Fylki), Grétar Sigfinnur Sigurðarson (KR), Ólafur Ingi Stígsson (Fylkir). Miðjumenn: Jósef Kristinn Jósefsson (Grindavík), Bjarni Guðjónsson (KR), Andri Ólafsson (ÍBV), Atli Jóhannsson (KR). Framherjar: Atli Guðnason (FH), Tryggvi Guðmundsson (FH), Símun Samúelsen (Keflavík).



sport

sport@frettabladid.is

FH-INGURINN ATLI GUÐNASON: ER LEIKMAÐUR 14. UMFERÐAR PEPSI-DEILDARINNAR HJÁ FRÉTTABLAÐINU

# *Við lítum ekki til baka heldur fram á veginn*



Framherjinn knái, Atli Guðnason, átti stóran þátt í 2-1 sigri FH gegn Breiðablik í 14. umferð Pepsi-deildarinnar þegar hann lagði upp bæði mörk Hafnarfjarðarliðsins sem var þrátt fyrir góðan sigur ef til vill að spila undir getu stóran hluta af leiknum.

„Mér fannst við reyndar vera fínir stærstan hluta af fyrri hálfleik og stjórna leiknum vel en síðan gáfum við eftir og þeir fá þarna nokkur góð færi til þess að skora. Þetta hefur reyndar gerst nokkuð oft í sumar að við höfum gefið eftir þegar líða tekur á fyrri hálfleikinn og eigum þá að vera búnir að slátra leikjunum en þegar staðan er 1-0 er alltaf möguleiki fyrir hin liðin að komast aftur inn í leikinn. Blikarnir gerðu það og létu okkur hafa vel fyrir sigrinum enda eru þeir með hörkuflott lið,“ segir Atli.

FH-ingar eru með tíu stiga forskot á toppi deildarinnar en Atli er ekki á því að tapa sér í gleðinni og segir enn langan veg vera fyrir höndum. Framherjinn vill jafnframt meina að sumarið til þessa sé langt því frá frábært hjá FH þrátt fyrir góða stöðu liðsins í deildinni.

„Þrátt fyrir góða stöðu í deildinni er ekki annað hægt en að svekkja sig á gengi okkar í hinum keppnunum. Við settum okkur þau markmið að komast í það minnsta einni umferð lengra en við gerðum í forkeppni Meistaradeildarinnar og þá ætluðum við að sjálfsögðu að vinna VISA-bikarinn. Það er því erfitt að samþykkja að þetta sé eitthvað frábært sumar hjá okkur, en við verðum að halda haus og halda áfram. Við lítum ekki til baka heldur fram á veginn,“ segir Atli.

FH mætir spútnikliði Stjörnunnar í Pepsi-deildinni í kvöld á gervigrasinu í Garðabæ þar sem heimamenn eru taplausir í sumar.

„Það skiptir engu máli hvort leikurinn er á gervigrasi eða ekki. Ég meina, við spilum á gervigrasi í níu mánuði á ári og ættum alveg að kunna það. Stjörnumenn eru annars búnir að standa sig vel í sumar og við eigum því von á erfiðum leik,“ segir Atli að lokum.



**DIOGO** Verður í eldlínunni með KR gegn Basel í kvöld. MYND/ARNÞÓR

Forráðamenn Basel í Sviss:

## Mjög hrifnir af Jordao Diogo

**FÓTBOLTI** „Hann hefur verið frábær undanfarið og það kemur manni ekkert á óvart að erlend lið séu farin að skoða hann af alvöru,“ segir Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, spurður út í áhuga á Jordao Diago sem leikið hefur frábærlega með Vesturbæjarliðinu að undanförnu.

„Það hafa samt engar fyrirspurnir eða tilboð borist enn,“ segir Rúnar, en forráðamenn svissneska liðsins Basel hafa sýnt Diogo áhuga eftir að hafa fylgst vel með síðustu leikjum Vesturbæjarliðsins.

„Eftir fyrri leikinn hittum við stjórnarmenn úr Basel og þeir voru mjög hrifnir af Diogo. Þeir hafa samt ekkert aðhafst meira. Þótt stjórnarmenn hafi áhuga þá eru kannski þjálfararnir ekki alltaf á sama máli,“ segir Rúnar sem er staddur með KR-liðinu út í sviss. - egm



**SÁ ÞRETTÁNDI** Gunnar Jarl er þrettándi A-dómarinn. MYND/DANÍEL

Fjölgar í hópi A-dómara:

## Gunnar Jarl í Pepsi-deildina

**FÓTBOLTI** Á fundi dómaranefndar KSÍ á dögunum var Gunnar Jarl Jónsson færður upp í A-hóp dómara og hefur því réttindi til að dæma leiki í Pepsi-deild karla.

Gunnar er fæddur 1983 og dæmir fyrir Leikni í Breiðholti . Hann hefur þótt dæma virkilega vel í 1. deildinni í sumar.

Hans fyrsta stóra verkefni sem A-dómari verður 12. ágúst þegar hann verður fjórði dómari í vináttulandsleik Íslands og Slóvakíu.

Gunnar á að baki sem leikmaður 112 leiki í Íslandsmóti og bikar fyrir Leikni, Leiftur/Dalvík og KB. Hann hefur einnig sinnt dómarastörfum í handbolta. - egm

# Valsleikurinn kom Söndru á EM

**„Besta frammistaða markmanns sem ég hef séð í kvennadeildinni á Íslandi,“ segir Sigurður Ragnar Eyjólfsson sem valdi Söndru Sigurðardóttur fram yfir Maríu Björgu Ágústsdóttur í lokahóp Íslands á EM.**

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari kvennalandsliðsins í fótbolta, tilkynnti í gær hvaða 22 leikmenn myndu fara með á Evrópumótið í Finnlandi þar sem íslenskt A-landslið tekur þátt í stórmóti í fyrsta sinn frá upphafi.

„Ég er mjög sáttur við þennan hóp. Við erum búnir að velta þessu vali mikið fyrir okkur enda er um mjög mikilvægan hóp að ræða. Við teljum að þetta séu bestu leikmenn Íslands í dag,“ segir Sigurður Ragnar en hann viðurkennir að það hafi ekki verið auðvelt að skilja leikmenn eftir heima.

„Það voru leikmenn sem voru nálægt þessum hóp og ættu jafnvel heima í honum. Þegar maður velur inn í síðustu sætin þá munar oft mjög litlu á leikmönnum,“ segir Sigurður Ragnar.

Hópur Sigurðar kom ekki mikið á óvart en mesta óvissan var þó í kringum hvaða þriðji markvörður færi með út. María Björg Ágústsdóttir stóð í marki íslenska liðsins þegar það sló út Írland í umspilsleikjunum og tryggði sér sæti á EM en Sigurður Ragnar ákvað að taka frekar Söndru Sigurðardóttur, markvörð Stjörnuliðsins.

„Okkar bestu markmenn finnst mér vera Þóra og Guðbjörg. Sandra og Mæja eru síðan þar á eftir, þær hafa báðar verið að bæta sig og hafa átt mjög gott sumar. Þær gera kannski einhver mistök en heilt yfir eru þær mjög góðir leikmenn og markmenn í landsliðsklassa,“ segir Sigurður sem var ánægður með hvað Sandra hefur unnið vel í sínum málum.

„Hún hefur bætt sitt líkamlega form mjög mikið og hún hefur spilað mjög stórt hlutverk í Stjörnuliðinu. Mér fannst leikur sem hún spilaði á móti Val í sumar vera besta frammistaða markmanns sem ég hef séð í kvennadeildinni á Íslandi,“ segir Sigurður Ragnar.

Kristín Ýr Bjarnadóttir er eini nýliðinn í þessum 22 manna hóp. „Kristín er einn besti skallamaður landsins; hún hefur skorað mikið af mörkum í sumar og er markahæst í deildinni. Hún hefur margt til að bjóða landsliðinu. Við lentum líka í því að Harpa fótbrotnaði en hún hefur verið í okkar hóp í langan tíma. Kristín Ýr kannski kemur í staðinn fyrir hana og fær tækifærið,“ segir Sigurður.

Sigurður Ragnar er mjög ánægður með líkamlegt ástand leikmanna landsliðsins. „Miðað við niðurstöður úr þeim þrekprófum sem við höfum gert á A-landsliði kvenna þá hefur liðið aldrei verið í betra formi enda hefur aldrei verið svona mikið undir fyrr að komast í þennan hóp. Leikmenn hafa verið mjög duglegir að æfa aukalega og leggja mikið á sig til að komast í þennan hóp. Það er mjög ánægjulegt því að við þurfum að vera í að minnsta kosti jafngóðu formi og bestu liðin ef við ætlum að eiga möguleika á að vinna þau,“ segir Sigurður Ragnar.

Íslenski hópurinn kemur saman 12. ágúst en áður en kemur að EM mun liðið mæta Serbíu í undankeppni HM á Laugardalsvellinum. „Ég sótti það fast að fá þennan leik 15. ágúst því að hann er í rauninni ekki settur inn sem alþjóðlegur leikdagur. Ég vildi fá þennan leik meðal annars til að finna stuðninginn frá fólkinu,“ segir Sigurður Ragnar og bætir við: „Það myndi vera mjög mikil vítamínsprauta fyrir okkur ef það kæmu margir áhorfendur og við fengjum góðan stuðning og góð úrslit á móti Serbíu. Þá er það frábært veganesti inn í keppnina,“ segir Sigurður Ragnar en hver eru markmiðin?

„Markmiðið er að komast upp úr riðlinum og inn í átta liða úrslitin. Við lítum alveg raunhæft á riðilinn og vitum að hann er mjög erfiður. Það væri frábært og mikið afrek að komast upp úr riðlinum. Það er yfirlýst markmið hópsins en við eigum líka okkar draumamarkmið sem við höldum innan hópsins,“ segir Sigurður Ragnar en íslenska liðið er með heimsmeisturum Þýskalands, Frakklandi og Noregi í riðli. „Það þarf helst fjögur stig til þess að komast upp úr riðlinum og það er verðugt verkefni að fá fjögur stig á móti þessum þremur þjóðum,“ fullyrðir Sigurður að lokum.

ooj@frettabladid.is



**HÁTÍÐLEGUR HÓPUR** Sigurður Ragnar Eyjólfsson tilkynnir EM-hópinn sinn á blaðamannafundi í gær. Hann fékk hjálp við valið frá þeim Guðna Kjartanssyni aðstoðarþjálfara og Guðmundi Hreiðarssyni markmannsþjálfara. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### EM-HÓPUR ÍSLANDS

| Markmenn: | Leikir |
|---|---|
| Guðbjörg Gunnarsd., Djurgården | 12 |
| Sandra Sigurðardóttir, Stjörnunni | 5 |
| Þóra B. Helgadóttir, Kolbotn | 62 |
| **Varnarmenn:** | **Leikir** |
| Ásta Árnadóttir, Tyresö | 34 |
| Erna B. Sigurðardóttir, Breiðabliki | 26 |
| Guðrún Sóley Gunnarsd., Djurgård. | 60 |
| Katrín Jónsdóttir, Val | 84 |
| Ólína G. Viðarsdóttir, Örebro | 29 |
| Sif Atladóttir, Val | 12 |
| **Miðjumenn:** | **Leikir** |
| Dóra Stefánsdóttir, Malmö | 42 |
| Edda Garðarsdóttir, Örebro | 70 |
| Erla Steina Arnard., Kristianstad | 37 |
| Hólmfríður Magnúsd., Kristianstad | 42 |
| Katrín Ómarsdóttir, KR | 22 |
| Rakel Logadóttir, Val | 15 |
| Sara Björk Gunnarsd., Breiðabliki | 17 |
| **Framherjar:** | **Leikir** |
| Dóra María Lárusdóttir, Val | 46 |
| Fanndís Friðriksdóttir, Breiðabliki | 2 |
| Guðný B. Óðinsd., Kristianstad | 14 |
| Kristín Ýr Bjarnadóttir, Val | Nýliði |
| Margrét Lára Viðarsd., Kristianstad | 52 |
| Rakel Hönnudóttir, Þór/KA | 14 |

Valskonan Kristín Ýr Bjarnadóttir er eini nýliðinn í EM-hópi Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar:

## Verð ánægð með hverja mínútu sem ég fæ

**FÓTBOLTI** Kristín Ýr Bjarnadóttir er markahæsti leikmaður Pepsi-deildar kvenna, á toppnum með sínu liði í deildinni og komin í bikarúrslitaleikinn. Kristín Ýr fékk þó örugglega bestu fréttir ársins í gær þegar hún var valin í A-landsliðið í fyrsta sinn og það fyrir lokakeppni EM í Finnlandi.

„Ég var ekki búin að gera mér neina vonir og þetta kom því mjög á óvart,“ segir Kristín Ýr sem fékk fréttirnar úr óvæntri átt rétt áður en hún fór að þjálfar stelpurnar sínar í 6. flokki. „Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfarinn minn frá því ég var lítil, hringdi í mig tíu mínútum fyrir æfingu og sagði mér fréttirnar,“ greindi Kristín Ýr frá en hún hefur skorað 16 mörk í 13 leikjum í Pepsi-deild kvenna.



**Á LEIÐ Á EM** Kristín Ýr Bjarnadóttir er í EM-hópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristín þakkar liðsfélögunum í Val fyrir að vera komin í EM-hópinn. „Ég er með það margar góðar með mér í Valsliðinu sem láta mig líta vel út. Þær eru búnar að hjálpa mér mjög mikið að skora öll mörkin,“ segir Kristín.

Kristín Ýr er í raun nýkomin af stað eftir þrjú meiðslahrjáð sumur í röð. „Ég var ekki komin svona langt í huganum. Ég var frá í þrjú ár vegna meiðsla. Ég ætlaði alltaf í A-landsliðið en svo komu þrjú mismunandi meiðsli á þremur árum,“ segir Kristín Ýr.

„Ég geri klárlega ekki neinar væntingar til þess að byrja leikina því að besta knattspyrnukona Íslands, Margrét Lára, mun væntanlega vera í framherjastöðunni,“ segir Kristín sem var þekkt fyrir það í fyrra að koma inn á og skora. „Ég verð ánægð með hverja mínútu sem ég fæ því að það er það mikill heiður að vera í hópnum að ég verð glöð þó að ég fái bara að fara út,“ segir Kristín Ýr.

Landsliðsþjálfarinn talaði um að hún væri einn besti skallamaður landsins.

„Ég hafði fyrir þetta sumar eiginlega skorað öll mörkin mín í úrvalsdeildinni með skalla. Núna er ég farin að geta skorað nokkrum sinnum með fótunum. Staðreyndin að ég get líka skorað með löppum hefur kannski hjálpað mér inn í landsliðið,“ segir Kristín Ýr að lokum í léttum tón. - óój




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**Fjölnir 1-3 Þróttur**

Fjölnisvöllur, áhorf.: 931 — Valgeir Valgeirsson (4)

*1-0 Jónas Grani Garðarsson (17.)*
*1-1 Haukur Páll Sigurðsson (45.)*
*1-2 Samuel Malson (54.)*
*1-3 Andrés Vilhjálmsson (88.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–8 (3–5) |
| Varin skot | Hrafn 2 – Sindri 2 |
| Horn | 5–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–17 |
| Rangstöður | 2–2 |

| FJÖLNIR 3–5–2 | | ÞRÓTTUR 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Hrafn Davíðsson | 5 | Sindri Snær Jensson | 6 |
| Ásgeir Aron Ásg. | 5 | Jón Ragnar Jónsson | 6 |
| Marinko Skaricic | 5 | Dennis Danry | 7 |
| Gunnar Valur G. | 4 | Dusan Ivkovic | 7 |
| Illugi Gunnarsson | 6 | Runólfur Sigmunds. | 6 |
| (87. Ragnar Heimir | -) | Morten Smidt | 4 |
| Gunnar Már Guðm. | 3 | (76. Andrés Vilhj. | -) |
| Andri Steinn Birg. | 6 | Oddur Guðmundsson | 6 |
| Tómas Leifsson | 6 | **Haukur Páll Sig.** | **8*** |
| (87. Kristinn Freyr | -) | Kristján Ómar Björns. | 7 |
| Magnús Einarsson | 5 | Milos Tanasic | 3 |
| Jónas Grani Garð. | 6 | (46. Hafþór Ægir V. | 7) |
| Andri Valur Ívarsson | 5 | Samuel Malson | 6 |
| (65. Ágúst Þór Ág. | 5) | (83. Birkir Pálsson | -) |

*Maður leiksins

## PEPSI-DEILD KARLA

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **14** | **12** | **1** | **1** | **39-11** | **37** |
| KR | 14 | 8 | 3 | 3 | 30-18 | 27 |
| **Fylkir** | **14** | **8** | **2** | **4** | **24-15** | **26** |
| Keflavík | 14 | 6 | 6 | 2 | 25-21 | 24 |
| **Stjarnan** | **14** | **7** | **2** | **5** | **33-21** | **23** |
| Valur | 14 | 6 | 2 | 6 | 17-24 | 20 |
| **Fram** | **13** | **4** | **3** | **6** | **16-17** | **15** |
| Breiðablik | 14 | 4 | 3 | 7 | 20-27 | 15 |
| **ÍBV** | **14** | **4** | **2** | **8** | **15-25** | **14** |
| Fjölnir | 15 | 3 | 3 | 9 | 18-29 | 12 |
| **Grindavík** | **13** | **3** | **3** | **7** | **16-27** | **12** |
| Þróttur | 15 | 3 | 2 | 10 | 19-37 | 11 |

**MARKAHÆSTIR Í DEILDINNI**

| | |
|---|---|
| **Arnar Már Björgvinsson, Stjörnunni** | **9** |
| Atli Viðar Björnsson, FH | 9 |
| **Alfreð Finnbogason, Breiðabliki** | **8** |
| Matthías Vilhjálmsson, FH | 7 |
| **Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni** | **6** |
| Valur Fannar Gíslason, Fylki | 6 |
| **Baldur Sigurðsson, KR** | **6** |
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 6 |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Stjarnan-FH** | **fim. 06. ágúst 19.15** |
| Breiðablik-Fylkir | fim. 06. ágúst 19.15 |
| **Fram-Keflavík** | **fim. 06. ágúst 19.15** |
| Grindavík-Valur | fim. 06. ágúst 19.15 |
| **Keflavík-Breiðablik** | **sun. 9.ágúst 19.15** |
| Þróttur R.-Grindavík | sun. 9.ágúst 19.15 |
| **Fylkir-Stjarnan** | **sun. 9.ágúst 19.15** |
| ÍBV-Fjölnir | sun. 9.ágúst 19.15 |
| **Valur-Fram** | **sun. 9.ágúst 19.15** |
| FH-KR | sun. 9.ágúst 19.15 |

# Lífsnauðsynlegur sigur Þróttar í tilefni dagsins

**Þróttarar fögnuðu mikilvægum 1-3 sigri gegn Fjölni í Pepsi-deild karla á 60 ára afmælisdegi félagsins í gær. Fjölnir missti tvo leikmenn út af með rautt spjald.**

**FÓTBOLTI** „Það var talað um sex stiga leik fyrir leikinn en við fengum því miður bara þrjú stig," sagði Þorsteinn H. Halldórsson, nýráðinn þjálfari Þróttar, í leikslok eftir 1-3 sigur gegn Fjölni í botnbaráttuslag í Pepsi-deildar karla. Þróttur er enn á botninum en er nú aðeins stigi á eftir Grindavík og Fjölni.

„Ég var sérstaklega sáttur með seinni hálfleikinn því í fyrri hálfleik vorum við alltof ragir. Við fengum meiri trú á þessu í seinni hálfleik og fórum að gera þá hluti sem við lögðum upp með fyrir leikinn. Nú heldur baráttan bara áfram," segir Þorsteinn.

Fjölnismenn mættu annars grimmir til leiks og virkuðu líklegri til þess að skora framan af. Það dró svo til tíðinda á 17. mínútu þegar Ásgeir Aron Ásgeirsson komst upp að endamörkum eftir nett þríhyrningsspil við Tómas Leifsson og sendi fyrir markið á Jónas Grana Garðarsson sem skoraði með föstu skoti af stuttu færi. Fjölnismenn héldu áfram að pressa stíft að marki Þróttar eftir markið en inn vildi boltinn ekki. Það var því heldur svekkjandi fyrir Fjölnismenn þegar gestirnir jöfnuðu í blálok fyrri hálfleiks með góðu skallamarki Hauks Páls Sigurðssonar. Staðan í hálfleik var því 1-1 og gestirnir gátu vel við unað miðað við hvenig leikurinn spilaðist. Allt annað var hins vegar að sjá til gestanna í upphafi seinni hálfleiks og Þróttarar léku af mikilli ákveðni og höfðu trú á því sem þeir voru að gera. Gestirnir uppskáru eins og þeir sáðu á 54. mínútu þegar Samuel Malsom lék á Hrafn í marki Fjölnis og skoraði af öryggi. Fjölnismenn létu mótlætið eitthvað fara í taugarnar á sér og á 71. mínútu fékk Gunnar Már Guðmundsson sitt annað gula spjald fyrir glórulausa tæklingu en stuttu síðar fékk hann gult spjald fyrir kjaftbrúk. Það liðu aðeins tvær mínútur þangað til dómarinn Valgeir Valgeirsson mundaði spjaldið að nýju og það fékk Ásgeir Aron Ásgeirsson fyrir tæklingu en dómurinn var nokkuð strangur. Eftirleikurinn var nokkuð auðveldur hjá Þrótturum gegn níu Fjölnismönnum og varamaðurinn Andrés Vilhjálmsson innsiglaði 1-3 sigur gestanna með marki skömmu fyrir leikslok. Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, var að vonum svekktur með tapið og með að missa tvo leikmenn í bann. „Ég er mjög fúll með að tapa þessum leik. Við tvær afmælisgjafir til Þróttara þá missa menn hausinn. Við vorum bara sofandi þegar þeir jöfnuðu og síðan aftur í upphafi síðari hálfleiks. Síðan fengum við tvö rauð spjöld og það er ekki það sem við þurftum fyrir mikilvæga leiki sem fram undan eru," segir Ásmundur svekktur.

omar@frettabladid.is



**ÞRÓTTUR SÓTTI SIGUR** Jón Ragnar Jónsson úr Þrótti og Magnús Ingi Einarsson, fyrirliði Fjölnis, í kapphlaupi um boltann í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BREIÐABLIK OG KR** Gætu mæst í sjálfum úrslitaleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Undanúrslit VISA-bikarsins:

## Framarar taka á móti KR

**FÓTBOLTI Í gær var dregið í undanúrslit VISA-bikars karla en leikirnir fara fram 12. og 13. september. Báðir leikirnir fara fram á Laugardalsvelli sem einnig er heimavöllur Framara. Það má því segja að Safamýrarliðið verði á heimavelli þegar það tekur á móti bikarmeisturum KR í Reykjavíkurslag.**

**Hinn leikurinn er viðureign Keflavíkur og Breiðabliks. Úrslitaleikurinn sjálfur verður svo laugardaginn 3. október.**

**- egm**

Arnar Darri Pétursson:

## Kom inn á gegn Liverpool

**FÓTBOLTI** Hinn átján ára Arnar Darri Pétursson lék síðustu tuttugu mínúturnar í marki norska liðsins Lyn í æfingaleik gegn Liverpool í gær. Enska stórliðið vann leikinn 2-0 en þannig var staðan þegar Arnari Darra var skipt inn á og hélt hann því hreinu. Fyrr í vikunni lék þessi efnilegi markvörður sinn fyrsta leik fyrir aðallið Lyn í norsku úrvalsdeildinni.

Andriy Voronin og David N`Gog skoruðu mörk Liverpool í leiknum í gær.

Annars er það að frétta úr herbúðum Liverpool að félagið komst í gær að samkomulagi við ítalska félagið Roma um kaup á miðjumanninum Alberto Aquilani. Honum er ætlað að fylla skarðið sem Xabi Alonso skilur eftir sig en hann er kominn til Real Madrid. Talið er að Liverpool muni greiða í kringum 20 milljónir fyrir ítalska landsliðsmanninn.

**- egm**




KR leikur síðari leik sinn gegn Basel í kvöld:

## Lögreglan í Sviss fylgir Miðjunni

**FÓTBOLTI** Dyggustu stuðningsmenn KR settu saman hópferð á síðari leik liðsins gegn Basel í Sviss en hann fer fram í kvöld. Þeir munu heimsækja þrjú lönd í þessari ferð sinni en þeir lenda í Þýskalandi, taka lest til Sviss og gista síðan á hóteli í Frakklandi.

„Svissneska lögreglan hafði samband við þá íslensku til að fá upplýsingar um ferðaáætlun okkar. Hún ætlar að sjá til þess að við fáum sérstaka fylgd þarna úti," segir Arnar Smárason, einn af þeim 23 eldheitu stuðningsmönnum KR sem leggja land undir fót til að styðja sitt lið.

Miðjan, eins og stuðningsmannasveit KR kallast, á síðan von á enn frekari liðstyrk í stúkunni í Sviss. „HM íslenska hestsins stendur yfir þarna í Sviss og það eru einhverjir hestamenn sem ætla að bregða sér yfir á leikinn," segir Arnar en hann segir stuðningsmenn KR alveg hafa trú á því að liðið geti komist áfram þó mótherjinn sé sterkur. Fyrri leikurinn hér á landi endaði með jafntefli 2-2.

„Við klárum þennan leik, ég hef trú á því að Gummi Ben klári þetta fyrir okkur 1-0. Við höfum alltaf trú á okkar liði og styðjum það hvar sem er á hnettinum," segir Arnar.



**ERFITT VERK** Óskar Örn í baráttunni í fyrri leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Leikmenn KR komu til Sviss aðfaranótt miðvikudags og æfðu í gærkvöldi. „Dagskráin okkar fyrir leikinn er alveg sú sama og gegn Larissa," segir Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR. „Það er mikil tilhlökkun hjá okkur og einnig þessum stuðningsmönnum sem mæta á þennan leik frá Íslandi. Það verður gaman að fá þá á völlinn."

**- egm**


10"
3 DAGA TILBOÐ
10.000 AFSLÁTTUR
ALLTAF BETRA VERÐ
79.990
TOSHIBA FARTÖLVA
Toshiba Netbook NB200-10G
1.6Ghz Intel Atom N270 örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 10" TFT XGA skjár • Intel GMA950 PCI skjákort • 3x USB 2.0, 10/100 Ethernet, VGA tengi ofl. • Windows XP Home • Aðeins 1,18 kg
FULLT VERÐ KR. 89.990
17"
Toshiba L300-25L
2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino örgjörvi • 1GB DDR2 800MHz minni • 120GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WideScreen WXGA skjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot ofl. • Windows Vista Home Basic
15,4"
TOSHIBA FARTÖLVA
99.990
HDMI
Acer Aspire 7530G-623G25MN
2.0Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-62 örgjörvi • 3GB DDR2 667MHz minni • 250GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 17" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 256MB DDR2 Geforce Go 9100M GS skjákort • 4xUSB 2.0, HDMI/TV-út, VGA, S/PDIF, ExpressCard/54 slot ofl. • Windows Vista Home Premium
acer FARTÖLVA
129.990
LYKLABORÐ OG MÚS FYLGIR
18,5"
Þynnsta sambyggða PC vél heimsins í dag!
msi BORÐTÖLVA
MSI NetOn AP1900 All in one
Intel® Atom N270 örgjörvi • 1GB minni • 160GB SATA harðdiskur • DVD SuperMulti Optical drif • 18.5" WXGA LCD breiðskjár • Intel GMA950 skjákort • 4xUSB 2.0 • Kortalesari fyrir SD, MMC, MS, XD • Vefmyndavél • Þráðlaust net • Windows Vista Home Basic ofl.
99.990
23"
HDMI
PHILIPS LCDSKJÁR
Philips 230C1HSB
23" LCD breiðtjaldsskjár, 1920x1080 punkta upplausn, 10000:1 í dínamískri skerpu, 2ms svartíma ofl. Með hátölurum. Svartur.
49.990
SanDisk
Sandisk Clip 2GB
MP3 spilari með 2GB minni, útvarpi með stöðvaminni, diktafóni, USB 2.0, 15 tíma hleðsluafhlöðu ofl.
MP3 SPILARI
9.990
Logitech
Logitech NX60
Einföld þráðlaus optical fartölvumús með USB sendi.
FARTÖLVUMÚS
4.990
FJÖLNOTATÆKI
Epson Stylus SX100
Prentari, skanni og ljósritunarvél. Prentar A4 í 5760 x 1440p, skannar í 600 x 1200 p. Prentar 26 bls á mín. USB. Windows og Mac.
EPSON
10.990
FARTÖLVUTÖSKUR
í úrvali - verð frá kr. 3.990
VERÐDÆMI
V7-Targus
Taska fyrir15.6" fartölvur
3.990
WD
HD FLAKKARI
Full HD 1080P
Western Digital HD H.264
HD 1080p margmiðlunarspilari með USB 2.0.
H.264
3 DAGA TILBOÐ
5.000 AFSLÁTTUR
24.990
FULLT VERÐ KR. 29.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750



> **Donald Trump**

„Viðskipti eru leikur þar sem peningarnir telja stigin.“

***Auðkýfingurinn Donald Trump leitar að nýjum lærlingi í raunveruleikaþættinum The Apprentice sem Stöð 2 sýnir kl. 20.10.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SEGIR BLESS VIÐ PAULU ABDUL

# *Jákvæði dómarinn horfinn á braut*

Þau tíðindi bárust í gær að Paula Abdul væri hætt í American Idol eftir að hafa setið við dómaraborðið frá upphafi, eða í átta ár. Fyrir hina fjölmörgu aðdáendur Idolsins er þetta vafalítið mikið sjokk enda hefur hún átt sinn þátt í gríðarlegum vinsældum þáttarins.



Eins og Sigga Beinteins á sínum tíma þá var Paula góði dómarinn sem dró alltaf fram það jákvæða hjá keppendum og passaði sig mjög á að gera ekki lítið úr þeim. Hún var haukur í horni fyrir söngvarana þegar illa gekk á meðan Simon Cowell hikaði ekki við að úthúða þeim fyrir slaka frammistöðu. Kýtingurinn á milli þeirra tveggja var einnig alltaf til staðar og minnti stundum á neistaflugið á milli fjölda annarra sjónvarpspara sem virðist þó aldrei ætla að verða að báli.

Góð innkoma Köru DioGuardi í síðustu Idol-þáttaröð á vafalítið sinn þátt í brotthvarfi Paulu. Kara hafði ákveðnar skoðanir og þorði að segja sína skoðun án þess að hika, auk þess sem hún er gullfalleg. Kannski fannst framleiðendunum ekki vera þörf á Paulu lengur og hugsanlega voru áhorfendur líka orðnir þreyttir á afstöðuleysi hennar og mjúku viðhorfi til dómarastarfanna.

Engu síður er sjónarsviptir af þessari glæsilegu konu sem hefur þegar skráð nafn sitt á spjald sögunnar sem meðlimur í einum vinsælasta sjónvarpsþætti allra tíma. Hún getur alltént huggað sig við það.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.00** Stjarnan–FH, beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** Family Guy SKJÁREINN



▶ **21.15** Fé og freistingar
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** The Summit STÖÐ 2



▶ **21.40** In Treatment
STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fatma menntast**

**17.45 Tómas og Tim** (12:16)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (4:15) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (48:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**20.55 EM stelpurnar okkar** (2:4) Viðtöl sem tekin voru í vor við nokkrar af stelpunum okkar í tilefni að för þeirra á EM í knattspyrnu.

▶**21.15 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (12:23) Bandarísk þáttaröð um lögfræðing auðugrar fjölskyldu í New York.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Nýgræðingar** (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.

**22.50 Heimsmeistaramót íslenska hestsins** Stutt samantekt frá keppni á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Sviss.

**23.05 Trúður** (Klovn II) (e)

**23.35 Gróðabragð** (Scalp) (2:8) (e)

**00.35 Kastljós** (e)

**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Tristan + Isolde**

**08.20 Paris, Texas**

**10.40 Good Night, and Good Luck**

**12.10 Mermaids**

**14.00 Paris, Texas**

**16.20 Good Night, and Good Luck**

**18.00 Mermaids**

**20.00 Poseidon**

**22.00 Sympathy For Mr. Vengeance**

**00.05 Kin**

**02.00 The Prophecy 3**

**04.00 Diary of a Mad Black Woman**

**06.00 Ed TV**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Gulla og grænjaxlarnir og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (5:25)

**10.00 Doctors** (6:25)

**10.30 Sjálfstætt fólk**

**11.05 New Amsterdam** (5:8)

**11.50 Gossip Girl** (21:25)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (249:260)

**13.25 Wings of Love** (117:120)

**14.15 Wings of Love** (118:120)

**15.00 Ally McBeal** (13:21)

**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Nonni nifteind, Bratz, A.T.O.M. og Elías.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (11:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons**

**19.45 Two and a Half Men** (19:24) Charlie verður gáttaður þegar hann kemst að því að Kandi hefur búið með þeim í heilar þrjár vikur án þess að hann hafi vitað af.

**20.10 The Apprentice** (2:14) Leitin að nýjum lærlingi Donalds Trumps er hafin á ný. Átján þátttakendur að takast á í markaðs- og kaupsýsluþrautum þar sem reynir á viðskiptavit þeirra, markaðsþekkingu, samstarfsvilja og færni í almennum samskiptum.

**20.55 NCIS** (24:24)

▶**21.40 The Summit** Seinni hluti framhaldsmyndar.

**23.10 Goldfinger** Sean Connery fer með hlutverk James Bonds. Auðkýfingurinn Auric Goldfinger ætlar sér að gera útaf við vestrænt efnahagskerfi til þess að margfalda gildi hlutabréfa sinna og önnur verðmæti.

**00.55 Lie to Me** (7:13)

**01.40 In Good Company**

**03.30 Cold Blood**

**04.45 Friends** (11:24)

**05.05 The Simpsons**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Fjölnir - Þróttur** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**15.50 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**16.45 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.

▶**19.00 Stjarnan - FH** Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**21.15 10 Bestu: Arnór Guðjohnsen** Þriðji þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu fótboltamenn Íslandssögunnar.

**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.00 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.45 Stjarnan - FH** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**01.35 Pepsímörkin 2009**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Lyn - Liverpool** Útsending frá leik sem fór fram í Noregi.

**17.50 Lyn - Liverpool** Útsending frá leik sem fór fram í Noregi.

**19.30 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.00 Season Highlights 2005/2006** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**20.55 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**21.25 Community Shield 2009 - Preview** Hitað upp fyrir leik Man. Utd og Chelsea um Samfélagsskjöldinn.

**21.55 PL Classic Matches** Arsenal - Chelsea, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.25 PL Classic Matches** Liverpool - Chelsea, 1996.

**22.55 Man. Utd - Portsmouth** Útsending frá leik Man. Utd og Portsmouth um Samfélagsskjöldinn.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Monitor** (7:8) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Monitor** (7:8) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.15 America's Funniest Home Videos** (9:48) (e)

**18.40 Greatest American Dog** (e)

**19.30 All of Us** (17:22) Bandarísk gamansería um fráskilin hjón, Robert og Neesee, sem eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.

**20.00 Everybody Hates Chris** (11:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

▶**20.30 Family Guy** (10:18) Teiknimyndasería fyrir fullorðna.

**21.00 Flashpoint** (2:18) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Sérsveitin er kölluð út þegar fjölskyldu er haldið í gíslingu en komast fljótt að því að ekki er allt sem sýnist.

**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (12:22) Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma.

**22.40 Penn & Teller: Bullshit** (36:59) Penn & Teller leita sannleikans og takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.10 Britain's Next Top Model** (6:10) (e)

**00.00 CSI. Miami** (15:21) (e)

**00.40 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Gestir eru á öndverðum meiði í stjórnmálum.

**21.00 Útvegurinn** Umsjón hefur Sigurður Sveinn Sverrisson. Nýr alhliða þáttur um sjávarútvegsmál á Íslandi. (e)

**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgensson ræðir um matarmenningu við gest sinn.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.55**

### NCIS

Spennuþáttaröð sem hefur skipað sér í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Mark Harmon fer með aðalhlutverkið.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Law & Order: Criminal Intent**

### Skjáreinn kl. 21.50

Bandarísk sakamálasería þar sem fylgst er með stórmálasveit lögreglunnar í New York fást við klóka krimma. Þættirnir hafa þá sérstöðu að það eru tvö teymi af aðalleikurum sem skiptast á þáttum. Í þættinum í kvöld rannsaka Logan og Wheeler þegar slúðurdálkahöfundur er myrtur og komast að því að hann átti marga óvini.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunfrúin
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunfrúin - heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Ljósið í vatninu
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Þuríður ást mín og angur
**20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Syndin er lævís og lipur
**23.00** Útvarpsperlur: Fimm dagar í Moskvu
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (248:260)
**17.15 Hollyoaks** (249:260)
**17.40 The O.C. 2** (6:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.25 Seinfeld** (16:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góða vini sem eru álíka duttlungarfullir og hann sjálfur.
**18.45 Hollyoaks** (248:260)
**19.15 Hollyoaks** (249:260)
**19.40 The O.C. 2** (6:24)
**20.25 Seinfeld** (16:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶**21.40 In Treatment** (12:43) Ný þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston. Þættirnir hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir frumleika og óvenju einlæg og trúverðug efnistök. Gabriel Byrne er í hlutverki Pauls.
**22.10 The Summit** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Stórt lyfjafyrirtæki hylmir yfir vísindatilraun sem fer skelfilega úrskeiðis með því að myrða þá menn sem geta komið upp um þá. Til að hefna dauða sonar síns, ákveður ein móðirin að koma af stað faraldri sem enginn sér endann á og setur því gjörvalt mannkynið í stórhættu.
**23.40 Monarch Cove** (8:14)
**00.25 Sjáðu**
**00.55 Fréttir Stöðvar 2**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.00** Only Fools and Horses **11.30** Absolutely Fabulous **12.00** My Hero **12.30** After You've Gone **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** My Hero **15.15** After You've Gone **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Hero **18.30** After You've Gone **19.00** Coupling **19.30** The Black Adder **20.05** Dalziel and Pascoe **20.55** Coupling **21.25** The Black Adder **22.00** EastEnders **22.30** The Weakest Link **23.15** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**11.20** OBS **11.30** Politiskolen **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Hovdingebold **14.05** Lucky Luke **14.30** Naruto **14.55** Den lyserode panter **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Oggy og kakerlakkerne **15.30** Fandango med Sine **16.00** Vilde verden **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Fra opvasker til hotelkonge **18.00** Den store dag **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Landsbyhospitalet **20.15** Northanger Abbedi **21.50** Jagten på pædofile **22.45** Seinfeld

## NRK 1

**12.30** Svisj gull jukeboks **13.45** My boy Jack **15.20** Litt som deg **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjorn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Froken Fridas helsproe eventyr **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Landsskytterstevnet **18.25** Der fartoy flyte kan **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.20** Etter katastrofen **21.00** Kveldsnytt **21.15** Etter katastrofen **22.05** I USA med Stephen Fry **23.05** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **23.35** Ekstremvær jukeboks

## SVT 1

**11.05** Flyttlasset går **13.00** Med pukor och trumpeter **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Merete Mazzarella i fyra akter **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Tandfe tur och retur **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Berulfsens pengabinge **17.30** Rapport **17.50** Regionala nyheter **18.00** Packat & klart sommar **18.30** Öringfiske jorden runt **19.00** Spioner på riktigt. Mouras mysterier **20.00** Friidrottskväll **20.30** Bye Bye C'est Fini **20.45** Kriminaljouren **21.30** La Paloma **22.25** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég myndi segja að best væri að fara á Feita tómatinn sem er í kjallaranum á Iðu. Þar er bæði gott að borða og einstaklega ódýrt.“*

Íris Stefanía Skúladóttir, framkvæmdastjóri Leikhús-Batterísins.

# Jón Axel með kitlandi tilboð á borðinu

„Það er alltaf gaman að fá tilboð, það kitlar alltaf,“ segir Jón Axel Ólafsson, fyrrverandi útvarpsmaður á Bylgjunni.

Einar Bárðarson er í óða önn að undirbúa útvarpsstöð sína Kanann og hefur nú leitað til Jóns Axels sem gerði garðinn frægan með Gunnlaugi Helgasyni í þættinum Tveir með öllu fyrir tæpum tveimur áratugum. „Einari er greinilega alvara. Við erum búnir að heyrast undanfarið og ræða þessi mál. Það liggur tilboð á borðinu frá honum,“ segir Jón, sem starfaði síðast hjá Árvakri.

Tilboðið felst í stjórnun morgunþáttar Kanans. Hvort Gulli Helga sitji við hlið hans á eftir að koma í ljós en bæði Jón og Einar hafa óskað eftir kröftum hans. Einar telur þó minni líkur á að Gulli láti til leiðast. „Það verður líklega Einn með öllu en ekki Tveir með öllu. Þetta var einn besti morgunþáttur allra tíma. Ef maður fær bara helminginn af honum þá er maður flottur því Jón er einn reyndasti útvarpsmaður þjóðarinnar.“

Einar segir nauðsynlegt að fá til liðs við sig hressa útvarpsmenn á þessum síðustu og verstu tímum. „Þú getur rétt ímyndað þér hvað þjóðina vantar mikla upplyftingu. Það er ekki andlega auðveldur vetur fram undan,“ segir hann. „Maður er að leita að röddum sem voru fremstar í flokki en hafa kannski tekið sér frí. Maður vill ekki setja of mikið ójafnvægi á fæðukeðjuna.“

Kaninn fer í loftið 1. september og hefur Tvíhöfði þegar skráð sig til leiks. „Þessi hugmynd er búin að fá rosalega góðar móttökur og ég er virkilega glaður og þakklátur,“ segir athafnamaðurinn Einar. **- fb**



**JÓN AXEL ÓLAFSSON** Útvarpsmaðurinn fyrrverandi hefur fengið kitlandi tilboð frá Einari Bárðarsyni.



**EINAR BÁRÐARSON** Útvarpsstöð Einars, Kaninn, fer í loftið 1. september.



**LÁRÉTT**
**2.** hæfileika, **6.** 999, **8.** krá, **9.** blóðhlaup, **11.** tveir eins, **12.** dýrahljóð, **14.** óróleg, **16.** utan, **17.** rotnun, **18.** besti árangur, **20.** fyrirtæki, **21.** heimsálfa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tala, **3.** í röð, **4.** vörurými, **5.** dýrahljóð, **7.** olíusósa, **10.** skora, **13.** meðal, **15.** tröll, **16.** kerald, **19.** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gáfu, **6.** ím, **8.** bar, **9.** mar, **11.** rr, **12.** mjálm, **14.** ókyrr, **16.** án, **17.** fúi, **18.** met, **20.** ms, **21.** asía.

**LÓÐRÉTT: 1.** fimm, **3.** áb, **4.** farmrúm, **5.** urr, **7.** majónes, **10.** rák, **13.** lyf, **15.** risi, **16.** áma, **19.** tí.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Current TV.
2. Handrit Árna Magnússonar.
3. Alberto Aquilani.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**KF MJÖÐM** Knattspyrnufélagið Mjöðm hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum í Carlsberg-utandeildinni í sumar. Í efri röð frá vinstri eru Örvar Smárason, Sveinn Ólafur Gunnarsson, Guðmundur Jörundsson, Númi Tómasson og Kjartan Trauner. Neðri röð frá vinstri: Guðmundur Einar, Einar Sonic, Henrik Linnet, Heimir Orri Magnússon, Hinrik Þór Ágústsson og Theodór Sölvi Tómasson.
MYND/MATTHÍAS ÁRNI INGIMARSSON

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ MJÖÐM: FRÁBÆR TAKTUR Í ALLT SUMAR

# Listaspírur í fantaformi

„Þetta er búið að vera alveg stórgott. Það er geðveikur mórall á æfingum og skemmtilegt að spila með strákunum. Ég veit ekki hvort það er músíkin í okkur eða einhver taktur, við náum bara alveg fáránlega vel saman,“ segir Logi Höskuldsson úr hljómsveitinni Sudden Weather Change og meðlimur hins stjörnum prýdda fótboltaliðs KF Mjöðm.

Liðið hefur farið á kostum í Carlsberg-utandeildinni í sumar og þegar tryggt sér sæti í sextán liða úrslitum. Er það mikil breyting frá því í fyrra þegar enginn leikur vannst. Í framhaldinu fór liðið í sjálfskipað fjölmiðlabann á meðan það vann í sínum málum en núna hefur það loksins verið rofið. „Ég held að við eigum eftir að fara alla leið. Á góðum degi er allt hægt,“ segir Logi, sem kom nýr inn í FK Mjöðm í sumar. Bættist hann í hóp með listaspírum á borð við Örvar Þóreyjarson Smárason úr múm, leikarana Svein Ólaf Gunnarsson og Jörund Ragnarsson, Sindra Má Sigfússon eða Seabear, Högna Egilsson úr Hjaltalín og listmálarann Davíð Örn Halldórsson. Á meðal fleiri liðsmanna eru Einar Sonic, gítarleikari Singapore Sling, og Númi Tómasson, kokkur á Segurmo og fyrrverandi trommari í Andhéra.

Logi er reyndar að jafna sig eftir að hafa meiðst á ökkla fyrr í sumar á tónleikaferð Sudden Weather Change með Reykjavík!. Óhappið átti sér stað í aparólu á Seyðisfirði þar sem honum og trommuleikara Sudden var sveiflað upp í loftið með fyrrgreindum afleiðingum. „Þetta var ömurlegt en það var samt gaman að sjá breiddina í liðinu. Þó svo að einn maður falli út þá kemur bara maður í manns stað.“

Spurður hver hafi leikið best með Mjöðminni í sumar nefnir hann að Örvar í múm hafi verið gríðarsterkur í vörninni og líkir honum við sjálfan Paolo Maldini, goðsögnina úr AC Milan.

Örvar, sem er einn af stofnmeðlimum KF Mjaðmar, sagði upp fyrirliðabandinu í sumar til að geta einbeitt sér að fótboltanum og virðist það hafa skilað tilætluðum árangri, enda ekki vanþörf á eftir vonbrigðin í fyrra. „Við ætluðum okkur að gera miklu betur í sumar. Við vissum að við höfðum gæðin í liðinu. Við vorum duglegir að æfa síðasta vetur og það var ekkert annað í myndinni en að gera betur,“ segir Örvar og bendir á að Einar Sonic hafi sýnt mestu framfarirnar í ár. „Hann hefur verið mesti máttarstólpinn í þessari upprisu liðsins. Ég held ég halli ekki á neinn þegar ég kalli hann nafn sumarsins.“

**freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fótboltamaðurinn **Prince Rajcomar** skemmti sér á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina, að því er Vísir greindi frá í gær. Sagan af þjóðhátíðarferðinni er langt í frá sú eina sem gengur af Prinsinum um þessar mundir. Önnur saga segir að kappanum þyki meira en lítið gaman að kitla pinnann. Þannig á Prinsinn að hafa verið tekinn fyrir að keyra á 180 kílómetra hraða innan borgarmarkanna í fyrra og verið sviptur ökuskírteininu í kjölfarið. Þau skilaboð virðast hins vegar ekki alveg hafa komist til skila því sagan hermir að fyrr á þessu ári hafi hann verið tekinn á 170 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni. Og það á Range Rover með einkanúmerinu Prinsinn.



**Karl Wernersson** sem kenndur er við Milestone hefur verið mikið í umræðunni undanfarið vegna málefna Sjóvár. Milljarðatap og arðgreiðslur virtast þó ekki vera honum ofarlega í huga um hádegisbilið í gær þegar hann æfði golfsveifluna í Básum.



Einleikurinn Hellisbúinn verður frumsýndur í Íslensku óperunni í byrjun september. Jóhannes Haukur Jóhannesson leikur Hellisbúann og Rúnar Freyr Gíslason er leikstjóri. Frægasti Hellisbúi landsins, **Bjarni Haukur Þórsson**, virðist þó seint ætla að losna úr hlutverkinu þrátt fyrir að hafa gefið sýningarréttinn frá sér fyrir lifandis löngu. Hann mun vera orðinn nokkuð pirraður á því að vera sífellt að fá símtöl vegna þessarar fyrirhuguðu frumsýningar sem hann hefur ekkert með að gera. **- hdm**



# Saklaus en syndug Glæpasaga

„Við erum búin að taka upp prufuútgáfu af myndinni, sjö mínútna „teaser“ sem við ætlum að dreifa innan skamms. Svo er stefnt á það að hefja tökur eftir áramót og að myndin komi í bíó í lok ársins 2010,“ segir Elvar Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður um myndina Glæpasögu. Myndin er spæjarasaga í anda Fimm fræknu bókanna eftir Enid Blyton og fjallar um Eyrúnu og Andra sem voru saman í spæjarafélagi þegar þau voru yngri en eru að komast á unglingsaldur. Þau finna blóðpoll í bænum og byrja að rannsaka málið sem reynist miklu flóknara en þau mál sem þau hafa áður leyst. Elvar segir myndina gerist á tímabilinu þegar unglingurinn er að koma í heiminn, í kringum 1954-56 og bætir við að þetta sé poppkornsmynd með spennu, gríni og kynlífi. Glæpasaga er framleidd af Fræ Kvikmyndum.

Er hann sjálfur hrifinn af bókunum? „Ég er hrifinn af þessum heimi. Ég er yfir mig ástfanginn af öllu sem er saklaust og syndugt á sama tíma. Mér finnst þessar bækur vera það og þessi tími vera það. Mér finnst það voða spennandi þegar krakkar sem lifa í einhverju amerísku kökuhúsi fatta allt í einu að stelpan við hliðina á þeim er með píku og þurfa einhvern veginn að takast á við það.“

Handritið í höndum Elvars var unnið í samráði við fjölda fólks. „Við erum lengi búin að vera að leita að krökkum. Það var margra mánaða ferli þar sem við tókum nokkur hundruð manns í prufur.“ Úr voru valin Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Alexander Briem, Annetta Rut Kristjánsdóttir og Hilmar Guðjónsson. Myndin er sú fyrsta í fullri lengd eftir Elvar, en eftir er að fjármagna hana. **- kbs**



**GLÆPASAGA** Unglingar í uppnámi í nýrri íslenskri kvikmynd. MYND/FRÆFILMS



**FYRSTA VERK Í FULLRI LENGD** Elvar hefur einbeitt sér að myndböndum og auglýsingum hingað til.

# 2+2 = MacBook

## sama hvernig þú reiknar dæmið



## MacBook 13”

**Verð: 194.900.-**

Golla hulstur fylgir

## golla fartölvuhulstur

fylgir öllum fartölvum keyptum hjá Apple í ágúst



**Microsoft Office pakkinn**
fyrir nemendur / 3 leyfi í pakka
Verð: 21.990.-



Western Digital
**Flakkarar**
USB2/320GB/500GB
Verð frá: 18.990.-
Tekur straum af tölvunni



golla
**Fartölvutöskur**
Fyrir MacBook / MacBook Pro
Verð frá: 7.990.-



PURO
**Hátalarar / Music Balls**
fyrir iPod / iPhone
Verð: 4.990.-
(iPod á mynd fylgir ekki)



**Gott úrval leikja**
Verð frá : 3.990.-

---

## iPod shuffle

4GB / 1000 lög

**Verð: 18.990**

Hæð x breidd 4,52 x 1,75 cm
Þyngd: 10 gr.



## iPod nano

8GB / 16GB

**Verð frá: 39.990**



**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Ísland fyrir mannát*

Ég tók mér frí frá að fylgjast með máttlausri rústabjörguninni og spilaði Trivial Pursuit, bæði fyrstu og '95 árgerðina. Þá rifjaðist aðeins upp fyrir mér Gamla Ísland, það land sem ég ólst upp í. Það var áður en siðferðislegt mannát varð viðurkennd hegðun útvalinna.

**GAMLA** góða saklausa sker. Þetta voru einfaldir tímar en fólk fékk samt reglulega eitthvað til að æsa sig yfir og fylgjast með af spenntri innlifun. Flippuð uppátæki listamanna gátu enn þá gert fólk brjálað í skapinu. Nú er öllum drullusama hvað sem flipparar hamast á ríkisstyrktri sundskýlunni. Það brást ekki að nýárskvöldssjónvarpsleikritið fengi smáborgarana til að rífa hár sitt. Það fjallaði yfirleitt um kynóða geðveika konu sem Guðrún Gísladóttir lék. Hrafn Gunnlaugsson leikstýrði og hann var meistari vandlætingarbylgjunnar. Enda vinur Davíðs. Þjóðfélagið logaði auðvitað stafnanna á milli þegar hann áratug síðar reyndi að hrófla við köngulóarvefjunum á RÚV. Ég man að Hrafn var mikið ræddur þegar ég ferðaðist í rútu með hljómsveitinni Ham frá Húsavík. Sigurjón Kjartansson tók sér einn stöðu með Hrafni – hann hlýtur að vera æðislegur fyrst allir hata hann, voru hans rök – og það þrátt fyrir að Hrafn hafði bannað sögufrægt myndband við Hamlagið Trúboðasleikjarinn.

**SKÁLDSÖGUR** skiptu einhverju máli á Gamla landinu. Eldhúsmellur gerði alla brjálaða, hin heilaga húsmóðir þótti eiga betra skilið. Meira að segja kórastarf í kirkju nægði til að þjóðin færi á límingunum. Vikum saman veltist fólk með í erjum séra Flóka og Jóns kórstjóra, smjattandi á safaríkum smáatriðum. Fjárglæframenn voru lítilsháttar miðað við mannætur nútímans. Aðallega mátti finna þessa vafasömu gauka á skemmtistöðum þar sem þeir skiptu ótt og títt um kennitölur, opnuðu stað með nýju nafni í gamla lókalinu og létu ballskuldir frá Grýlunum gufa upp.

**ÞAÐ** tekur á fyrir meðalmanninn að vera brjálaður yfir atburðum líðandi stundar jafnlengi í einu og maður hefur þurft að vera síðan í haust. Ég reyni stundum að taka mér frí en laðast jafnharðan að fréttatímum og bloggi eins og fluga að lampa, alltaf að vonast eftir frétt um að réttlætinu hafi verið fullnægt. Eða bara einhverri smáglætu, einhverju uppbyggilegu. Mikið hlakka ég til þegar þjóðfélagið verður orðið svo heilbrigt aftur að tittlingaskítur nægi til að ég brjálist.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 6. ágúst 2009, 218. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.51 | 13.34 | 22.14 |
| Akureyri | 4.21 | 13.18 | 22.13 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


